



## ML í lögfræði

### Meginreglan um opinbera málsmeðferð

Hvernig hafa dómstólar beitt reglunni um opinbera málsmeðferð í sakamálum? Er tilefni til breytinga?

**September, 2024**

**Nafn nemanda:** Trausti Örn Þórðarson

**Kennitala:** 050590-2409

**Leiðbeinandi:** Hulda María Stefánsdóttir

# Útdráttur

*Meginreglan um opinbera málsmeðferð – Hvernig hafa dómstólar beitt reglunni um opinbera málsmeðferð í sakamálum? er tilefni til breytinga?*

Meginreglan um opinbera málsmeðferð er ein af þeim grundvallarreglum sem gilda um meðferð mála fyrir dómi, sbr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE). Í ritgerð þessari ritgerð er fjallað um áherslu og framkvæmd reglunnar við meðferð sakamála og er nánari útfærsla á reglunni að finna í 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml.).

Reglan felur í sér að þinghöld skulu háð í heyranda hljóði, nema veigamiklar ástæður gefi leyfi til undantekninga, sem sjá má í a-g. liðum 1. mgr. 10. gr. sml. Tilgangur reglunnar er að tryggja réttaröryggi þeirra sem aðild eiga að dómsmálum, sem og að almenningur eigi kost á að fylgjast með störfum dómstóla og þannig veitt dómstólum aðhald. Jafnframt er lögð áhersla á frelsi almennings og fjölmiðla til að greina frá því sem fram kemur í þinghöldum.

Markmið rannsóknarinnar var að svara því hvernig dómstólar hér á landi hafa túlkað regluna og hvort þörf sé á breytingum. Í því skyni var gildandi réttur og framkvæmd hér á landi skoðuð og borin saman við löggjöf og framkvæmd í Danmörku og Noregi. Auk þess var fengið viðhorf dómara, brotþola, sakbornings og fjölmiðlamanns varðandi framkvæmd reglunnar. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að dómstólar virða rétt til opinberrar málsmeðferðar nema í undantekningartilfellum hér á landi. Aftur á móti er tilhneiging til að loka þinghöldum ríkari hér en í samanburðarlöndum. Loks var það niðurstaða höfundar að tilefni væri að festa í sessi reglur til að tryggja enn betur rétt fjölmiðla og brotþola að reglunni.

## **Abstract**

*The principle of public procedure* – How have the courts applied the rule of public procedure in criminal proceedings? Is there a reason for change?

The principle of public proceedings is one of the fundamental rules governing the conduct of court cases, as stipulated in Article 70 of the Constitution of the Republic of Iceland No. 33/1944 and Article 6(1) of the European Convention on Human Rights (ECHR). This thesis discusses the emphasis and application of this rule in the handling of criminal cases, with further elaboration found in Article 10(1) of the Criminal Procedure Act No. 88/2008 (CPA).

The rule stipulates that court proceedings should be open to the public, unless significant reasons justify exceptions, as outlined in subsections a-g. of Article 10(1) of the CPA. The purpose of the rule is to ensure legal certainty for those involved in court cases while also allowing the public to monitor the work of the courts, thus providing oversight. Additionally, it emphasizes the freedom of the public and the media to report on what transpires during court proceedings.

The author's research aimed to examine how courts in Iceland have interpreted this rule and whether there is a need for changes. To achieve this, the current law and its application in Iceland were reviewed and compared with the legislation and practice in Denmark and Norway. Furthermore, the perspectives of a judge, a victim, a defendant, and a journalists on the application of the principle were examined. The research concluded that Icelandic courts generally respect the right to public proceedings, except in exceptional cases. However, there is a stronger tendency to hold closed hearings in Iceland compared to the other countries examined. Finally, the author concluded that there is a need to establish clearer rules to further safeguard the rights of the media and victims concerning the principle.

# Efnisyfirlit

Útdráttur.....	i
Abstract.....	ii
Töfluskra.....	v
Frumheimildaskra .....	vi
Dómaskra.....	viii
<b>1. Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2. Meginreglan um opinbera málsmeðferð .....</b>	<b>3</b>
2.1. Forsaga reglunnar um opinbera málsmeðferð .....	5
2.2. Hlutverk dómara í tengslum við regluna .....	8
2.3. Heimild að halda þinghald í gegnum fjarfundarbúnað .....	9
<b>3. Skörun við mannréttindi .....</b>	<b>14</b>
3.1. Tengsl reglunnar við friðhelgi einkalífs .....	14
3.2. Tengsl reglunnar við tjáningarfrelsi .....	15
3.3. Fjölmíðlaumfjöllun og tjáningarfrelsi fjölmíðla .....	16
<b>4. Frávik frá opinberri málsmeðferð.....</b>	<b>20</b>
4.1. Þinghald er háð utan reglulegs þingstaðar .....	22
4.2. Sakborningur er yngri en 18 ára.....	23
4.3. Hagsmunir málsaðila, vandamanna og annarra .....	24
<b>4.3.1. Sakborningur.....</b>	<b>25</b>
<b>4.3.2. Brotþólar.....</b>	<b>27</b>
<b>4.3.3. Vandamenn og aðrir aðilar.....</b>	<b>29</b>
4.4. Til leyndar hagsmuna í viðskiptum eða samsvarandi aðstöðu .....	31
4.5. Vegna hagsmuna almennings eða öryggis ríkisins.....	31
4.6. Velsæmisástæður .....	32
4.7. Til að halda uppi þingfriði.....	33
4.8. Meðan á rannsókn máls stendur og hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum .....	34
4.9. Vitni gefur skýrslu án þess að þurfa að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr. sml. ....	35
<b>5. Réttur til að krefjast úrskurðar dómara um ákvörðun um lokað þinghald.....</b>	<b>36</b>
5.1. Samantekt.....	39
<b>6. Norrænn réttur.....</b>	<b>40</b>
6.1. Danmörk.....	40
6.2. Noregur .....	45

6.3. Samantekt samanburðarrannsóknar .....	51
<b>7. Eigindleg rannsókn .....</b>	<b>52</b>
7.1. Viðtal við Jónas Jóhannsson dómstjóra Héraðsdóms Reykjaness .....	54
7.2. Viðtal við Freyr Gígja Gunnarsson fjölmiðlamann.....	56
7.3. Viðtal við Bjarka Magnússon fulltrúa frá Afstöðu .....	59
7.4. Viðtal við Guðnýju S. Bjarnadóttur stjórnarformann Hagsmunasamtaka brotþola ....	61
<b>8. Samantekt og niðurstöður .....</b>	<b>65</b>
<b>9. HEIMILDASKRÁ .....</b>	<b>68</b>

# Töfluskrá

Tafla 1 Niðurstaða samantektar .....	39
--------------------------------------	----

# **Frumheimildaskrá**

## **Íslensk lög:**

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, með síðari breytingum nr. 54/2009

Lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 36/1999

Lög um breytingu á lögum um meðferð sakamála (bætt réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda) nr. 61/2022

Lög um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra o.fl.) nr. 53/2024

Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl.) nr. 32/2020

Lög um dómstóla nr. 50/2016

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994

Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Stjórnskipunarlög nr. 97/1995

## **Brottfallin íslensk lög:**

Lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 36/1999

Lög um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936

Lög um meðferð opinberra mála nr. 27/1951

Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991

## **Reglur:**

Reglur dómstólasýslunnar um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla nr. 3/2022

## **Dönsk lög:**

Lov nr. 169 af 05.06.1953 Danmarks Riges Grundlov (Grundlov)

Lov nr. 362 af 02.06.1999 om ændring af retsplejeloven (Styrkelse af samarbejdet mellem retterne og pressen)

Lovbekendtgørelse nr. 250 af 04.03.2024 Retsplejeloven

### **Norsk lög:**

Lov om Kongeriket Noregs grunnlov 17. maí 1814

Lov om domstolene 13. ágúst 1915 nr 5. (domstolloven)

Lov om endringer i straffeprosessloven mv. (styrket stilling for fornærmede og etterlatte) 7. mars 2008 nr. 5

Lov om om rettergangsmåten i straffesaker 22. maí 1981 nr. 25 (Straffeprosessloven)

Ot.prp. (1997-1998) Om lov om endringer i rettergangslovene m.m. (kildevern og offentlighet i rettspleien) 30. apríl 1988 nr. 55

### **Alþingistíðindi:**

Alþt. 1935, A-deild, 943

Alþt. 1939-1940, A-deild, 251-252

Alþt. 1949-1949, A-deild, 68

Alþt. 1950-1951, A-deild, 125

Alþt. 1990-1991, A-deild, þskj. 101 – 98. mál

Alþt. 1994-1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál

Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 482 – 354. mál

Alþt. 2001-2002, A-deild, þskj. 403 – 318. mál

Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál

Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 1243 – 783. mál

Alþt. 2018-2019, A-deild, 783. mál, umsögn Blaðamannafélag Íslands við frumvarpið, erindi nr. P 149/5372

Alþt. 2018-2019, A-deild, 783. mál. umsögn fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar við frumvarpið, erindi nr. P 149/5377

Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1250 – 722. mál

Alþt. 2022-2023, A-deild, þskj. 1453 – 923. mál

Alþt. 2023-2024, A-deild, þskj. 1033 – 691. mál



# Dómaskrá

## Hæstaréttardómar:

Hrd. 21. maí 1993 í máli nr. 67/1993  
Hrd. 13. nóvember 2000 í máli nr. 407/2000  
Hrd. 19. apríl 2002 í máli nr. 179/2002  
Hrd. 22. september 2005 í máli nr. 49/2005  
Hrd. 25. febrúar 2010 í máli nr. 90/2010  
Hrd. 26. ágúst 2010 í máli nr. 507/2010  
Hrd. 28. september 2010 í máli nr. 551/2010  
Hrd. 18. júní 2010 í málum nr. 355-365/2010  
Hrd. 7. desember 2011 í máli nr. 648/2011  
Hrd. 15. nóvember 2012 í máli nr. 69/2012  
Hrd. 24. maí 2012 í máli nr. 353/2012  
Hrd. 8. janúar 2014 í máli nr. 806/2013  
Hrd. 16. júní 2014 í máli nr. 403/2014  
Hrd. 25. nóvember 2014 í máli nr. 749/2014  
Hrd. 1. desember 2014 í málum nr. 763-777/2014

## Landsréttardómar og úrskurðir:

Dómur Landsréttar 26. febrúar 2021 í máli nr. 127/2020  
Dómur Landsréttar 11. júní 2021 í máli nr. 62/2021  
Dómur Landsréttar 24. nóvember 2023 í máli nr. 342/2023  
Dómur Landsréttar 7. júní 2024 í máli nr. 856/2023  
Úrskurður Landsréttar 20. febrúar 2019 í máli nr. 109/2019  
Úrskurður Landsréttar 1. október 2020 nr. 551/2020  
Úrskurður Landsréttar 1. desember 2020 í máli nr. 676/2020  
Úrskurður Landsréttar 12. október 2021 í máli nr. 593/2021  
Úrskurður Landsréttar 20. júní 2023 nr. 455/2023  
Úrskurður Landsréttar 12. janúar 2024 í máli nr. 22/2024

## Héraðsdómar og úrskurðir:

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 28. mars 2012 í máli nr. S-1/2012  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 2023 í máli nr. S-1075/2023

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 21. desember 2010 í máli nr. S-986/2010

**Mannréttindadómstóll Evrópu:**

Albert and Le Compte gegn Belgíu App no. 7299/75; 7496/76 (EctHR, 10. febrúar 1983)

Le Compte, Van Leuven and De Meyre gegn Belgíu App no. 6878/75; 7238/75 (EctHR, 23. júní 1981)

Marcelo Viola g. Ítalíu App nr. 45106/04 (EctHR, 5. október 2006)

**Danskir dómar/úrskurðir:**

Østre landsret U.1977.831/1H

Østre landsret U.2005.2310/1Ø

Østre landsret U. 2011.2864Ø

Højesterets U. 2021.1716

Højesterets U. 2024.297

Vestre Landsret U.2002.1324V

Vestre Landsret U.2004.658V

Vestre Landsret U.2006.2445V

**Norskir dómar og úrskurðir:**

LA-2005-9522 (Adger lagmannsrett)

LA-2015-49110 (Adger lagmannsrett)

LB-2011-145752 (Borgarting lagmannsrett)

LB. 2011-180900 – RG-2011-1340 (Borgarting lagmannsrett)

LB. 2021-18721 (Borgarting lagmannsrett)

LB. 2021-70392 (Borgarting lagmannsrett)

HR. 2017-832-U (Norges Høyesteretts ankeutvalg)

HR. 2019-568-A (Norges Høyesteretts ankeutvalg)

# 1. Inngangur

Þegar kveða á um réttindi og skyldur manna fyrir dómi í sakamálum er stuðst við tíu meginreglur sakamálaréttarfars, í þeim tilgangi að viðkomandi hljóti réttláta málsmeðferð. Eru þær reglur að finna á við og dreif í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008.<sup>1</sup> Þær helstu eru ákærureglan, reglan um að leiða skuli hið sanna í ljós, reglan um jafnræði málsaðila og reglurnar um opinbera, munnlega, milliliðalaus og hraða málsmeðferð. Að auki gilda reglur um sönnun eða milliliðalaus sönnunarfærslu, frjálst sönnunarmat dómstólsins og sönnunarbyrði ákærvaldsins.<sup>2</sup>

Höfundur mun í þessari ritgerð einblína á eina af þessum reglum, eða opinbera málsmeðferð. Um mjög mikilvæga reglu er að ræða í sakamálaréttarfari sem á að tryggja réttindi sakaðs manns. Aftur á móti snertir reglan fleiri en sakborning líkt og höfundur mun fjalla um í ritgerð þessari. Þrátt fyrir þessa reglu er það alkunn víska að ekki eru öll þinghöld háð í heyranda hljóði, þar sem dómara er heimilt að víkja frá reglunni um opinbera málsmeðferð að vissum skilyrðum uppfylltum, sbr. a-g. liða 1. mgr. 10. gr. sml.

Í ritgerð þessari ætlar höfundur því að leitast við að svara hvernig dómstólar hér á landi hafa túlkað regluna um opinbera málsmeðferð í sakamálum og hvort tilefni sé til breytinga. Til að ná því markmiði mun höfundur beita svokallaðri lagalegri rannsóknaraðferð, þar sem rannsakaður verður gildandi réttur hér á landi og hvernig hann hefur verið túlkaður hjá dómstólum landsins. Einnig mun höfundur beita samanburðarrannsókn og eigindlegri rannsóknaraðferð.

Í fyrsta hluta rannsóknarinnar verður gert grein fyrir hvað felst í opinberri málsmeðferð, og forsögu hennar, þá verður stiklað á hlutverki dómara, þar sem þeir hafa heimild til að víkja frá reglunni, einnig verður sérstök áhersla lögð á nýsett lög er heimila að halda þinghald í gegnum fjarfundarbúnað og álitafni því tengdu.

Í þriðja kafla verður farið yfir sérstakan hluta er tekur á álitafnum er varðar friðhelgi einkalífs, tjáningarfrelsis almennings og fjölmiðla. En þau álitafni eru mjög ríkjandi í tengslum við regluna.

Að því loknu mun höfundur í kafla fjögur og fimm fara yfir sjónarmið er tengjast fráviki á opinberri málsmeðferð með áherslu á a-g. liði 1. mgr. 10. gr. sml. til að sýna fram á gildandi rétt og túlkun.

---

<sup>1</sup> Hér eftir sml.

<sup>2</sup> Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars* (2. útg., Úlfjótur 2009) 10–31.

Í kjölfarið á því mun höfundur rannsaka gildandi rétt í Danmörku og Noregi með því fyrir augum að fá samanburð við Ísland. Með þeirri aðferð ætlast höfundur til að sýna fram á hvar íslensk framkvæmd stendur í samanburði við þau lönd.

Því næst mun höfundur taka viðtöl við tvo einstaklinga og leggja fyrir spurningalista á aðra tvo einstaklinga. Með því fyrir augum að varpa fram mismunandi sjónarhornum fólks á reglunni. Allir þátttakendur rannsóknarinnar koma frá mismunandi bakgrunni og er markmið höfundar að ná fram

Að lokum mun höfundur leitast við að draga saman niðurstöður rannsóknarinnar og svara því hvort að tilefni sé til breytinga hér á landi.

## 2. Meginreglan um opinbera málsmeðferð

Í sakamálaréttarfari þykir nú á dögum sjálfsgagt að það sé á ábyrgð ríkisins að upplýsa afbrot og höfða í kjölfarið sakamál. Þar er skorið úr um hvort menn hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi, sem þeim er gefið að sök, og ef sakfelld er þá er viðkomandi ákveðin viðurlög.<sup>3</sup> Í ljósi þeirrar staðreyndar er enn mikilvægara að handhafar ríkisvalds fari ekki fram úr sér og brjóti á rétti borgaranna. Á sama tíma þarf viss jafnvægislist að fara fram, annars vegar að hlúa að því að ríkisvaldið fari ekki offari gegn þeim sem sakamál er höfðað gegn og hins vegar að hendur ríkisvaldsins til að upplýsa afbrot og framfylgja lögum séu ekki of bundnar. Þau tvö sjónarmið hafa mótað meginreglur sakamálaréttarfars og er ein af þeim reglum meginreglan um opinbera málsmeðferð.<sup>4</sup> Áður en lengra er haldið er mikilvægt að átta sig á að reglan um opinbera málsmeðferð tekur aðeins til meðferðar sakamáls fyrir dómi. Hún gildir því ekki þegar um rannsókn máls sem fer að jafnaði fram fyrir luktum dyrum.<sup>5</sup>

Reglan um opinbera málsmeðferð er stjórnarskrárvarin og hana má finna í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. Í ákvæðinu er kveðið á um að dómþing skuli haldið í heyranda hljóði nema dómari ákveðið annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila. Ákvæðið á sér stoð í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu<sup>6</sup> sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994, en þar segir meðal annars að „þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manna í einkamáli, eða sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar“. Síðar í ákvæðinu kemur fram að „banna má fréttamönnum og almenningi aðgangi að réttarhöldum að öllu eða nokkru leiti af siðgæðisástæðum, eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða að svo miklu leiti sem dómstóllinn telur ástæðu til“. Einnig er mælt um það sama í 14. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Að auki er kveðið á um opinbera málsmeðferð í réttarfarsreglum hér á landi, eða í 8. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og 10. gr. sml., þar sem kemur meðal annars fram að þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Því má sjá að reglan er vel styrkt hér á landi.

Markmið reglunnar um opinbera málsmeðferð er tvíþætt, í fyrsta lagi er henni ætlað að tryggja réttaröryggi þeirra, sem aðild eiga að dómsmálum vegna þess að meiri líkur eru á því

---

<sup>3</sup> sama heimild 1.

<sup>4</sup> sama heimild 2.

<sup>5</sup> sama heimild 16.

<sup>6</sup> Hér eftir MSE.

að þeir séu beittir órétti ef þinghöld eru haldin fyrir luktum dyrum.<sup>7</sup> Með þessari aðferð geta því aðilar máls fylgst með því sem fram fer við meðferð þess og heyrt hvaða sjónarmið og sönnunargögn gagnaðilinn kemur fram með, þannig fá aðilar ávallt kost á að koma fram og verjast þeim ásökunum sem á þá eru bornar með andsvörum. Er reglan því nátengd milliliðalausri málsmeðferð og jafnræði aðila í málsmeðferð.<sup>8</sup> Í öðru lagi að almenningur eigi kost á að vita hvað fer fram fyrir dómstólum og geti fylgst með því hvort dómara starfi í reynd eftir lögum.<sup>9</sup> Að auki er heimild fyrir þann sem er viðstaddur réttarhöld að greina opinberlega frá því og túlka það fyrir öðrum, enda er það eðlilegur þáttur í tjáningarfrelsi borgaranna.<sup>10</sup> Með þessari aðferð er dómurum veitt ákveðið aðhald og þannig er tiltrú almennings á réttarkerfinu styrkt. Háleitari rök fyrir opinberri málsmeðferð er einnig bætt þekking á lögum og réttarkerfinu og að stuðlað sé að vel upplýstri og gagnrýninni umfjöllum og umræðum um starfsemi dómstóla. Enn fremur að almennur borgari eigi möguleika á eins greiðum aðgangi og mögulegt er að upplýsingum um starfsemi valdhafa.<sup>11</sup>

Til að ná þessum markmiðum liggur það í augum uppi að málsmeðferð þarf að vera munnleg svo opinber málsmeðferð nái markmiði sínu. Öðrum kosti geta viðstaddir ekki fylgst með réttarhöldum nema að takmörkuðu leiti. Því er ljóst að markmið opinberrar málsmeðferðar missir mark sitt að vissu leiti ef málflytningur er skriflegur. Ef litið er til 3. mgr. 165. gr. sml. kemur fram að dómari ákveður hvort mál verði munnlega flutt eða skriflega. Dómari skal ekki ákveða skriflegan málflytning máls nema aðilar óski eftir því sjálfir og hann telji hættu á því að málið skýrist ekki nægilega með munnlegum málflytningi. Af þessu má leiða að veigamiklar ástæður þurfi að vera til staðar svo vikið sé frá munnlegum málflytningi enda er reglan stór þáttur í opinberri málsmeðferð.

Þá er einnig mikilvægt að birting dómsúrlausna nær einnig til opinberrar málsmeðferðar, enda á meginreglan um opinbera málsmeðferð við á öllum stigum máls, allt frá þingfestingu málsins og þar til að dómur er kveðinn upp. Hefur birting dómsúrlausna því eðlilega verulega þýðingu við mat á því hvað telst gildandi réttur á hverjum tíma.<sup>12</sup> Þau sjónarmið má sjá í reglum dómstólasýslunnar um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla nr. 3/2022 en þar segir í 2. mgr. 1. gr. reglnanna:

---

<sup>7</sup> Eiríkur Tómasson og Kristín Benediktsdóttir, „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“ í Björg Thorarensen ofl. (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2017) 213–216.

<sup>8</sup> Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfan Codex 2008) 270.

<sup>9</sup> sama heimild 70.

<sup>10</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir, *Fjölmiðlaréttur* (Fons juris 2017) 216.

<sup>11</sup> Sigurður Tómas Magnússon, „Opinber málsmeðferð og hlutverk fjölmiðla“ (2005) 27 (2) *Blaðamaðurinn: Félagstíðindi Blaðamannafélags Íslands*. 21, 21.

<sup>12</sup> Róbert Spanó, „Um birtingu dóma og myndatökur í dómhúsum“ (2006) 52 *Tímarit Lögfræðinga* 125, 126.

Útgáfa dómsúrlausna skal miða að því að varpa ljósi á starfsemi dómstólanna og tryggja rétt almennings í lýðræðislegu samfélagi til aðgangs að upplýsingum um réttarframkvæmd. Auk þess er útgáfunni ætlað að styðja við fyrirmæli 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og meginreglu réttarfars um opinbera málsmeðferð sem meðal annars er ætlað að veita dómstólum aðhald og stuðla að því að borgararnir geti treyst því að allir njóti jafnræðis við úrlausn mála fyrir dómstólum.

Ofangreint sýnir að birting dóma hefur í för með sér að almenningur fái innsýn í starfsemi dómstóla og hvernig þeir starfa auk þess að tryggja opinbera málsmeðferð og veita þeim aðhald.

Að því sögðu er mjög sjaldgæft að almenningur fylgist með því sem fram fer fyrir dómi, í eigin persónu, eða leiti sjálf að dómsúrlausnum um gildandi rétt hverju sinni, heldur eru það fjölmiðlar sem að jafnaði veita þessar upplýsingar. Gefur það því augaleið að hlutverk fjölmiðla er mjög mikilvægt. Er því nauðsynlegt að málsmeðferð sé opinber, nema rík rök mæli gegn því.<sup>13</sup> Danska refsiréttarfræðingnum Hurwiz var ljóst árið 1937 að fjölmiðlar gegndu lykilhlutverki í að tryggja að málsmeðferð væri í raun og veru opinber, en á þeim tíma voru aðeins útvarp og prentmiðlar til staðar. Í dag nýtur mun fleiri miðla við og tækniframfarir hafa aukist til muna og í kjölfarið hefur umfjöllun um sakamál aukist mikið á síðustu árum.<sup>14</sup> Því er nauðsynlegt að fjölmiðlar fái tækifæri til að miðla upplýsingum til almennings um rekstur dómsmála og dómsniðurstöður, en slík upplýsingamiðlun er í reynd helsta uppspretta vitneskju sem almenningur hefur um störf dómstóla í landinu.<sup>15</sup> Frásagnir fjölmiðla um dómsmál minnir einnig borgarana á þann veruleika að lögbrot borga sig ekki, því ættu frásagnir fjölmiðla af dómsmálum að hafa viss varnaðaráhrif sem styrkir löghlýðni hins venjulega borgara. Dæmi um það er að fluttar eru fréttir af alvarlegum afbrotum sem leysir úr læðingi félagslega fordæmingu.<sup>16</sup>

## 2.1. Forsaga reglunnar um opinbera málsmeðferð

Réttarfar tákna allar þær réttarreglur sem um meðferð dómsmála gilda, dómsskipan og réttarstöðu málsaðila. Hafa þessar reglur það að markmiði að leyst sé úr álitaefnum réttarfars um efnislegan rétt, eða skyldu, sekt og sakleysi á öruggan og hagkvæman hátt.<sup>17</sup> Eðlilega hafa þessar reglur til viðmiðunar tekið miklum breytingum, sést það einna best á því að í upphafi

<sup>13</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir (n. 10) 213-216.

<sup>14</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 11) 21.

<sup>15</sup> Alpt. 1994-1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál.

<sup>16</sup> Jónatan Þórmundsson, *Opinbert réttarfar / 2*. (2. útgáfa, útgefanda ekki getið 1980) 67.

<sup>17</sup> Jónatan Þórmundsson, *Opinbert réttarfar / 1*. (2. útg., Bóksala stúdenta, 1986) 1.

20. aldar voru ekki til nein heildstæð lög um meðferð dómsmála hér á landi, hvorki einkamála né sakamála, heldur var farið eftir dreifðum lagafyrirmælum og valdboðum sem mörg hver höfðu staðið óbreytt um langa hríð.<sup>18</sup>

Uppruni þess að opinber málsmeðferð kom í íslensk lög má rekja allt til háværrar kröfu um bætt réttarfar í Evrópu á 19. öld þar sem krafan um opinbera málsmeðferð var ofarlega á dagskránni í þeirri baráttu. Reglan átti í upphafi beinlínis þátt í að auka réttaröryggi einstaklinganna, auk þess sem hún dró úr tortryggni gagnvart dómstólum.<sup>19</sup>

Reglan um opinbera málsmeðferð kom fyrst í íslensk lög með lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í 39. gr. laganna kom fram að:

dómþing í þinghúsum og öðrum húsum sem notuð eru til almennings nota, skal heyja í heyranda hljóði, nema aðiljar óski eða dómari telji hentara vegna aðilja, vitna eða almennings hagsmuna, að heyja þing fyrir luktum dyrum og kveður dómari þá upp úrskurð um þessi atriði. Rétt er dómara að vísa almenningi eða einstökum mönnum út úr þingsal, ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriði, eða maður kemur annars ósæmilega fram við dómara eða aðra.

Í athugasemdum við greinina kemur fram að almenn regla sé að dómþing skuli haldið í heyranda hljóði og skuli sú regla verið haldið svo lengi sem húsrúm leyfi. Var þetta sérstaklega áréttað í þeim húsum sem til almenningsþarfa var ætlað. Þó skuli í þeim tilvikum þar sem þinghald fer fram í húsrými sem ekki er ætlað til almenningsnota, t.d. í húsum einstakra manna ekki hafa þessa reglu jafn mikið í heiðri. Einnig er áréttað að dómari hafi lögregluvald tiltækt til tryggingar róar og velsæmis auk þess að mál getur verið þannig vaxið að sjálfsagt sé að heyja þing fyrir luktum dyrum.<sup>20</sup>

Það var svo árið 1939 sem frumvarp til laga um meðferð opinberra mála var lagt fram.

Í 18. gr. frumvarpsins kom fram reglan um opinbera málsmeðferð. Var ákvæðið orðað svo:

Rannsókn opinberra mála fyrir dómi, sókn og vörn og dómsuppsaga fer fram fyrir opnum dyrum, nema dómari eða dómsformaður telji hættu á því, að slík meðferð muni torvela rannsókn málsins eða að velsæmisástæður eða aðrir hagsmunir ríkis eða almennings standi henni í vegi. Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn, svo og að gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar er eða fram fer. Kveður hann þá upp úrskurð um þau atriði.

---

<sup>18</sup> Eiríkur Tómasson, „Var réttarfar á þjóðveldisöld nútímalegt?“ í Garðar Gíslason (ritstj.), *Lindæla: Sigurður Lindal sjötugur 2. júlí 2001* (Hið Íslenska bókmenntafélag 2001) 95

<sup>19</sup> sama heimild 66.

<sup>20</sup> Alþt. 1935, A-deild, 943.



Í athugasemdum um 18. gr. frumvarpsins kom fram að helstu ástæður þess að málsmeðferð skyldi vera háð í heyranda hljóði væri í fyrsta lagi að hlutur sökunauts væri betur tryggður með þeim hætti. Dómari kynni jafnvel að leyfa sér harkalegri meðferð á sökunaut í orði eða verki en sæmandi væri, ef enginn væri til að veita gerðum hans eða orðum eftirtekt. Þó var einnig nefnt að návist almennings gæti haft alvarlega skuggahlið, þar sem sökunautur væri borin sökum með réttu eða röngu og væri hætta á að fljótt yrði komið almenningsorði á viðkomandi sökunaut. Fjölmíðlar gætu jafnvel flutt fregnir og valdið sökunaut og aðstandendum hans miklum þjáningum, því væri mikilvægt fyrir dómara að geta takmarkað aðgang almennings með skynsamlegum rökum. Í öðru lagi var nefnt að návist almennings veiti dómara og ákærvaldi aðhald um hlutdrægni sökunaut í vil. Í þriðja lagi að almenningi sé nokkurt þroskaráð að fylgjast með því sem fram fer á dómþingum. Loks var tekið fram að með þessari aðferð væri hvati kominn fyrir verjanda og sækjanda að sinna starfi sínu af heilindum og vel af hendi. Að auki var tekið fram að nauðsynlegt væri fyrir dómara að hafa heimild til að banna opinbera frásögn frá dómþinginu, t.d. blaðafregnir og myndir frá dómsal.<sup>21</sup> Augljóst er að horft var verulega til þess að bæta réttindi sakbornings, sem væntanlega má ætla að hafi verið vegna tíðarandans á þessum tíma. Frumvarpið var þó ekki samþykkt á þessu þingi. Það varð svo úr að dómsmálaráðherra skipaði þann 23. júní 1947, þá dr. Juris Einar Arnórsson og tvo hæstaréttardómara, til að semja frumvarp til laga um meðferð opinberra mála.<sup>22</sup>

Loks varð úr að lög um meðferð opinberra mála nr. 27/1951 tóku gildi eftir að þau voru lögð fram á Alþingi árið 1950. Töluverðar breytingar var að sjá á þeim lögum, til að mynda í 16. gr. laganna kom fram að málsmeðferð er opinber, nema dómara þyki ástæður þær, er í 2. mgr. segir standa því í vegi, svo er í 2. mgr. kveðið á um að rannsókn fari fram fyrir luktum dyrum og í kjölfarið nefnt undantekningarástæður í a-e. liðum ákvæðisins, sem hljómar svo:

- a) ef dómari telur þess þörf til að leiða sannleikann í ljós, t.d. á frumstigi rannsóknar;
- b) til hlífðar sökunaut, þegar sérstaklega stendur á, eða nánustu vandamönnum hans, vitnum eða öðrum;
- c) ef sökunautur er undir 18 ára aldri;
- d) af velsæmisástæðum eða
- e) annars vegna hagsmuna ríkis eða almennings.

Þá var einnig kveðið á um að dómari gæti bannað að skýra opinberlega frá því sem fram færi við meðferð máls.<sup>23</sup> Sést hér að inn voru settar formlegar undantekningarreglur við rannsókn

---

<sup>21</sup> Alþt. 1939-1940, A-deild, 251-252.

<sup>22</sup> Alþt. 1949-1949, A-deild, 68.

<sup>23</sup> Alþt. 1950-1951, A-deild, 125.

máls, sem mátti teljast skynsöm ákvörðun til að skýra leikreglur dómans betur. Voru þessi lög að grunninum til þau lög sem voru höfð til grundvallar, þar til lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála litu dagsins ljós, sem fól ekki í sér miklar efnislegar breytingar frá lögum nr. 27/1951.<sup>24</sup>

Í ljósi þessara valdheimilda sem dómara hafa við mat á aðstæðum sem leitt geta til lokaðra þinghalda sem dómari hefur verður vikið næst að hlutverki dómara.

## 2.2. Hlutverk dómara í tengslum við regluna

Hlutverk dómara í stjórnskipan ríkisins er mjög mikilvægt, enda eru þeir hluti af þrískiptingu ríkisvalds sbr. 2. gr. stjkskr. þar sem fram kemur að dómendur fari með dómvaldið. Á þetta að tryggja að dómstólar séu sjálfstæðir í störfum sínum til að stuðla að tryggð réttarríkisins.<sup>25</sup> Ósjálfstæði þeirra myndi ganga á stjórnarskrárvarinn rétt hvers einstaklings að geta fengið úrlausn um réttindi sín og skyldur, eða um ákæru eða sök fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli, því verður sjálfstæði dómvaldsins að vera tryggt. Enda þurfa dómstólar að standa vörð um að hvorki framkvæmdarvaldið né aðrir geti haft áhrif á hvernig leyst er úr málum sem eru til meðferðar umfram það sem lög kveða á um.<sup>26</sup> Sérstaklega er þetta mikilvægt nú til dags þar sem sumir vilja meina að sótt hafi verið að meðal annars dómstólum vegna mikillar umræðu á síðastliðnum árum á vettvangi fjölmiðla og samfélagsmiðla í tengslum við #metoo-hreyfinguna og hafa þolendur ofbeldis tjáð óánægju sína á hvernig refsivörslukerfið hefur haldið á þeim málum.<sup>27</sup> Af þeim sökum er mjög mikilvægt að vanda til verka við skipan dómara. Hefur löggjafarvaldið því sett sérstakar hæfisreglur sem dómara þurfa að uppfylla til að hljóta skipun, en í 13., 21. og 29. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016<sup>28</sup> er meðal annars krafist lögfræðimenntunar, dómari sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu og að hann hafi ekki misst fjárræði á búi sínu. Aukinheldur er í III. kafla dml. kveðið á um sérstaka nefnd sem ráðherra skipar til að meta hæfni umsækjanda um dómarastöðu og að lokum leggur ráðherra tillögu fyrir Alþingi um skipun dómara. Því þurfa þeir sem hljóta skipun dómara að vera vandaðir einstaklingar sem átta sig á hlutverki sínu.

Eitt af því sem þeir þurfa að gæta sérstaklega að er að gæta hlutleysis og þurfa þeir að hafa getu til þess á öllum stigum máls. Er það mikilvægt svo málsaðilar hafi fullvissu um að

<sup>24</sup> Alpt. 1990-1991, A-deild, þskj. 101 – 98. mál. Athugasemdir um III. kafla.

<sup>25</sup> Halldóra Þorsteinsdóttir, „Skipan dómara og skilyrðið um stofnun dómstóls með lögum: Landsréttarmálið og sjálfstæði dómvalds“ (2020) 73 Úlfjótur 453, 456.

<sup>26</sup> Sigríður Ingvarsdóttir, „Um dómvaldið faglegt mat á hæfni dómara og hlutverk dómara í réttarríkinu“ (2020) 54 Tímarit lögfræðinga 465, 473.

<sup>27</sup> Valgerður Sólness, „Hlutverk dómstóla í tvöföldu refsivörslukerfi“ (2020) Tímarit lögfræðinga 455, 456-457.

<sup>28</sup> Hér eftir dml.

dómari gangi ekki erinda tiltekinna hagsmuna og eigi þeim hvorki skuld að gjalda né harma að hefna. Aðilar máls eiga að geta treyst því að dómari sýni hvorugum aðila hollustu, velvilja, meðaumkun eða nokkuð slíkt.<sup>29</sup> Hafa þarf þó einnig í huga að niðurstöður úrlausna eru ekki endilega einhlítar þar sem lög geta verið óskýr og visst mat þarf að fara fram hverju sinni. Slíkt á einnig við um umfjöllunarefni ritgerðar þessarar.<sup>30</sup> Þau mál sem reyna á dómstóla er varðar ákvörðun dómara að loka þinghöldum í heild eða hluta, geta valdið miklum deilum og umræðum. Dæmi um slíkt verður farið yfir síðar í ritgerð þessari. Þegar dómari tekur ákvörðun um lokað þinghald þarf hann sérstaklega að gæta að hlutleysi sínu, enda er eitt af markmiðum opinberrar málsmeðferðar að þeir sæti opinni gangrýni og eftirliti almennings og fjölmiðla.

Af þeim sökum er sérstaklega mikilvægt að dómari geti greint á milli eigin skoðana og lögfræðilegs viðfangsefnis sem hann er að eiga við hverju sinni. Hann þarf að hafa getu til að hans eigin persónulegar skoðanir eða sjónarmið sem ekki eru í samræmi við viðurkenndar lögfræðilegar aðferðir og aðrar almennar viðmiðanir ráði niðurstöðu dómsmáls.<sup>31</sup> Enda er í 61. gr. stjkskr. lögð skylda á dómara að dæma einungis eftir lögum.<sup>32</sup> Þetta getur verið vandmeðfarið enda eru dómarar manneskjur en ekki vélar sem hafa ekki innsýn í annað en lagabókstafinn, og erfitt getur verið fyrir þá að gæta fullkomlega að hlutleysi sínu. Er það meðal annars gagnrýni sem fyrrum hæstaréttardómarinn Jón Steinar Gunnlaugsson hefur oft haldið fram. Hefur hann meðal annars gengið svo langt að saka dómara við Hæstarétt að hafa ekki dæmt menn í hinum svokölluðu hrunmálum, eftir lögum, heldur hafi geðþóttaákvörðanir verið látnar ráða.<sup>33</sup> Ekki ætlar höfundur að fullyrða um það en að velja má upp hvort hlutleysi dómara sé best varið ef að mál er flutt í heyranda hljóði. Í næsta kafla verður haldið áfram með umfjöllun er tengist opinberri málsmeðferð.

### **2.3. Heimild að halda þinghald í gegnum fjarfundarbúnað**

Þær reglur sem gilda um opinbera málsmeðferð fela í sér í grunninn að einstaklingar eigi þess kost að sitja og fylgjast með þinghaldi. Þegar reglan var sett á var hugsað að fólk gæti fylgst með í eigin persónu, enda á þeim tíma ekki tækni til annars fyrirkomulags til staðar. Þegar heimsfaraldur kórónuveiru skall á með tilheyrandi samkomutakmörkunum varð aftur á móti að bregðast við. Var því með lögum nr. 32/2020 um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl.) settar á fót

---

<sup>29</sup> Valgerður Sólness (n. 27) 476.

<sup>30</sup> sama heimild 477.

<sup>31</sup> sama heimild 477.

<sup>32</sup> sama heimild 478-479.

<sup>33</sup> Jón Steinar Gunnlaugsson, *Með lognið í fangið: Um afglöp Hæstaréttar eftir hrun* (Almenna bókafélagið 2017) 26.

sérstakar bráðabirgðaheimildir í sml. sem gerði dómara mögulegt að nota fjarfundarbúnað til þinghalda, þar á meðal skýrslutökur af sakborningi, ákærða og vitnum, enda heyrðu allir þau orðaskipti sem fara fram. Voru þessar reglur settar á til að dómstólar gætu haldið áfram að sinna lögbundnum verkefnum sínum þrátt fyrir samkomubann og fjarlægðartakmarkanir.<sup>34</sup>

Vorið 2024 voru þessar reglur festar endanlega í sessi eftir að hafa verið framlengdar í þriggung, með breytingarlögum nr. 53/2024 um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra o.fl.). Var það gert meðal annars vegna misvísandi dómaframkvæmdar um hverjar raunverulegar heimildir dómara væru í þessum efnum. Sérstaklega hafi það átt við 4. mgr. 116. gr. sml., en ákvæðið felur í sér að ef vitni er statt fjarri þingstað eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því að koma fyrir dóm geti dómari ákveðið að taka skýrslu af því á dómþingi í gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem staddir eru á dómþingi heyri orðaskipti við vitnið. Þessari heimild verður þó ekki beitt ef ætla má að úrslit máls geti ráðist af framburði vitnisins. Má af orðalagi ákvæðisins ráða að til að tryggja að fullu réttláta málsmeðferð er ákjósanlegast að vitni sé viðstatt í dómsal. Í **úrskurði Landsréttar 1. október 2020 nr. 551/2020**, var þó staðfest að heimilt væri að taka skýrslu af brotþola sem búsettur var í Bandaríkjunum í gegnum fjarfundarbúnað, vegna þeirra bráðabirgðaheimildar sem var við lýði á þeim tíma. Aftur á móti var í **úrskurði Landsréttar 20. júní 2023 nr. 455/2023** komist að annarri niðurstöðu. Í málinu krafðist brotþoli að gefa skýrslu við aðalmeðferð málsins í fjarfundarbúnaði, þar sem hún væri búsett í Danmörku með tvö ung börn sem hún ætti erfitt með að fara frá. Var þessu hafnað með þeim rökum að þær bráðabirgðareglur sem voru til staðar þegar úrskurðinn féll hefðu verið settar á vegna einstakra aðstæðna í kjölfar kórónuveirufaraldursins. Enn fremur var rökstutt að þær heimildir hefðu í raun veitt dómara víðtækari heimildir en leiddu af 4. mgr. 116. gr. sml. og því væri ekki tilefni til að fallast á kröfu brotþola þar sem slíkt fæli í sér undantekningu frá meginreglu sakamálaréttarfars á milliliðalausri sönnunarfærslu. Má af þessari niðurstöðu leiða að þar sem takmarkanir vegna kórónuveirufaraldursins hafi ekki lengur verið til staðar í heiminum hafi þessi bráðabirgðaheimild ekki átt við í raun, sem skapaði mikla réttaróvissu.

Var því ákveðið að gera langvarandi breytingar á sml. til að veita meðal annars dómstólum meira svigrúm en áður til að ákveða að þinghald, þar með talið skýrslugjafir, færu

---

<sup>34</sup> Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1250 – 722. mál. Athugasemdir um 5. gr.

fram í gegnum fjarfundarbúnað. Ljóst er að gæta þarf verulega að meginreglum um réttláta málsmeðferð sbr. 70. gr. stjkskr. og 6. gr. MSE.<sup>35</sup>

Loks var því þremur nýjum málsgreinum bætt við 9. gr. sml. með því að markmiði að dómari gæti heimilað þátttöku málsaðila í þinghöldum í gegnum fjarfundarbúnað, að því tilskildu að allir sem væru viðstaddir, bæði þeir sem hlut ættu að málsmeðferðinni og almenningur, gætu fylgst með því sem fram færi. Þó er ekki sú krafa lögð á dómara að ávallt sé hægt að fylgjast með þinghaldi bæði í hljóð og mynd, heldur ráðist það af atvikum hverju sinni.<sup>36</sup> Þá er áskilið að vegna meginreglunnar um opinbera málsmeðferð sé dómara ekki gefin heimild að kveða á um að þinghald fari einungis fram í gegnum fjarfundarbúnað, til að mynda þannig að þinghald verði háð á lokuðum fjarfundi sem einungis dómari og málsaðilar hafi aðgang að. Má segja að þetta sé algert lágmark til að tryggja opinbera málsmeðferð. Af því leiðir að málsaðilum og öðrum er ávallt heimilt að mæta í dómsal kjósi þeir svo, jafnvel þó að sumir taki þátt í gegnum fjarfundarbúnað.<sup>37</sup> Eðlilegt er að dómari ráðfæri sig að minnsta kosti við málsaðila um hvort að þeir séu ásáttir um slíka tilhögun áður en þinghald hefst til hægðarauka.<sup>38</sup> Dómara er þó heimilt að kveða á um að þinghald skuli fara fram í gegnum fjarfundarbúnað, þrátt fyrir mótbárur um annað. Um mikilvæg réttindi fyrir ákærða er að ræða hvort hann sækir þing í persónu eða ekki, þurfa því ríkar ástæður að vera til staðar svo sá réttur sé takmarkaður.<sup>39</sup>

Þá er kveðið á um að Dómstólasýslan setji leiðbeinandi reglur um skýrslugjöf fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað í sakamálum. Sem dæmi um þær reglur er æskileg staðsetning skýrslugjafa, og hvaða ráðstafanna væri rétt að grípa til að tryggja réttindi ákærða og annarra skýrslugjafa.<sup>40</sup>

Þar sem þær reglur hafa ekki verið gefnar út þegar ritgerð þessi er skrifuð, hafði höfundur samband með tölvupósti og beindi spurningum til Dómstólasýslunnar. Í svörum Dómstólasýslunnar kom fram að vinna við leiðbeinandi reglur um fjarþinghöld væri á lokametrunum. Auk þess væri gert ráð fyrir að heimildin nái til allra þinghalda og allra málaflokka en ákvörðunarvald væri alltaf hjá dómaranum. Þá kom fram að drög að reglunum hafi verið send á alla dómara landsins, stjórnendur dómstólanna, Dómarafélag Íslands, Embætti ríkissaksóknara, Embætti héraðsaksóknara og Lögmannafélag Íslands. Umsagnir hafi borist

<sup>35</sup> Alpt. A-deild, 2023-2024, þskj. 1033 – 691. mál. Athugasemdir um 3.3. Varanleg heimild til að mæta fyrir dóm sem og gefa skýrslu fyrir dómi og hjá lögreglu í gegnum fjarfundarbúnað.

<sup>36</sup> Alpt. A-deild, 2023-2024, þskj. 1033 – 691. mál. Athugasemdir um 3. gr.

<sup>37</sup> sama heimild.

<sup>38</sup> sama heimild.

<sup>39</sup> sama heimild.

<sup>40</sup> sama heimild.

frá einstökum dómurum, laganefnd LMFÍ og Dómarafélagi Íslands. Þær umsagnir verði aftur á móti ekki birtar eða afhentar. Þau svör sem hafi borist fela þó í sér almenna ánægju með að fest hafi verið í lög heimild til þinghalda í fjarfundarbúnaði.<sup>41</sup>

Þegar reglurnar verða gefnar út verður athyglisvert að sjá hvernig framkvæmdin verður, líklegast er þó að það verði eitthvað í líkingu við leiðbeinandi reglna Evrópuráðsins um notkun fjarfundarbúnaðar við meðferð mála fyrir dómi (e. Guidelines on videoconferencing in judicial proceedings) líkt og nefnt er í lögskýringargögnum að við gerð frumvarpsins hafi verið litið til þeirra reglna.<sup>42</sup> Hafa ber í huga að Evrópuráðið (e. Council of Europe) var stofnað árið 1949 þann 5. maí í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar líkt og Sameinuðu þjóðirnar. Evrópuráðið hefur verið mikilvægur vettvangur fyrir viðleitni ríkja í Evrópu til að koma sér saman um sameiginlega mælikvarða til verndar mannréttindum í álfunni. Ári síðar gerðist Ísland aðili að ráðinu eða þann 7. mars 1950. Evrópuráðið hefur samþykkt fjölda þjóðréttarsamninga og tilmæla um hin margvíslegu mannréttindi en einn mikilvægasti samningurinn sem gerður hefur verið af ráðinu er tvímælalaust MSE.<sup>43</sup> Í leiðbeiningum Evrópuráðsins er veittur rammi um hvernig tilhögun þinghalda skuli fara fram þegar notkun fjarfundarbúnaðar kemur við sögu. Markmið og nauðsyn þessara leiðbeininga er að tryggja að ekki sé grafið undan 6. gr. MSE., eða að réttlát málsmeðferð sé virt.<sup>44</sup> Til að ná þessu markmiði eru listuð upp atriði í leiðbeiningunum sem aðildarríkin þurfa að hafa sérstaklega í huga við notkun fjarfundarbúnaðar fyrir dómi svo ekki sé grafið undan réttlátri málsmeðferð. Hvað varðar opinbera málsmeðferð og upptökur eru leiðbeiningarnar eftirfarandi:

#### Publicity and recording

12) The court should preserve the public nature of remote hearing by creating a comprehensive procedure for public participation. The publicity of the remote hearing can be ensured, for example, by allowing the public to join the remote hearing in real time or uploading the recordings to the court's website.

13) No photographing, recording, broadcasting or any other form of dissemination of any part of the remote hearing (including the audio track) may be made unless previously authorised by the court.<sup>45</sup>

Með þessari aðferð ætti málsmeðferð fyrir sakborning að vera tryggð. Má velta fyrir sér hvort slíkt ætti ekki að verða auðvelt verk fyrir dómstólana, þar sem fyrirmyndir eru til staðar á rás

<sup>41</sup> Dómstólasýslan, tölvupóstur til höfundar (23. september 2024).

<sup>42</sup> Alþt. A-deild, 2023-2024, þskj. 1033 – 691. mál.

<sup>43</sup> Evrópuráðið: <<https://www.stjornarradid.is/sendiskrifstofur/fastanefnd-islands-hja-evropuradinu/evropuradid>> skoðað 13. september 2024.

<sup>44</sup> Council of Europe, „Guidelines on videoconferencing in judicial proceedings“ (Council of Europe 2021) European Commission For the Efficiency of justice (CEPEJ) 7.

<sup>45</sup> sama heimild 13.

Alþingis, þar sem öllum fundum er streymt þaðan og upptökur settar inn að loknum þingfundi. Með að festa í sessi þessar reglur má þó velta fyrir sér hvort að almenningur og fjölmiðlar og eftir atvikum aðrir hópar eigi ekki rétt á því að nálgast þinghaldið stafrænt. Í leiðbeiningum Evrópuráðsins frá 2021 um notkun fjarfundarbúnaðar við meðferð mála fyrir dómi. er m.a. komið inn á að dómstólar ættu að tryggja opinbera málsmeðferð fyrir almenning á fjarfundum með því að almenningur hafi möguleika á að fylgjast með þinghaldi í rauntíma eða með því að hlaða upptökum frá þinghöldum inn á heimasíðu dómstólanna.<sup>46</sup>

Þá er í leiðbeiningunum sérstaklega gerð grein fyrir þremur atriðum sem hafa þarf í huga í sakamálum. Í fyrsta lagi að ákvörðun dómara um að ákærði taki þátt í þinghaldi í fjarfundarbúnaði skuli byggjast á lögmætu markmiði, til dæmis ef það er nauðsynlegt til verndar allsherjarreglu, til verndar heilsu manna, til að firra glæpum og til verndar frelsi, öryggi eða rétti vitna og brotþola til lífs. Auk þess á ákærði þann rétt að geta tekið þátt í þinghaldi, eða að hann eigi rétt á að sjá og heyra aðra þátttakendur og að brugðist verði við tæknilegum örðugleikum sem upp geta komið, auk þess sem dómara er heimilt að setja ákærða á hljóðstillingu ef hann veldur ítrekuðum truflunum en hann þarf að hafa upplýst ákærða um það. Loks þarf að tryggja að ákærði hafi á öllum stigum máls möguleika á njóta aðstoðar verjanda, til dæmis að ráðfæra sig við verjanda í einrúmi og í trúnaði á meðan þinghaldi stendur.<sup>47</sup>

Velta má upp hvort að með lögfestingu þessarar reglna sé verið að fara úr fyrir þá venju að þinghald fari fram í dómsal þar sem allir eru saman komnir. Aftur á móti hefur Mannréttindadómstóll Evrópu<sup>48</sup> tekið á þessu álitaefni áður, eða í **máli nr. 45106/04 Marcelo Viola gegn Ítalíu frá 5. október 2006** þar sem kærandi lét reyna á lögmæti þess að hann hafi ekki fengið að vera viðstaddur þinghöld í máli gegn sér, heldur hafi hann aðeins fengið að fylgjast með í gegnum fjarfundarbúnað. Taldi hann að heimaríki sitt hafi brotið á rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar sbr. 6. gr. MSE. Var litið til þess að heimaríki kæranda hafði haft lögmæt markmið að sjónarmiði, eða að þessi ráðstöfun hafi verið nauðsynleg til að gæta að allsherjarreglu, til að firra glæpum og vernda vitni og brotþola og til að málsmeðferðin hafi getað farið fram innan hæfilegs tíma. Að auki var áréttað að ákærði fékk að fylgjast með þinghöldunum gegn sér í fjarfundarbúnaði, hann hafi séð og heyrt í öðrum inni í dómsal, sem og að hafi heyrst í honum. Enn fremur hafði ákærði haft tækifæri til að ráðfæra sig við verjanda sinn. Af þessu má ráða að ef þinghöld í fjarfundarbúnaði eru rétt úr garði gerð, er ekkert því til

---

<sup>46</sup> sama heimild.

<sup>47</sup> sama heimild 14-16.

<sup>48</sup> Hér eftir MDE.

fyrirstöðu að uppfylla öll skilyrði réttlátar málsmeðferðar, þar með talið að þinghald skuli háð í heyranda hljóði.

### 3. Skörun við mannréttindi

Líkt og farið hefur verið yfir þá er opinber málsmeðferð hluti af réttlátri málsmeðferð og ein helstu réttindi sakaðra manna. Önnur mannréttindaákvæði eða friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi tengjast reglunni um opinbera málsmeðferð einna mest. Því þar vegast á sjónarmið um friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi.<sup>49</sup> Annars vegar friðhelgi málaaðila og aðilum þeim tengdum og réttur almennings og fjölmiðla til að sitja þinghald og tjá sig um það sem fram fer. Vegna þessara réttinda mun höfundur í næstu köflum fara yfir helstu sjónarmið því tengdu.

#### 3.1. Tengsl reglunnar við friðhelgi einkalífs

Það liggur í hlutarins eðli að dómsmál getur verið íþyngjandi og gengið ansi nærri friðhelgi sakbornings þegar málsmeðferð er opin í sakamálum, það sama getur átt við brotaþola, vitni og aðra aðila. Sérstaklega gæti þetta átti við þegar fjallað er um mjög viðkvæmar persónuupplýsingar í alvarlegu sakamáli. *Friðhelgi einkalífs* er þó mjög rúmt hugtak og ótækt er að ná yfir allar hliðar þess. MDE. hefur til að mynda tekið fram að hvorki er mögulegt né nauðsynlegt að skilgreina hugtakið með tæmandi hætti. Það felur þó í sér ákveðinn kjarna, eða að hver maður hefur rétt til að ráða yfir lífi sínu og líkama, og að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Þá fellur líkamlegt og andlegt sjálfræði manns undir vernd sem friðhelgi einkalífs er.<sup>50</sup>

Með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 var mannréttindaákvæði stjskr. um friðhelgi einkalífs breytt verulega til núverandi horfs, með það markmiði að veita sömu réttindi hér á landi og felast í 8. mgr. MSE.<sup>51</sup> Var það gert þar sem áður fyrr var aðeins talað um „friðhelgi heimilisins“ en ekki er vikið sérstaklega að friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.<sup>52</sup>

Hljómar ákvæðið því í dag á eftirfarandi hátt:

Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

<sup>49</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir (n. 10) 138.

<sup>50</sup> sama heimild 119.

<sup>51</sup> sama heimild 111.

<sup>52</sup> Alþt. 1994, A-deild, þskj. 389 – 297. mál. Athugasemdir um 9. gr.



Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Ákvæðið felur því í sér að ríkið skuli forðast einstaka afskipti af einkalífi manna og persónulegum högum nema brýn nauðsyn er til staðar. Það sama á við um að einstaklingar njóti verndar friðhelgi gagnvart hverjum öðrum og öðrum einkaaðilum. Því þarf ríkið að tryggja vernd einstaklinga með löggjöf til verndar innbyrðis samskipta þeirra.<sup>53</sup> Líkt og sjá má í 2. og 3. mgr. 71. gr. stjkskr. Í 2. mgr. ákvæðisins er sérregla sem tengist einkum rannsóknar- og þvingunaraðgerðum lögreglu í tengslum við sakamál og þarf til þess sérstakan dómsúrskurð. Í 3. mgr. er almenn regla um takmarkanir sem falla undir ákvæðið.<sup>54</sup> Þær takmarkanir eru augljóslega að sakaður maður þurfi að þola að mál sé flutt gegn honum í heyranda hljóði sem og að fjallað sé um mál hans í fjölmiðlum. Eðlilegt er að slíkt geti haft í för með sér neikvæð áhrif á líf viðkomandi.<sup>55</sup> Gæta þarf þó að mjög mikilvægu sjónarmiði að ef vegið er að friðhelgi sakaðs manns í tengslum við regluna getur slíkt haft afdrifarík áhrif á aðra aðila, til að mynda brotaþola.

### 3.2. Tengsl reglunnar við tjáningarfrelsi

Tjáningarfrelsi er mikilvægur hluti af opinberri málsmeðferð, enda líkt og farið var yfir í kafla 2. þá felur opinber málsmeðferð í sér að greina frá því sem fram kemur í þinghöldum. Reglan væri nú til lítils ef að strangt bann væri lagt við að greina frá því sem fram fer í þinghöldum.

Með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995, var breytt tjáningarfrelsisákvæði stjkskr. sem finna má í 73. gr. stjkskr., en fram að þeim tíma hafði vantað almennt ákvæði um vernd skoðana- og tjáningarfrelsi á öðru formi en bara prenti.<sup>56</sup> Hljómar ákvæðið svo í dag:

Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

<sup>53</sup> sama heimild.

<sup>54</sup> Björg Thorarensen (n. 8) 294.

<sup>55</sup> Jón Þór Ólafsson, „Um fjölmiðla og refsíakvarðanir“ (2007) *Útljótur* 323, 325-326.

<sup>56</sup> Alþt. 1994-1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál. Athugasemdir um 11. gr.

Til að takmarka tjáningu einstaklinga þarf að hafa fyrir því lagaheimild, líkt og 3. mgr. 73. gr. mælir fyrir um. Sem leiðir að því að ekki má takmarka tjáningarfrelsi og draga menn til ábyrgðar á ákvæðinu einu saman. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur verið slegið föstu að takmarkanir á tjáningarfrelsi þurfa að byggja á lögum, þjóna lögmætu markmiði og vera nauðsynlegar.<sup>57</sup> Því þarf löggjafinn að setja skýrar sérstakar reglur í lögum sem eiga við ákveðnar ástæður eða tilvik hverju sinni.<sup>58</sup> Dæmi um slíkar takmarkanir má finna í 1. mgr. 10. gr. sml. sem dómari getur nýtt til undantekninga á opinberri málsmeðferð sem farið verður yfir í kafla 4. auk 2. mgr. 10. gr. sml. þar sem dómari getur ákveðið við þingfestingu máls að þinghöld skuli vera lokuð.

Þar sem venjan er sú að almenningur fái að jafnaði upplýsingar um sakamál frá fjölmiðlum verður farið í næsta kafla yfir fjölmiðlaumfjöllun og tjáningarfrelsi þeirra, auk sjónarmiða því tengdu.

### 3.3. Fjölmiðlaumfjöllun og tjáningarfrelsi fjölmiðla

Fjölmiðlar spila stórt hlutverk í reglunni um opinbera málsmeðferð líkt og farið var yfir í kafla 2. Þar sem að jafnaði sækja fáir réttarhöld aðrir en fjölmiðlar fyrir utan starfsfólks dómstóla, aðstandendur málsaðila, og námsmenn.<sup>59</sup> Fjölmiðlar hér á landi starfa eftir lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla<sup>60</sup> og er markmið þeirra að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga og fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum, sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi sbr. 1. gr. laganna. Til að ná þessu markmiði er því nauðsynlegt að fjölmiðlar hafi tjáningarfrelsi til að miðla upplýsingum. Ekki er fjallað um fjölmiðla í 73. gr. stjksr., þrátt fyrir það leiki enginn vafi á því að fjölmiðlar og blaðamenn njóta ríkrar verndar tjáningarfrelsisins líkt og sjá má í **Hrd. 16. júní 2014 í máli nr. 403/2014** þar sem segir „fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðisþjóðfélagi og verður að játa blaðamönnum víðtæku frelsi til tjáningar samkvæmt 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar“. Þá er í **Hrd. 15. nóvember 2012 í máli nr. 69/2012** kveðið á um að:

fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Almennur á rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni varða og þurfa sérstaklega ríkar ástæður að vera fyrir því að skerðing á frelsi fjölmiðla geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

<sup>57</sup> Eiríkur Tómasson og Kristín Benediktsdóttir (n. 7) 387.

<sup>58</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir (n. 10) 82.

<sup>59</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 11) 21.

<sup>60</sup> Hér eftir fml.

Því er ljóst að fjölmiðlar spila lykilhlutverk í lýðræðislegu þjóðfélagi og oft hefur verið nefnt að þeir séu „fjórða valdið“, ásamt löggjafar-, framkvæmdar- og dómvaldinu.<sup>61</sup> Í 26. gr. fml. kemur fram að fjölmiðlaveitum sé skylt að hafa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Þrátt fyrir þennan ríka rétt er heimilt að takmarka tjáningarfrelsi þeirra, sem og annara og banna þeim að sitja þinghöld líkt og farið var yfir í kafla 3.6., að auki geta þeir fengið heimild til að sitja þinghald en réttur þeirra til tjáningar er takmarkaður, hvað varðar takmörkun á tjáningarfrelsi þeirra í tengslum við opinbera málsmeðferð má sjá dæmi um það í 1. mgr. 11. gr. sml., en ákvæðið er svohljóðandi:

Óheimilt er öðrum en dómstólum að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Jafnframt er óheimilt að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi eða greina frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá við skýrslutöku meðan á henni stendur. Dómari getur veitt undanþágu frá banni við öllu framangreindu ef sérstaklega stendur á. Ef tekið hefur verið upp hljóð eða teknar myndir í þinghaldi án leyfis dómara er óheimilt að birta þær hljóðupptökur eða myndir. Sama gildir um birtingu hljóð- og myndupptakna af munnlegum framburði sem dómstóll hefur annast.

Um verulegar takmarkanir er að ræða sem fjölmiðlar þurfa að lúta, en ef horft er á orðalag ákvæðisins leiðir bannið ekki af ákvörðun dómara, nema að hann gefi af sérstöku tilefni undanþágu frá banninu. Að meginstefnu til er horft til að bann sé við lýði. Í þessu sambandi er áhugavert að líta til **dóm Landsréttar 24. nóvember 2023 í máli nr. 342/2023 (Stóra kókaínmálið)** þar sem fjölmiðlum var bannað af dómara málsins að greina frá skýrslutökum aðila eða vitna fyrr en þær væru yfirstaðnar að fullu.<sup>62</sup> Heimildin sem dómari byggði á í málinu sneri að 2. málslíð. 1. mgr. 11. gr., en sú heimild kom í lög með breytingarlögum nr. 76/2019 er kvað á um að bannað væri að streyma þinghaldi eða senda úr dómsal samtímaendursögn af skýrslutökum.<sup>63</sup> Upphaflega átti að ganga lengra með breytingunum en eftir að Lögmannafélag Íslands kom með athugasemd um að víðtækt bann á fréttáflutningi úr þinghaldi myndi ganga of nærri reglunni um opinbera málsmeðferð, tók frumvarpið breytingum og takmarkast við yfirstandandi skýrslugjöf.<sup>64</sup> Í kjölfar athugasemda frá meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar var ákvæðinu breytt úr að leggja bann við samtímaendursögn af skýrslutökum, í að leggja bann við að greina frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá á meðan skýrslutöku stendur. Markmið þeirra breytinga sneri að því að skýra hvað fælist í

<sup>61</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir (n. 10) 147.

<sup>62</sup> Kolbeinn Tumi Daðason, „Stóra kókaín-málið sem fjölmiðlar mega alls ekki fjalla um strax“ (*visir.is*, 16. febrúar 2023) <<https://www.visir.is/g/20232378044d/stora-kokain-malid-sem-fjol-midlar-mega-alls-ekki-fjalla-um-strax>> skoðað 14. september 2023. Einnig Dómur Landsréttar 24. nóvember 2023 í máli nr. 342/2023.

<sup>63</sup> Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 1243 – 783. mál. Athugasemdir um 2. gr.

<sup>64</sup> sama heimild.

samtímaendursögn, en meirihlutinn taldi að skilgreina yrði hvað samtímaendursögn þýddi, eða að með banni væri ætlað að setja bann við að greina frá innihaldi upplýsinga úr skýrslugjöf en eftir sem áður væri heimilt að segja frá því hver gæfi skýrslu. Að auki var nefnt í álitinu að ekki er um samtímaendursögn ef að ræða ef frétt er birt þegar skýrslutöku er lokið eða fréttamaður kemur fram í beina útsendingu og greinir frá því sem kom fram.<sup>65</sup>

Þessi breyting var tilkomin til að tryggja að framburður vitnis mengist ekki af framburði annarra vitna sem gefið hafa skýrslu, en það samrýmist 4. mgr. 122. gr. sml., en slíkt getur haft áhrif á úrslit máls. Hætta á slíku getur verið til staðar ef hægt væri að fylgjast með frásögn í beinni útsendingu á vefmiðlum. Var því ætlað með breytingunum að stuðla að réttaröryggi eða að hvert vitni skuli ekki hlýða á önnur vitni áður en það gefur skýrslu.<sup>66</sup> Í umsögn Bláamannafélag Íslands við breytingar á frumvarpinu kom fram að með þessari framkvæmd væri verið að takmarka þá meginreglu sakamálaréttarfars að þinghöld skulu háð í heyranda hljóði.<sup>67</sup> Í umsögn Fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar um frumvarpið komu fram einnig sömu sjónarmið og áréttað að fjölmiðlar væru fulltrúi almennings í þinghöldum og því væri ekki skynsamlegt að setja skorður á upplýsingagjöf til almennings. Var bent á að mikilvægt væri að virða til hins ítrasta regluna um opin réttarhöld, enda ein af meginreglum réttarfars í lýðræðisríkjum.<sup>68</sup>

Ljóst er að þarna vegast á mikilvæg sjónarmið. Annars vegar sjónarmiðið að vitni komi til dóms og gefi skýrslu án þess að vera undir áhrifum frá framburði annara vitna, sem eykur líkur á að hið sanna í málinu komi fram. Hins vegar mikilvægi reglunnar um opinbera málsmeðferð, sem er ein mikilvægasta regla í sakamálaréttarfari að mati höfundar. Ef eina markmiðið væri að tryggja að ná hinu sanna fram í málum og að ein leið til þess væri að vitni gæti ekki á nokkurn hátt megnast af öðrum vitnisburði, væri hættan á að þinghald yrði lokað í öllum málum.

Í fyrrnefndu máli má segja að eðlilegt hafi verið að dómari málsins hafi gert allt til að tryggja réttaröryggi, en á sama tíma höfðu almennigur og fjölmiðlar rétt á að sitja þinghöld málsins. Aftur á móti má velta upp hvort fyrirkomulag með þessum hætti geti skapað hættu á of mikilli skerðingu fyrir tjáningarfrelsi fjölmiðla ef ekki er vandað til verka. Það sem var áhugavert við umrætt mál er að aðalmeðferð hófst 19. janúar 2023, en skýrslutökum lauk ekki fyrr en þann 6. mars sama ár, því liðu meira en sex vikur frá því að heimilt var að greina frá

---

<sup>65</sup> Alpt. 2018-2019, A-deild, þskj. 1676 – 783. mál.

<sup>66</sup> Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, „Hvað er opið þinghald á 21.öldinni?“ (2023) 76 Úlfjótur 102, 107.

<sup>67</sup> Alpt. A-deild, 2018-2019, 783. mál, umsögn Bláamannafélag Íslands við frumvarpið, erindi nr. Þ 149/5372.

<sup>68</sup> Alpt. A-deild, 2018-2019, 783. mál. umsögn fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar við frumvarpið, erindi nr. Þ 149/5377.

einu stærsta fíkniefnamáli Íslands.<sup>69</sup> Upp vöknudu spurningar um tilgang bannsins, þar sem þinghöld voru háð í heyranda hljóði, auk þess sem sakborningar sátu við þinghöldin og heyrðu hvað aðrir sem gáfu skýrslu höfðu að segja.<sup>70</sup> Að öllu því sögðu er ljóst að fjölmiðillinn Vísir fékk nóg og hunsaði fjölmiðlabannið og þann 3. mars 2023 birtu þeir frétt og greindu frá innihaldi skýrslutakanna þegar tveir hollenskir tollverðir áttu eftir að gefa skýrslu fyrir dómi. Er sérstaklega áréttað í fréttinni að ritstjórn Vísis teldi dómara í málinu hafa gengið of langt með að meina fjölmiðlum að greina frá skýrslutökum fyrr en málinu í heild væri lokið, en fjölmiðillinn taldi slíkt vera oftúlkun á lögnum.<sup>71</sup>

Í kjölfarið var fjölmiðillinn Vísir boðaður fyrir dóm þar sem fram kom að til skoðunar væri hjá dómstólum að beita viðurlögum vegna brots á fjölmiðlabanni.<sup>72</sup> En brot á 1. mgr. 11. gr. sætir sektum auk þess sem dómari getur meinað þeim sem brýtur gegn ákvæðinu aðgang að þinghaldi, hvort sem er í sama máli eða öðrum málum sbr. 3. mgr. 11. gr. sml. Aftur á móti ákvað dómari ekki að aðhafast í málinu, þar sem ekki væru forsendur til þess og tilkynnti slíkt með tölvupósti.<sup>73</sup>

Er þetta mjög athyglisvert, og að vissu leiti hvítleitt að ekki hafi gengið úrskurður eða dómur um túlkun ákvæðisins, hjá dómstólum. Í kjölfarið á þessu var lagt fram frumvarp af hálfu þingmanna Viðreisnar á Alþingi til að útiloka allan vafa um að umrædd samtímaendursögn ætti aðeins við þegar aðili, sakborningur eða vitni gæfi skýrslu sína en ekki á meðan skýrslutökur stæðu yfir í lengri tíma.<sup>74</sup> Það frumvarp hefur ekki náð fram að ganga þegar þessi orð eru skrifuð. Það sem er einnig áhugavert hvað þetta álitæfni varðar má sjá í 2. mgr. 11. gr. sml., en ákvæðið er svohljóðandi:

Óheimilt er að skýra frá því sem gerist í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði getur dómari bannað að skýrt verði frá því sem gerist þar ef ætla má að frásögn geti leitt til sakarspjalla eða valdið vandamönnum sakbornings, brotþola eða öðrum sem ekki eru fyrir sökum hafðir þjáningum eða verulegum óþægindum. Ákvörðun um slíkt bann má vera tímabundin. Skal dómari skrá hana í þingbók og kynna hana viðstöddum.

---

<sup>69</sup> Urður Egilsdóttir, „Skýrslutökum lýkur í dag“ (*mbl.is*, 6. mars 2023)

<[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/03/06/skyrslutokum\\_lykur\\_i\\_dag](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/03/06/skyrslutokum_lykur_i_dag)> skoðað 14. september 2024

<sup>70</sup> Kolbeinn Tumi Daðason (n. 62).

<sup>71</sup> Margrét Björk Jónsdóttir, „Segjast allir lítið peð í risastöru kókaínskákinni“ (*visir.is*, 3. mars 2023)

<<https://www.visir.is/g/20232367556d/segjast-allir-litid-ped-i-risastoru-kokainskakinni>> skoðað 14. september 2024.

<sup>72</sup> Sigrún Ingibjörg Gísladóttir (n. 66) 104.

<sup>73</sup> sama heimild.

<sup>74</sup> Alþt. A-deild, 2022-2023, þskj. 1453 – 923. mál.

Við skoðun þess ákvæðis kemur fram að dómari má banna tímabundið umfjöllun um þinghald. Má velta fyrir sér hvort að dómari í málinu hafi frekar átt að nýta sér þessa heimild. Þó er sá munur að bannið sbr. 1. mgr. 11. gr. sml. er almennt og krefst ekki neinnar ákvörðunartöku dómara. Á meðan 2. mgr. sömu gr. er gert ráð fyrir mati dómara.<sup>75</sup> Því má velta upp fyrir sér hvort að dómari hafi verið að reyna að ganga ekki jafn langt að takmarka tjáningarfrelsi fjölmiðla, með því að láta almenna bannið vera við lýði. Þá er áhugavert að í greinargerð með frumvarpinu er áréttað að dómari geti lagi bann við frásögn af því sem fram fer í opnu þinghaldi ef ætla má að af því leiði hættu á sakarspjöllum. Það ætti við til dæmis ef mál er umfangsmikið og skýrslutaka af ákærða og vitnum tæki langan tíma.<sup>76</sup> Með hliðsjón af framangreindri umfjöllun er það mat höfundar að þegar tjáningarfrelsi fjölmiðla er takmarkað, sér í lagi í umsvifamiklum málum, væri heppilegra að bann við umfjöllun yrði tekin miðað við matskenndar aðstæður dómara hverju sinni sbr. 2. mgr. 11. gr., enda er það dómari sem ber ábyrgð á því að upplýsa mál.

Við þetta má bæta að svo virðist vera að 2. mgr. 11. gr. sml., virðist einungis ná utan um þá sem sitja þinghaldið, líkt og sjá má í **Hrd. 25. febrúar 2010 í máli nr. 90/2010** þar sem ákærvaldið krafðist að blaðamönnum yrði gerð réttarfarssekt fyrir að hafa greint frá því sem gerst hafði í lokuðum þinghöldum án leyfis dómara. Í héraðsdómi var sýknað á þeim rökum að umrædd regla ætti aðeins við um þá sem sitja þinghöld, sem fréttamennirnir gerðu ekki. Aftur á móti var málinu vísað frá í dómi Hæstaréttar, með þeim rökum að málsaðilar gætu ekki krafist réttarfarssektar sbr. 222. gr. sml. Af þessu má ráða að fréttamenn megi greina frá upplýsingum úr þinghaldi, þrátt fyrir bann dómara um slíkt, að því tilskyldu að þeir sitji ekki þinghaldið sjálfir.

Þá má bæta við að einnig er heimild til staðar fyrir dómara að leggja bann við opinberri frásögn frá þinghaldi ef hann telur það nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni þá 1. mgr. 10. gr., sbr. 6. mgr. 10. gr. sml. en í næstu köflum verður farið nánar yfir þær undantekningarheimildir sem dómara er heimilt að grípa til sbr. 1. mgr. 10. gr. sml.

## 4. Frávik frá opinberri málsmeðferð

Dómara er heimilt að líta til sérstakra undantekningarsjónarmiða, varðandi regluna um opinbera málsmeðferð. Ef lítið er nánar til 1. mgr. 10. gr. sml. kemur þar fram að dómari getur, þó ákveðið að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings eða brotþola, að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum, að öllu leiti eða að hluta, ef það er háð utan reglulegs

<sup>75</sup> Sigrún Ingibjörg Gísladóttir (n. 66) 106.

<sup>76</sup> Alþt. A-deild, 2007-2008, þskj. 252 – 233. mál. Athugasemdir um 11. gr.

þingstaðar, sakborningur er yngri en 18 ára eða hann telur það nauðsynlegt. Í kjölfarið eru taldar upp undantekningar ákvæðisins í a-g. liðum, og útlistað með nánari hætti heldur en í ákvæðum stjtskr. og MSE. Eru undantekningarnar eftirfarandi:

- a. til hlífðar sakborningi, brotþola, vandamanni þeirra, vitni eða öðrum sem málið varðar,
- b. vegna nauðsynjar sakbornings, brotþola, vitnis eða annars sem málið varðar á því að halda leyndum atriðum varðandi hagsmuni í viðskiptum eða samsvarandi aðstöðu,
- c. vegna hagsmuna almennings eða öryggis ríkisins,
- d. af velsæmisástæðum,
- e. til að halda uppi þingfriði,
- f. meðan á rannsókn máls stendur og hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum,
- g. meðan vitni gefur skýrslu án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr.

Ljóst er að hagsmunir þeirra, sem taldir eru upp í ákvæðinu, geta orðið yfirsterkari hagsmunum borgaranna af opinberri málsmeðferð. Aftur á móti þurfa þessi skilyrði að vera uppfyllt til að hægt sé að loka þinghaldi í heild eða að hluta. Enda eiga málsaðilar ekki heimtingu á því að mál sé háð fyrir luktum eða opnum dyrum.<sup>77</sup> Má líta þar til **MDE Le Compte o.fl. gegn Belgíu frá 23. júní 1981**<sup>78</sup> og **Albert og Le Compte gegn Belgíu frá 10. febrúar 1983**<sup>79</sup> en málavextir voru þeir að belgísk yfirvöld ráku mál fyrir luktum dyrum gegn kærendum sem voru læknar, með þeim rökum að vernda þyrfti einkalíf málsaðila, þá með tilliti til þagnarskyldu þeirra sem lækna. Í dómi MDE er kveðið á ekki voru skilyrði til að reka mál gegn þeim fyrir luktum dyrum þar sem agabrot þeirra vörðuðu hvorki einkalíf aðilanna eða sjúklinga þeirra. Enn fremur var bent á að lækarnir óskuðu ekki eftir afsali á opinberri málsmeðferð, heldur kröfðust þeir þvert á móti að mál gegn þeim yrði rekið í heyranda hljóði.

Gagnstætt sjónarmið má sjá í **máli Hakansson og Sturesson gegn Svíþjóð frá 21. febrúar 1990** þar sem tekið var fram að ekki væri hægt að krefjast afsali á opinberri málsmeðferð ef mikilvægir almannahagsmunir mæltu gegn því. Vissulega þarf að sýna málsaðilum tillitssemi ef mál eru þeim viðkvæm og óheftur aðgangur almennings og fjölmiðla að máli þeirra geti valdið þeim umtalsverðum óþægindum. Því er ljóst að vald dómara getur verið mjög ríkt og vandasamt. Þó ber að árétta að í athugasemdunum við frumvarp sml. kemur fram að um undantekningar sé að ræða og leiðir því ekki sjálfkrafa til takmarkana af þinghaldi

---

<sup>77</sup> Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu* (Orator 1999) 105.

<sup>78</sup> Albert and Le Compte gegn Belgíu App no. 7299/75; 7496/76 (EctHR, 10. febrúar 1983)

<sup>79</sup> Albert and Le Compte gegn Belgíu App no. 7299/75; 7496/76 (EctHR, 10. febrúar 1983)

af tilgreindum ástæðum hverju sinni, heldur þarf dómari að veða og meta aðstæður hverju sinni. Þá þarf hann einnig að vera reiðubúin að rökstyðja sérstaklega ef hann telur ástæðu til að takmarka aðgang að opinberri málsmeðferð og halda þinghald fyrir luktum dyrum.<sup>80</sup> Með þessu sést að dómara hafa visst svigrúm til ákvörðunar um lokað þinghald, en á sama tíma í raun ekki, þar sem mat þeirra þarf að vera innan eðlilega marka. Þess vegna er lögfesting reglunnar um opinbera málsmeðferð mjög mikilvæg í sakamálum. Ef hún væri ekki til staðar væri hættu fyrir hendi að ekki færi fram sjálfstætt mat hverju sinni sem réði hvers vegna þinghald væri lokað eða ekki. Mikilvægt er þó að þær undantekningarheimildir sem dómari hefur í 1. mgr. 10. gr. sml. eru einnig tengdar við 2. mgr. sama ákvæðis, þar sem fram kemur að dómara sé heimilt að ákveða í eitt skipti fyrir öll við þingfestingu máls að öll þinghöld í málinu skuli vera lokað. Í athugasemdum frumvarpsins að sml. kemur fram að um nýmæli sé að ræða og er það gert meðal annars í hagræðingarskyni, því sum mál eru þess eðlis að þau eru að jafnaði háð fyrir luktum dyrum í t.d. kynferðisbrotamálum þar sem börn eru brotþolar.<sup>81</sup> Í næstu köflum verður farið yfir þær undantekningar sem 1. mgr. 10. gr. sml. hefur að geyma.

#### **4.1. Þinghald er háð utan reglulegs þingstaðar**

Að dómþing skuli háð á föstum þingstað er mikilvæg regla enda eðlilegt að sakborningur og brotþoli geti sótt mál sitt með tiltölulega auðveldum hætti. Að auki er réttur almennings að fylgjast með þinghaldi ríkur og því er eðlilegt að aðrir en málsaðilar geti vitað hvar búast má við staðsetningu þinghalds og að það sé á föstum stað. Sú regla er að finna í 1. mgr. 36. gr. dml. þar kemur fram að héraðsdómstóll skuli hafa fastan þingstað á aðsetri sínu, svo og annars í hverri þinghá samkvæmt ákvörðun ráðherra. Auk þess sem að í 9. gr. sml. er því slegið föstu að dómþing skulu haldin á föstum þingstöðum. Því er sú heimild dómara að loka þinghaldi að hluta eða að öllu leiti ef það er háð utan reglulegs þingstaðar, sbr. 1. mgr. 10. gr. sml, kannski skiljanlegri en undir venjulegum kringumstæðum, enda geta verið ýmsar ástæður fyrir því að halda þinghald ekki á reglulegum þingstað. Þá kemur fram í 2. mgr. 36. gr. dml. að héraðsdómari hefur þann rétt ef það þykir heppilegra vegna rekstrar þess. Ef litið er til 2. málsl. 9. gr. sml. er þessi regla útfærð enn betur, þar kemur fram að dómþing skuli heyja á öðrum stað ef það þykir heppilegra, svo sem í fangelsi eða á sjúkrahúsi ef taka á skýrslu af manni sem er þar staddur. Nýlegt dæmi um slíka ráðstöfun þegar þessi ritgerð er skrifuð má sjá í **Héraðsdómi Reykjavíkur frá 22. nóvember 2023 í máli nr. S-1075/2023** þar sem ákveðið var að aðalmeðferð málsins skyldi fara fram í veislusal veitingahússins Gullhömrum í Grafarholti. Var

<sup>80</sup> Alþt. 2007-2008, þskj. 252 – 233. mál. Athugasemdir við 10. gr., mgr. 1.

<sup>81</sup> sama heimild.



það gert vegna fjölda sakborninga, en þeir voru alls 25. Þótti ljóst að enginn dómsalur innanhúss myndi rýma alla aðila máls, en meðal annars hafði þingfesting farið fram í fjórum hlutum.<sup>82</sup> Að auki er sérstaklega mælt fyrir í 2. málslíð. 9. gr. sml. að ef brotþoli eða vitni hefur ekki náð 15 ára aldri geti dómari ákveðið að taka skýrslu af því í sérútbúnu húsnæði, þ.e.a.s. öðrum stað en í dómhúsi, til dæmis aðstöðu sem er fyrir hendi í svonefndu Barnahúsi. Dæmi um það má sjá í **Héraðsdómi Vesturlands 28. mars 2012 í máli nr. S-1/2012** og **dómi Landsréttar 26. febrúar 2021 í máli nr. 127/2020** en í báðum þessum málum var ákært fyrir kynferðisbrot gegn börnum og skýrslutaka fór fram í Barnahúsi. Virðast ein helstu rökin fyrir því að víkja frá reglulegum þingstað því vera ef veigamiklar ástæður séu fyrir því, og til að vernda sakborning og brotþola. Þarf dómari við ákvörðun hvað þetta varðar að horfa sérstaklega til hagsmuna barnsins, sbr. 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 3. gr. laga nr. 19/2013 um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Einnig er eðlilegt að dómari leiti eftir afstöðu barnsins eða forsjáradila þess um hvar best væri að skýrslutaka færi fram, með því er tekið tillit til hagsmuna barnsins og hvað það treystir sér til, skal því hafa 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga til hliðsjónar hvað það varðar. Er þar meðal annars kveðið á um að tryggja barni sem getur myndað sér eigin skoðanir rétt til að láta þær í ljós við meðferð máls og hins vegar að barn skuli hafa kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess.<sup>83</sup> Í ljósi þess að sakhæfisaldur á Íslandi er 15 ár, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940<sup>84</sup> er með þessu vissu samræmi og sanngirni gætt á milli málsaðila.

## 4.2. Sakborningur er yngri en 18 ára

Dómari getur ákveðið að loka þinghaldi þegar sakborningur er yngri en 18 ára gamall, sbr. 1. mgr. 10. gr. sml. Að vissu leiti er það athyglisvert í ljósi þess að sakhæfisaldur miðar við 15 ár. Horfa þarf þó til að víðs vegar í löggjöf eru heimildir til að vernda börn. Sem dæmi má sjá í 2. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga kemur fram að þinghöld skulu háð fyrir luktum dyrum til hlífðar aðilum máls enda um viðkvæmt einkamálefni að ræða. Skal þó athuga að þær reglur eiga við um við málsmeðferð í einkamálum en ekki sakamálum.<sup>85</sup> Markmið með þessu er þó hið sama, eða til hlífðar málsaðilum og þar af leiðandi einnig sakborningum. Í raun ætti að vera um eðlilega kröfu að ræða, enda er megináherslan lögð á að hlífa einstaklingi sem er svo ungur að árum enda oftast en ekki fjallað um viðkvæm málefni sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynd

---

<sup>82</sup> Árni Sæberg, „Aðalmeðferð í Bankastræti Clubmalinu fer fram í veislusal“ (*visir.is*, 9. júní 2023) <<https://www.visir.is/g/20232426153d/adalmedferd-i-bankastræti-club-malinu-fer-fram-i-veislusal>> skoðað 13. september 2024.

<sup>83</sup> Alþt. 2007-2008, þskj. 252 – 233. mál. Athugasemdir við 9. gr.

<sup>84</sup> Hér eftir hgl.

<sup>85</sup> Alþt. 2001-2002. þskj. 403 – 318. mál. Athugasemdir við 54. gr.

fari um. Þá er í ákvæði 1. mgr. 58. gr. sömu barnaverndarlaga kveðið á um að um að ekki megi skýra frá máli á nokkurn hátt því sem fram hefur komið í máli án leyfis dómara, að auki skuli afmá nöfn málsaðila og aðrar upplýsingar sem bent geta til þess hverjir aðilar séu eða hvaða barn mál varði, sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

Það sama á við um sakamál þar sem ýmis ákvæði er að finna í íslenskri löggjöf til verndar brotamönnum. Er þetta eðlileg krafa enda er viðurkennt að börn sem sýna af sér frávíkshæðun geta fengið á sig stimpil sem vandræðaunglingar. Getur slíkt haft áhrif á framtíðarhorfur ungra brotamanna, dæmi um það eru skert atvinnutækifæri ef mannorð þeirra er skemmt vegna afbrota sem börn.<sup>86</sup> Má því túlka ákvæðin sem vernda börn sem brjóta af sér á þann veg að þau skuli koma í veg fyrir eða að minnsta kosti minnka líkur á að börn sem hafa brotið af sér fái á sig stimplun frá samfélaginu.<sup>87</sup> Ljóst er að loka þinghaldi er líklegast ein veigamesta reglan til að koma í veg fyrir það til verndar ungum sakborningum. Auk þess er einnig mikilvægt að afmá nafn við birtingu við útgáfu dóms, líkt og sjá má í 1. mgr. 9. gr. reglna dómstólasýslunar nr. 3/2022, þar sem sérstaklega er tekið fram að við útgáfu dóma í sakamálum skal gæta nafnleyndar um þá sem þar eru greindir, þó ekki um ákærða nema hann hafi ekki náð 18 ára aldri þegar brot var framið.

Má þó velja fyrir sér hvort að á einhverjum tímamarki gætu almannahagsmunir verið rétthærri heldur en aldur sakbornings. Sem dæmi má nefna að tvö manndraps mál, hafa verið haldin fyrir lokuðum dyrum vegna ungs aldurs sakbornings, annað þeirra nýlegt eða **dómur Landsréttar 7. júní 2024 í máli nr. 856/2023 (Fjarðarkaupsmál)** þar sem sakborningar voru allir undir lögaldri, á verknaðarstundu.<sup>88</sup>

### 4.3. Hagsmunir málsaðila, vandamanna og annarra

Dómari hefur heimild til að loka þinghöldum í heild eða hluta til hlífðar aðilum máls, eða þeim sem þeim tengjast í víðara samhengi. Hefur höfundur við dómarrannsókn komist að því að flestir úrskurðir hafi gengið um þetta efni, enda verið að skera úr um kröfu frá aðilum sem tengjast málinu hvað mest. Í næstu köflum verður farið yfir helstu sjónarmið hvað varðar.

---

<sup>86</sup> Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Fjölmíðlar og ungir afbrotamenn í ljósi stimplunarkenninga afbrotafræðinnar“ í Ragnheiður Bragadóttir o.fl. (ritnefnd.), *Afmælisrit Jónatan Þórmundsson sjötugur 19. desember 2007* (Bókaútgáfan Codex 2007) 518.

<sup>87</sup> sama heimild. 519

<sup>88</sup> „Fá fordæmi fyrir lokuðu þinghaldi í manndrapsmáli“ (*mbl.is* 3. ágúst 2023) <[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/08/03/fa\\_fordaemi\\_fyrir\\_lokudu\\_thinghaldi\\_i\\_manndrapsmali](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/08/03/fa_fordaemi_fyrir_lokudu_thinghaldi_i_manndrapsmali)> skoðað 27. ágúst 2024.

### 4.3.1. Sakborningur

Í dómaframkvæmd virðist svo vera að dómara hafi sýnt í verki tregðu að loka ekki þinghöldum í heild eða hluta líkt og sjá má í **Hrd. 19. apríl í máli nr. 179/2002** þar sem sakborningur hafði játað við þingfestingu manndráp og að hafa í tölvu sinni barnaníðsefni af börnum. Fór hann þess á leit að þinghald myndi fara fram fyrir luktum dyrum. Hæstiréttur hafnaði kröfu sakbornings og staðfesti héraðsdóm með vísan til forsenda hans. Í héraðsdómi má sjá skýra stefnu hjá dómara málsins, en hann sagði meðal annars:

Ljóst er að réttarhöld eins og þau sem fyrir dyrum standa í málinu hljóta yfirleitt að vera þungbær fyrir sakborning og vafalaust er að ákærði kvíðir því að þurfa að sæta því að þau fari fram í heyranda hljóði. Á hinn bóginn er til þess að líta að sakborningar verða almennt að þurfa að þola það að fjallað sé fyrri opnum tjöldum um sakir sem á þá eru bornar og eins til þess að hagsmunir almennings, og um leið sakborninga sjálfra, af því að rekstur sakamála fari fram fyrir opnum tjöldum, eru mjög ríkir og þeim mun ríkari sem sakimar eru meiri.

Því mætti telja að augljóst væri að túlka yrði þær undantekningarreglur sem í ákvæðinu felast þröngt og þarf margt að koma til svo að undantekningar séu veittar, líkt og sjá má í niðurstöðu **úrskurðar Landsréttar 1. desember 2020 í máli nr. 676/2020** þar sem sakborningur var sakaður um manndráp og tilraun til manndráps. Verjandi sakbornings óskaði eftir að þinghöld í máli ákærvaldsins gegn honum yrðu háð fyrir luktum dyrum á meðan hann og geðlæknar gæfu skýrslu við aðalmeðferð málsins. Þeirri kröfu var hafnað með þeim rökum að umrædda undantekningarreglu yrði að skýra þröngt og þó opin þinghöld í dómsmálum væru yfirleitt þungbær fyrir ákærða og aðra þá sem málið varðar í sakamálum, þá sé það eitt og sér ekki nóg til að víkja frá þessari undantekningarreglu. Sama sjónarmið má sjá í **úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 21. desember 2010 í máli nr. S-986/2010 (Gunnar Rúnar)** þar sem ákærði játaði á sig morð við þingfestingu málsins, auk þess óskaði hann eftir lokuðum þinghöldum í málinu. Á þeim tímapunkti lá fyrir samkvæmt geðrannsókn matsmanna að ákærði hafi verið óhæfur gjörða sinna vegna svæsins geðrofs. Aftur á móti var kröfu sakbornings hafnað með vísan í ríkan rétt almennings að geta fylgst með réttarhöldunum og að fjölskylda hins látna krafðist þess eindregið að málsmeðferðin yrði opinber. Athyglisvert er að ekki var tekið undir kröfu ákærða þrátt fyrir að hann hafi játað verknaðinn og að geðrannsókn lægi fyrir að hann hafi verið ófær um gjörðir sínar. Enn eitt dæmið um að verulega mikið þarf að koma til svo þinghöldum sé lokað hjá sakborningi eins og sjá má í **Hrd. 7. desember 2011 í máli nr. 648/2011** þar sem ákærða krafðist þess að loka þinghöldum í máli gegn sér þar sem það yrði henni afar þungbært að fjölmiðlar fjölluðu um málið, en hún var sökuð um að hafa banað

nýfæddu barni sínu, auk þess að slík umfjöllun gæti valdið henni vandræðum á vinnustað, en ákærða neitaði sök. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að skýra bæri regluna þröngt um að loka þinghöldum og ríkar ástæður yrðu að vera til staðar til að þinghöld þyrftu að vera til staðar að víkja frá meginreglunni um að þinghöld í sakamálum væru opin.

Í dómaframkvæmd virðist því vera reynt eftir fremsta megni að hafa þinghald opið og sjónarmiðum sakbornings hafnað en ef sjónarmið sakbornings er tekið til greina að þá virðist vera tilhneiging til að loka þinghaldi ekki að fullu heldur að hluta, dæmi um það má sjá í **Hrd. 28. september í máli nr. 551/2010 (Hrd. 551/2021)** þar sem sakborningur var sökuð um að hafa ráðist gegn valdstjórninni með brjóstahaldara sínum. Kvaðst sakborningur það vera neyðarlegt fyrir sig og tvö börn hennar ef þinghöld yrðu opin þar sem hún hafi verið drukkin og í uppnámi, auk þess sem fjölmiðlar hafi veitt málinu eftirtekt og flutt fréttir um það. Í héraðsdómi krafðist sakborningur að þinghöld yrði lokað í heild sem var hafnað en í Hæstarétti krafðist sakborningur til vara að lokað yrði dyrum þegar sýnd væru myndbönd af henni sem sýndi nekt hennar. Var fallist á varakröfuna fyrir Hæstarétti. Ef þessir dómur eru bornir saman þá þótti ástæða til að loka þinghaldi að hluta þegar myndband af sakborningi í uppnámi var sýnt frekar en að þinghöld væru opin þegar fjallað væri um mun alvarlegri ákærur gegn hinum sakborningum. Má velja fyrir sér hvort að ástæðan sé alvarleiki þeirra brota sem um ræðir hverju sinni sem hafi mestu áhrifin en ef hugsað er einungis um undantekningarheimildina sem felur í sér heimild dómara að loka þinghaldi að hluta eða í heild til hlífðar sakborningi, vakna upp spurningar hvort skaði sakborning í raun meira.

Mikilvægt er þó að áréttu að ekki er algilt að beiðni sakbornings um lokað þinghöld sé hafnað. Athyglisvert mál hvað það varðar má sjá í **dómi Landsréttar 11. júní 2021 í máli nr. 62/2021 (Sandgerðismál)** þar sem þinghöld í málinu voru lokað eftir að dómari samþykkti beiðni verjanda ákærða, en hann var sakaður um að deyða eiginkonu sína.<sup>89</sup> Ekki var krafist úrskurðar um rökstuðnings dómans, en slíkt hefði verið lærdómsríkt að mati höfundar. Sér í lagi með vísan í hvað var talið réttlæta lokað þinghöld í því máli, frekar en í hinum fjórum morðmálunum sem farið hefur verið yfir í þessum kafla.

Verður nú næst vikið að sjónarmiðum tengdum brotaþolum.

---

<sup>89</sup> „Lokað þinghald í manndrápsmáli í Sandgerði“ (*mbl.is* 3. júlí 2020) <[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/07/03/lokad\\_thinghald\\_i\\_manndrapsmali\\_i\\_sandgerdi](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/07/03/lokad_thinghald_i_manndrapsmali_i_sandgerdi)> skoðað 22. september 2024.

### 4.3.2. Brotapolar

Hafa þarf í huga varðandi ákvörðun dómara um að loka þinghaldi tengt brotapolum að mikil breyting hefur orðið á réttarstöðu þeirra sem áhrif geta haft á ákvörðun dómara. Sem dæmi má nefna að með lögum nr. 36/1999, var gerð breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, með það beinlínis að markmiði að styrkja stöðu brotþola. Hluti þeirra breytinga var að orðalag þágildandi ákvæðis um heimild dómara að loka þinghaldi í heild eða hluta var breytt með þeim hætti að brotþolar voru taldir upp á undan öðrum vitnum í málinu, með því markmiði að gera þeim hærra undir höfði. Auk þess var heimild sett á að þeir sem sættu sig ekki við ákvörðun dómara um hvort þinghald væri lokað eða ekki gætu krafist rökstudds úrskurðar um þann ráðahag, með því brotþolar sem og aðrir féllu undir það.<sup>90</sup> Er það ákvæði að sjá í 2. mgr. 10. gr. sml. í dag. Við dómaframkvæmd virðist venja hafa skapast að þinghald er mestmegnis lokað í kynferðisbrotamálum og sérstaklega þar sem börn eru þolendur.<sup>91</sup> Hefur almennt séð ekki verið mikil óánægja með það fyrirkomulag, enda viðkvæmur málaflokkur. Höfundur veltir þó fyrir sér hvort slíkt mætti eiga við um aðra brotaflokk, til dæmis mjög viðkvæm heimilisofbeldismál.

Þau mál sem hafa vakið hvað einna mestu athygli um lokað þinghald tengt kynferðisbrotum eru dómur í hinum svokölluðu vændismálum hin fyrri og síðari, vegna brots hóps manna gegn 1. mgr. 206. gr. hgl., eða að greiða fyrir vændi. Voru málin sameinuð sem hin fyrri **Hrd. 18. júní 2010 í málum nr. 355-365/2010** og hin síðari, sem sameinuð voru sömuleiðis undir **Hrd. 1. desember 2014 í málum nr. 763-777/2014**. Í þessum málum hafði héraðsdómur tekið ákvörðun um að þinghöld málanna skyldu vera háð fyrir luktum dyrum. Í málunum var á grundvelli 2. mgr. 10. gr. sml. krafist að beiðni annara en þeim sem ná undir a-lið. 1. mgr. 10. gr. sml. að þinghald yrði opið, en betur verður gerð grein fyrir því álitaefni hverjir aðrir geti krafist opinna málsmeðferðar í kafla. 5.

Snerust málin um að aflétta skyldi þeirri ákvörðun að hafa lokað þinghöld þar sem forsendur um undantekningar á 10. gr. sml. ætti ekki við. Í vændismálum var ákveðið að loka þinghöldum á grundvelli a. og d. liðar. 1. mgr. 10. gr. sml. Í hinum fyrri og síðari málum var því haldið fram að þessar undantekningar ættu ekki við frekar en í líkamsárásar- og fíkniefnamálum og að kaupendur vændis ættu ekki að njóta meiri friðhelgi en aðrir meintir brotamenn. Í hinum fyrri málum var þessu hafnað með þeim rökum að í málinu væri fjallað um viðkvæmt málefni ákærðu og stúlkanna sem þeir væru sakaðir um að hafa keypt vændi af og

---

<sup>90</sup> Alþt. 1998-1999, þskj. 482 – 354. mál. Athugasemdir við 1. gr.

<sup>91</sup> Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyranda hljóði. Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 Úlfjótur 183, 193.

Því ættu undantekningarnar við í málinu. Í hinum síðari málum ákvað héraðsdómari að loka þinghöldunum á grunni sömu ákvæða. Má velja því upp hvort að sú skýring hafi verið nægileg að það eitt að loka þinghöldum byggji á því að fjallað sé um viðkvæmt málefni ákærðu og stúlkanna. Líkt og farið hefur verið yfir hefur dómaframkvæmd verið á þá vegu að mikið þarf til að koma svo þinghaldi sé lokað í heild eða hluta þegar kemur að sakborningi. Oft er lagt til grundvallar að þó það sé ákærða þungbært að þinghöld séu opin að þá nægi það eitt og sér ekki til að víkja frá reglunni um opinbera málsmeðferð. Hugsanlega var ástæðan fyrir þessum ráðahag í vændiskaupamálunum að almennt séð er lítið mjög niður á kaupendur vændis og á þessum tíma var mikil fjölmiðlaumfjöllun um málin, sem gæti hafa falið í sér auka refsingu í formi álitshnekki, en sambærileg refsing í öðrum málum. Þá má velja fyrir sér hvort leitað hafi verið eftir afstöðu brotþola í málunum, að minnsta kosti kemur það ekki fram í úrskurðunum. Í öllu falli hefði að minnsta kosti verið eðlilegra að dómari hefði útskýrt afstöðu sína betur hvað varðar sakborninga í málunum, hvað sem því líður er þó líklegra að það sem hafi aðallega ráðið úrslitum er að vændi flokkast undir kynferðisbrot og venjan er sú að þess háttar mál séu háð fyrir luktum dyrum til verndar brotþola.

Aftur á móti er til dæmi um mál hér á landi þar sem vikið var frá almennu reglunni um að kynferðisbrotamál séu háð fyrir luktum dyrum, en það má sjá í **úrskurði Landsréttar 12. október í máli nr. 593/2021. (Stjórnunuddari)** Hafði ákærði verið sakfelldur í héraðsdómi fyrir nauðgun með því að hafa haft önnur kynferðismök en samræði við A án hennar samþykkis. Í kjölfarið hafi fréttuumfjöllun um mál hans verið umfangsmikil. Bar sakborningur því við að opin þinghöld fyrir Landsrétti myndi leiða til frekari umfjöllunar fjölmiðla, sem myndi reynast sakborningi og fjölskyldu hans afar þungbært, auk þess sem að nöfn vitna í málinu yrðu gerð opinber. Áhugavert er að í niðurstöðu málsins er lítið til þess að algengt er að þinghöld séu háð fyrir luktum dyrum í kynferðisbrotamálum og þá í flestum tilvikum til hlífðar brotþolum og þá sérstaklega þeim sem eru ungir að árum. Í þessu máli var aftur á móti bent á að þinghöld hafi fram að þessu verið háð fyrir opnum dyrum, auk þess sem að brotþoli hafi mótmælt kröfu sakbornings um að mál fari fram fyrir luktum dyrum. Þess ber að geta að fyrir þingfestingu málsins í héraði hafði brotþoli komið á framfæri að hann færi ekki fram á að þinghöld í málinu yrðu háð fyrir luktum dyrum. Af þessu má draga þá ályktun að vilji brotþola geti skipt sköpum og haft mikil áhrif á ákvörðun um lokuð eða opin þinghöld. Má því segja að í úrskurði Landsréttar hafi ekki verið lítið til mögulegra áhrifa sem slíkt dómsmál gæti haft á velferð brotþola á seinni stigum, heldur horft til vilja brotþola á þeim tiltekna tíma. Í tilefni af framangreindri umfjöllun er vert að nefna mál sem er í aðalmeðferð í Frakklandi þegar þessi orð eru skrifuð. Í málinu er 71 árs karlmaður sakaður um að hafa byrjað eiginkonu sinni til 50

ára um árabíl og leyft að minnsta kosti 72 mönnum að brjóta kynferðislega á henni. Athyglisvert er að í því máli óskaði brotþoli sérstaklega eftir því að þinghöld málsins yrðu háð í heyranda hljóði, á þeim rökum að ákærðu í málinu hafi viljað að aðalmeðferð færi fram fyrir luktum dyrum.<sup>92</sup> Ljóst er því að afstaða brotþola skiptir verulegu máli.

Velta má fyrir sér hvort þessi nálgun gæti opnað dyr að vissum siðferðislegum vandamálum, annars vegar að brotþoli geti fylgst með máli sér tengdu eins og honum sýnist ef hann krefst svo, eða hins vegar að með þessu sé brotþoli kominn með visst vopn í hendurnar í hefningjörnum tilgangi til að augin fjölmiðlaumfjöllun verði til staðar gagnvart ákærða. Ekki ætlar höfundur að fullyrða um það en ljóst er að slík hætta gæti verið til staðar. Aftur á móti þarf dómari að líta til sakargagna málsins og meta hverju sinni, hvort að rök fyrir opnum þinghöldum í málum gegn sakborningum séu það þungbær að ástæða sé til að loka þinghöldum.

Kannski eru þessar vangaveltur óþarfar hér á landi þar sem að með lögum nr. 61/2022 um breytingu á lögum um meðferð sakamála (bætt réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda) var sett inn ný málsgrein í sml. eða 3. mgr. 10. gr. sml. þar sem fram kemur að brotþola og fyrirsvarsmanni hans er ávallt heimilt að vera viðstaddur lokað þinghald eða fylgjast með lokuðu þinghaldi í gegnum fjarfundarbúnað. Athyglisvert verður hvernig dómaframkvæmd muni þróast í kjölfar laganna á þann hátt að afstaða brotþola hafi jafn mikil áhrif við ákvörðun eins og í fyrrgreindum úrskurði.

Verður nú næst vikið að sjónarmiðum tengt vandamönnum og öðrum aðilum.

### 4.3.3. Vandamenn og aðrir aðilar

Eðlilegt er að horfa þurfi til sjónarhorna vandamanna og annarra sem málið varðar, þegar tekin er ákvörðun um að loka þinghöldum. Að mati höfundar hlýtur slíkt að eiga einna helst við í morðmálum, þegar vandamenn brotþola eiga upp einkaréttarkröfu í sakamáli.<sup>93</sup> Áhugavert sjónarhorn dómara hvað aðstandendur varðar má sjá í **Hrd. 24. maí í máli nr. 353/2012**. Málavextir voru þeir að sakborningur var ákærður fyrir morð og aðstandendur fórnarlambins óskuðu eftir því að málið yrði háð fyrir lokuðum dyrum til hlífðar þeim sem verjandi ákærða samþykkti. Aftur á móti samþykkti ákærvaldið ekki þá beiðni. Komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu sem Hæstiréttur staðfesti að ekki skyldi loka málinu, þar sem meginreglan sé sú að þinghöld séu opin, meðal annars til að almenningur geti fylgst með réttarhöldunum. Því yrði

---

<sup>92</sup> „Frenchman goes on trial charged with enlisting dozens of men to rape his drugged wife“ (*France 24*, 2. september 2024) <<https://www.france24.com/en/france/20240902-frenchman-goes-on-trial-charged-with-enlisting-dozens-of-men-to-rape-his-drugged-wife>> skoðað 22. september 2024.

<sup>93</sup> Sindri M. Stephensen, „Einkaréttarkröfur og kröfur allsherjarréttar eðlis í sakamálum“ í Tryggvi Gunnarsson o.fl. (ritstj.), *Afmælisrit: Páll Hreinsson sextugur, 20. febrúar 2023* (Fons Juris 2023) 503.

að virða slíkt þrátt fyrir að það gæti verið aðstandendum þungbært. Sambærilegt álitaefni átti sér stað í **Hrd. 8. janúar 2014 í máli nr. 806/2013** þar sem sakborningur var sakaður um stórfellda líkamsárás með því að hafa hrist dóttur sína svo harkalega með þeim afleiðingum að hún lést af áverkunum. Í héraðsdómi má sjá að allir aðilar máls voru sammála um að hafa lokað þinghald, eða ákærivaldið, sakborningur og réttargæslumaður brotþola A, sem var móðir barnsins, þótt að ákærivaldið teldi ekki nauðsyn að hlífa ákærða. Þrátt fyrir það var niðurstaða héraðsdóms að víkja ekki frá reglunni. Í Hæstarétti kom upp sú varakrafa að þegar A myndi gefa skýrslu fyrir dómi yrði það gert fyrir luktum dyrum. Fyrir Hæstarétti var úr því skorið að móðir barnsins teldist ekki til brotþola heldur vitnis samkvæmt athugasemdum við 1. mgr. 39. gr. sml., en var varakrafan samþykkt á þeim rökum að A þyrfti meðal annars að skýra frá síðustu stundunum í lífi dóttur sinnar og öðrum afar persónulegum og viðkvæmum atriðum. Athuga þarf að ef þetta mál hefði gengið í gegn í dag hefði A getað komið fram sem fyrirvarsmaður sem foreldri barns síns sem lést sbr. 3. mgr. 39. gr. sml., sbr. 4. gr. laga nr. 61/2022.

Af niðurstöðu málanna má sjá hversu rík þessi regla er og í raun er lítið meira til vilja ákærvaldsins og réttar almennings frekar en til réttar sakbornings og aðstandenda málsins, að minnsta kosti hvað varðar að loka þinghöldum í heild. Það mætti velja því upp hvort að eðlilegt sé eða einhver ástæða til að ákærvald sem handhafi framkvæmdarvalds taki fram fyrir hendur aðstandenda og beiti sér gegn vilja þeirra í jafn viðkvæmum málum ef þeir hafa sammælt við sakborning um að þinghald skyldi vera lokað.

Vissulega er hægt að skilja að líta þurfi strangt til reglunnar með tilliti til varnaðaráhrifa hennar á almenning sem þáttur í því að slíkt sendi þau skilaboð frá sér að afbrot borgi sig ekki. Á sama tíma eiga aðilar máls rétt á vissri persónuvernd sem ber að líta til, þess þá heldur þar sem úrlausnir dómsmála eru nú til dags birtir á vefsíðum dómstólanna og oft er fjölmiðlaumfjöllun um hin helstu og viðkvæmustu mál. Aftur á móti eru hin rökin sú að í sakamálum höfðar ákærvaldið sakamál gegn sakborningi til að tryggja að þeir sem fremji brot verði beittir lögmæltum viðurlögum, sbr. 2. mgr. 18. gr. sml. og því eðlilegt að ákærvaldið hafi sitt að segja um hvort þinghald sé opið eða ekki.

Þó virðist það vera þannig í framkvæmd að þinghöldum sé oft lokað að hluta í sérlega viðkvæmum málum fyrir aðstandendur. Má sem dæmi um það líta á **dóm Landsréttar 23. nóvember 2018 í máli nr. 51/2018 (Thomas Moller)**, þar sem þinghaldi var lokað á meðan réttarmeinafræðingur gaf skýrslu að kröfu fjölskyldu brotþolans, enda viðkvæm persónuleg



atriði um heilsufar brotapolans sem fram myndu koma.<sup>94</sup> Það sama átti við í **dómi Landsréttar 19. október 2018 í máli 152/2018 (Mosfellsdalsdómur)** þar sem dyrum var lokað vegna vitnisburðar réttarmeinafræðings. Eftir að fjölmiðlar óskuðu útskýringa hverju það sætti vísaði dómari málsins til a-liðar 1. mgr. 10. gr. sml., má líklegast telja að ástæðan hafi verið til að vernda aðstandendur brotþola.<sup>95</sup> Aftur á móti setur höfundur spurningarmerki við nauðsyn slíkrar hömlunar þar sem í báðum þessum dómum komu fram ítarlegir lýsingar á því sem vitnin sögðu fyrir dómi.

#### **4.4. Til leyndar hagsmuna í viðskiptum eða samsvarandi aðstöðu**

Sú heimild dómara að loka þinghaldi til leyndar hagsmunum í viðskiptum eða samsvarandi aðstöðu kom ekki inn í lög sem taka á sakamálum fyrir en með setningu sml. Sú heimild hefur þó verið til staðar frá setningu laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, eða í b-lið 1. mgr. 8. gr. laganna. Færa mætti rök fyrir því að um eðlilega ráðstöfun hafi verið að ræða að færa sambærilegt ákvæði í lög sem taka á meðferð sakamála þar sem sambærilegar aðstæður geta komið upp í sakamálum og einkamálum hvað þetta varðar. Ekki hefur þó reynt mikið á þetta atriði í dómaframkvæmd hér á landi, en þó hefur það gerst ef lítið er til dóms **Hrd. 22. september 2005 í máli nr. 49/2005** þar sem kona krafði þrjá karlmenn um miskabætur fyrir að hafa brotið á kynfrelsi hennar auk þess hafði konan uppi kröfu á íslenska ríkinu þar sem rannsókn lögreglu á því ofbeldi sem hún kvað sig hafa orðið fyrir hafi verið það ábótavant að karlmennirnir þrír hafi ekki sætt ákæru. Í héraðsdómi kemur fram að dómari hafi ákveðið að loka þinghaldi að beiðni stefnanda á grundvelli b- og d. liðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 91/1991, án þess að það hafi verið útskýrt nánar.

#### **4.5. Vegna hagsmuna almennings eða öryggis ríkisins**

Dómara er heimilt að loka þinghaldi til að vernda hagsmunum almennings eða öryggis ríkisins. Varla eru ríkari ástæður til að loka þinghaldi að mati höfundar. Líklegast má telja að þær aðstæður séu matskenndar hverju sinni og erfitt er að fullyrða hvenær slíkt væri nauðsynlegt. Í athugasemdum við sml. er ekki skilgreint hvaða hagsmunir almennings eða öryggis ríkisins gætu réttlætt lokað þinghald.<sup>96</sup> Það skýrir sig að vissu leiti sjálfst að atvik geta komið upp þar sem það veigamiklar ástæður eru til staðar til að hindra aðgang almennings að þinghaldi vegna

---

<sup>94</sup> Sólrún Lilja Ragnarsdóttir „Ber vitni fyrir luktum dyrum“ (*mbl.is*, 1. september 2017)

<[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/01/ber\\_vitni\\_fyrir\\_luktum\\_dyrum](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/01/ber_vitni_fyrir_luktum_dyrum)> skoðað 15. september 2024.

<sup>95</sup> „Þinghaldi lokað vegna vitnisburðar réttarmeinafræðings“ (*mbl.is*, 23. nóvember 2017)

<[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/11/22/thinghaldi\\_lokad\\_i\\_einni\\_skyrslutoku](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/11/22/thinghaldi_lokad_i_einni_skyrslutoku)> skoðað 22. september 2024.

<sup>96</sup> Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252-233. mál. Athugasemdir um 10. gr. sml.

þeirra eigin öryggis. Í ritinu *Lögfræðibók með skýringum* er skilgreint að almannahagsmunir taki mið af hagsmunum heildarinnar, eða alls almennings til almannaheilla.<sup>97</sup> Því er hægt að slá því föstu að mjög mikilvægt er að þó dómari hafi þessa heimild þá þurfi hann að gera visst mat á nauðsyn þess hverju sinni.

#### 4.6. Velsæmisástæður

Heimild dómara til að loka þinghaldi af velsæmisástæðum, á við þegar það er hreinlega ekki viðeigandi að veita almenningi aðgang að þinghaldi, eða velsæmisástæður geta verið ríkari heldur en réttur almennings til að fylgjast með þinghaldi. Þá má sjá að velsæmisástæðum hefur verið beitt í kröfu sem réttlætir lokað þinghald líkt og sjá má í **úrskurði Landsréttar 20. febrúar 2019 í máli nr. 109/2019**, þar sem sakborningar kröfðust lokaðs þinghalds á grundvelli velsæmiástæðna. Snerist málið um að annar sakborningur hafi lagt eld að pappakassa og gardínu á neðri hæð húss sem hafði þær afleiðingar að eldurinn breiddist út og tveir einstaklingar á eftir hæð hússins létust, höfðu báðir sakborningar látið hjá líða að aðvara eða koma þeim sem létust til bjargar. Dómurinn staðfesti þó að þinghöld í málinu skyldu vera opin, þar sem túlka skyldi heimild til að víkja frá opinberri málsmeðferð þröngt. Þá getur dómari ákveðið að eigin frumkvæði að loka þinghaldi vegna velsæmisástæðna. Er um vandasamt hlutverk dómara að meta það líkt og sjá má í fyrrnefndum **Hrd. nr. 551/2010**, þar sem þinghöldum var lokað að hluta þegar sýnt var myndband sem sýndi nekt sakbornings.

Þrátt fyrir ofangreint hefur venjan hefur verið sú í dómaframkvæmd að aðallega er horft til velsæmissjónarmiða í kynferðisbrotum. Góða skýringu á þessu sjónarmiði má sjá í vændismálum fyrri og síðari. Í þeim málum var ákveðið að loka þinghöldum á grundvelli a- og d-liðar. 1. mgr. 10. gr. sml., til að tryggja öryggi og velsæmis brotþola enda ætti ekki annað við í þeim málum heldur en öðrum kynferðisbrotamálum. Í ljósi þess telur höfundur mikilvægt að líta til dóms **Hrd. 25. nóvember 2014 í máli nr. 749/2014** sem kveðinn var upp nokkrum dögum áður en hin síðari vændiskaupamál voru tekin fyrir. Athyglisvert er í því máli að ákærvaldið krafðist úrskurðar um að þinghöld yrði háð fyrir luktum dyrum. Í úrskurði Hæstaréttar var staðfest úrskurð héraðsdóms að þinghöld skyldu vera lokuð, hins vegar var aðeins fallist á að a-liður ætti við. Afar athyglisvert er að ekki var litið til velsæmisástæða í því máli. Má velja því fyrir sér hvernig hugtakið hafi verið túlkað í úrskurði Hæstaréttar. Óvíst er hvort litið hafi verið á velsæmishugtakið til verndar almenningi vegna málavaxta eða til verndar velsæmis brotþola. Vissulega er það rétt að markmið með lögum um bann við kaup á vændi

---

<sup>97</sup> Páll Sigurðsson ritstj., *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan Codex 2008) 19.

hafi verið að veita varnaðaráhrif fyrir kaupanda vændis og opinber málsmeðferð spilar stóran þátt í því líkt og sjá má í sératkvæði Guðrúnar Erlendsdóttur setts hæstaréttardómara. Hún kvað á um að réttlæt看legt væri að hafa þinghöld í málinu opin þar sem markmið laga nr. 54/2009 hafi verið að sporna gegn kaupum á vændi. Höfundur skilur sjónarmið meirihluta Hæstaréttar sem og sératkvæði dómsins. Hugsanlega hefði verið hægt að leysa úr þessum ágreiningi á þá leið að þinghöldum yrði lokað þegar brotaþoli gæfi skýrslu til verndar brotaþola, sbr. g-lið1. mgr. 10. gr. sml., en vikið verður síðar að því ákvæði í ritgerð þessari.

#### **4.7. Til að halda uppi þingfriði**

Heimild dómara til að halda uppi þingfriði er mjög mikilvægt, enda liggur það í hlutarins eðli að dómþing þarf að geta starfað án of mikillar truflunar til að gæta að réttaröryggi fyrir alla aðila máls. Þessi heimild tengist 4. mgr. 10. gr. sml. þar sem fram kemur að dómari getur þrátt fyrir að þinghald sé háð í heyranda hljóði takmarkað fjölda áheyrenda til að halda uppi þingfriði, auk þess að útiloka einhvern þar sem návist þeirra samræmist ekki góðri reglu við þinghald eða hætta er á að nærvera þeirra hafi áhrif á framburð sakbornings eða vitnis. Er þetta réttlæt看leg undantekning á að mál skuli háð í heyranda hljóði. Því tryggja þarf vinnufrið svo að dómari, ákærandi og verjandi ákærða geti sinnt störfum sínum án þess að verða fyrir utanaðkomandi áhrifum og truflunum. Ef ekki yrði tekið í taumana við þess háttar aðstæður er hætta á að meðferð málsins fyrir dómi yrði skaðleg siðsamlegum réttarhöldum.

Ansi áhugavert mál tengt þessu átti sér stað þegar fjölmenni lagði leið sína í Alþingishúsið í desember 2008 til að fylgjast með umræðum Alþingis. Það mikil aðsókn var að fylgjast með umræðum þennan dag að gripið var til lokunar. Í kjölfarið kom til átaka á milli gesta við lögreglu og þingverði sem leiddi til ákæru níu manna.<sup>98</sup> Þegar málið var dómtekið um frávísunarkröfu tveggja sakborninga fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur mættu tæplega 100 manns í dómsalinn án þess að dómari málsins hafi haft sérstakar athugasemdir við fjölda gesta. Þegar málið var næst tekið fyrir hafði dómari boðað lögreglu til að vera í og við dómsalinn. Bað dómariinn lögreglu um að vísa þeim úr salnum sem ekki höfðu sæti, en dró svo fyrirmælin til baka. Í næstu tvö skipti þegar þinghöld voru tengd þessu máli voru lögreglumenn einnig til staðar, en í þau skipti var gengið lengra og aðgangsstýrt fjölda þeirra manna sem fengu aðgang að þinghöldunum og fór það svo að aðeins um það bil 25 manns voru viðstaddir þessi þinghöld. Þeir sem voru útilokaðir voru sem dæmi fréttamenn og í eitt skipti tveir sakborningar sjálfir.<sup>99</sup> Það sést hér að ansi langt var gengið hjá dómaranum til að halda þingfrið. Ákvörðun dómarsins

<sup>98</sup> Ragnar Aðalsteinsson (n. 90) 193-194.

<sup>99</sup> sama heimild.

olli miklu fjaðrafoki. Endaði málið með þeim hætti að fjórir verjendur sakborninga kröfðust þess í dómi **Hrd. 26. ágúst 2010 í máli nr. 507/2010** að héraðsdómari myndi víkja sæti, á þeim grundvelli að hann hafi nánast fyrir fram lýst yfir sekt á hendur ákærðu með að koma í veg fyrir að þeir nytu réttlátrar málsmeðferðar. Var því hafnað á þeim rökum að réttlætt hafi verið hjá dómara málsins að hafa lögreglu viðstadda til að tryggja þingfrið eftir að hann mat var að slíkt væri nauðsynlegt til að hann hefði stjórn á þinghaldinu, auk áhyggja sem dómari hafði um öryggi manna eftir hið fyrsta þinghald. Ljóst var að í því þinghaldi hafði fólk meðal annars virt að vettugi beiðni dómarans um að hafa hljótt um sig, auk þess sem dómari mat sem svo að saksóknari hafi átt undir högg að sækja þar sem þvaga af fólki stóð þétt að baki saksóknarans er hann flutti mál sitt og auk þess var hverju orði verjandans fagnað. Það má velta því fyrir sér hvort að lausnin á svona vandamálum væri að finna nægilega stórt rými til að hafa þinghald, eða jafnvel streyma frá þinghaldi í öðrum þingsölum réttarins séu þeir til staðar, að minnsta kosti í þeim málum þar sem vitað er að mikill áhugi sé fyrir hendi. Slíkt gæti þó verið vandmeðfarið og erfitt að setja mörk um hversu áhugaverð mál séu, eða hreinlega vita hverju sinni hversu mikill áhugi verður til staðar. Einnig gæti verið hætta fyrir hendi að slíkar spár myndu tefja fyrir málsmeðferð í öðrum málum. Enn fremur liggur það í hlutarins eðli að ef gestir virða ekki reglur þinghaldsins og trufla störf dómara og annara starfsmanna í þinghaldi að þá er fullkomlega eðlilegt fyrir dómara að grípa til ráðstafana í næsta þinghaldi. Aftur á móti er spurning hvort dómari hafi átt möguleika á að ganga ekki svona langt og beita heimild sem hann hefur í 1. málslíð. 5. mgr. 10. gr. sml. er kveður á um að dómari getur vísað manni úr þinghaldi ef návist hans horfir til truflunar á þingfriði eða framkoma hans er óviðeigandi í verki.

Þá má einnig nefna að ef dómari nýtir sér þá heimild að víkja manni úr þinghaldi og um er að ræða sakborning, fyrirsvarsmanns hans, ákæranda, verjanda eða réttargæslumann skal dómari þó að jafnaði áminna hann og gefa kost á að bæta ráð sitt áður en hann beitir brottvísun, sbr. 2. málslíð. 5. mgr. 10. gr. sml. Það er hin eðlilegasta krafa enda væri skrítið ef dómari áminnti ekki menn áður en hann gripi til svo mikilla ráðstafana, en ljóst er að um mikilvæg réttindi eru að ræða fyrir dómara svo þinghald geti farið fram með siðsömum hætti.

#### **4.8. Meðan á rannsókn máls stendur og hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum**

Rannsóknarhagsmunir eru eitt það mikilvægasta sem þarf að vernda í meðferð mála. Því er sjálfsögð heimild dómara að loka þinghöldum á rannsóknarstigi til að vernda málið í heild. Er um eðlilega kröfu að ræða þar sem óeðlilegt væri að halda svo fast í regluna um opinbera málsmeðferð að það myndi spilla málinu í heild. Í f. líð 1. mgr. 10. gr. sml. er heimild fyrir

dómara til að víkja frá opinberri málsmeðferð á meðan rannsókn máls stendur og hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri fyrir opnum dyrum. Ekki hefur mikið reynt á þetta í dómaframkvæmd en þó hefur það verið gert meðal annars í **úrskurði Landsréttar 12. janúar 2024 í máli nr. 22/2024 (Formaður Lögmannafélags)** þar sem Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu krafðist þess að fá að rannsaka rafrænt efnisinnihald snjallsíma sem hún fann í fórum lögmanns. Við upphaf þinghaldsins mætti formaður Lögmannafélag Íslands óskaði eftir því að fá að vera viðstaddur þinghaldið, en því var hafnað á grundvelli þess að hætta væri á sakarspjöllum ef þing yrði háð fyrir opnum dyrum. Í þessu máli má ljóst vera að frekar langt var gengið að friðhelgi lögmannsins sem hann venjulega þarf ekki að sæta við að sinna starfi sínu og vakna upp spurningar um réttindi og skyldur lögmannna en ekki verður farið nánar út í hér.

Sambærilegt sjónarmið má sjá í **Hrd. 21. maí 1993 í máli nr. 67/1993** þar sem þinghöldum var lokað við aðalmeðferð á meðan ákærði gaf skýrslu til að vernda vitni málsins sem gæti kynnt sér framburð ákærða. Lokaði dómari því þinghöldum sbr. þágildandi c-lið. 1.mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991, er kvað á um rétt dómara að loka þinghöldum ef veruleg hætta væri á sakarspjöllum. Það athugast að þágildandi ákvæði var ekki einungis bundið við rannsókn máls líkt og nógildandi ákvæði. Aftur á móti er sérstaklega áréttað í dómsúrlausn Hæstaréttar að lokun þinghalds umræddan dag hafi ekki verið byggð á umræddu ákvæði án þess að það sé útskýrt.

#### **4.9. Vitni gefur skýrslu án þess að þurfa að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr. sml.**

Eðlilegt er að heimild sé fyrir dómara að loka þinghöldum í heild eða hluta þegar vitni í sérstaklega viðkvæmri stöðu gefur skýrslu. Í g-lið 1. mgr. 10. gr. sml. er sú heimild að uppfylli vitni skilyrði 8. mgr. 122. gr. sml. sé heimilt að loka þinghöldum í heild eða að hluta. Er þetta í raun eðlilegt ef sérstaklega sterk skilyrði eru fyrir hendi. Í frumvarpi sml. eru rökin fyrir reglunni sú að hætt sé við því að nafnleyndin næði ekki tilgangi sínum ef skýrslan væri gefin í opnu þinghaldi.<sup>100</sup> Í XVIII. kafla sml. eru réttindi og skyldur vitnis tilgreind og er hverjum manni sem er orðinn 15 ára, sem lýtur íslenskri lögsögu og er ekki ákærði eða fyrirvarsmaður hans, skylt að koma fyrir dóm sem vitni til að svara spurningum munnlega sem beint er til hans um málsatvik sbr. 1. mgr. 116. gr. sml. Í 8. mgr. 122. gr. sml. kemur fram að dómari getur samkvæmt kröfu ákæranda, ákærða eða vitnis ákveðið að vitni sem kemur fyrir dóm geri ekki

<sup>100</sup> Alþt. 2007-2008, þskj. 252 – 233. mál. Athugasemdir um 10. gr., mgr. 1.

í heyranda hljóði grein fyrir nafni sínu og kennitölu, sbr. 1. mgr. sömu gr., eða segi á sér deili að öðru leiti ef dómari telur að lífi, heilbrigði eða frelsi vitnisins ellegar náinna vandamanna þess, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. sml. yrði stefnt í hættu ef það væri gert opinskátt um hvern ræði. Þó er áréttað að dómari skuli ekki fallast á kröfuna nema brýn nauðsyn beri til og ekki sé ástæða til staðar að slíkt geti spillt fyrir vörn ákærða. Dæmi um slíkt mál má sjá í **Hrd. 9. ágúst 2012 í máli nr. 535/2012** þar sem lögreglustjórinn á Selfossi krafðist þess að vitnaskýrslur færu fram fyrir héraðsdóm vegna rannsóknar sakamáls. Kemur meðal annars fram í dómnum að vitnin óttuðust um líf sitt í ljósi þess hverjir hinir grunuðu væru, auk þess sem lögregla tók undir þann ótta vitnana. Ljóst er að um brýna nauðsyn var að ræða og var fallist á að skýrsla tekin af þeim færi fram undir nafnleynd. Miðað við forsendur dómsins væri hægt að álykta að ef sambærilegt mál færi fyrir dóm, væru forsendur til staðar að loka þinghaldi í heild eða hluta sbr. g-lið. 1. mgr. 10. gr. sml.

## **5. Réttur til að krefjast úrskurðar dómara um ákvörðun um lokað þinghald**

Í 3. málslíð. 2. mgr. 10. gr. sml. kemur fram að sá sem fellir sig ekki við kröfu dómara um að loka þinghaldi í sakamáli getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það atriði. Eðli málsins samkvæmt, líkt og fram kemur í þeim dómum sem höfundur hefur rakið, eru það yfirleitt aðilar máls auk fjölmiðlamanna sem krefjast úrskurðar um hvort þinghald skuli vera opið eða lokað. Eins og getið var um í kafla 4.3.1. var umrædd heimild sett inn í lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, með lögum nr. 36/1999. Markmiðið með því var meðal annars að styrkja stöðu brotþola. Aftur á móti segir í ákvæðinu að sá sem ekki sættir sig við ákvörðun dómara geti krafist úrskurðar. Ekki eru sett frekari skilyrði fyrir því að aðilar geti krafist úrskurðar. Því mætti líta á ákvæðið á þann hátt að aðilar sem ekki eru beinir aðilar máls ættu að geta óskað eftir úrskurði ef sá telur ástæðu til slíks. Dæmi um þetta er **Formaður Lögmannafélags** krafðist úrskurðar um ákvörðun dómara um lokað þinghald í tengslum við rannsókn á síma lögmanns. Samkvæmt ákvæðinu ætti í raun hver sem er að geta krafist úrskurðar en dómstólar hafa aftur á móti ekki túlkað ákvæðið það rúmt. Þó er viðurkennt að til dæmis fréttamenn hafi þann rétt. Höfundur er þeirrar skoðunar að slíkt sé eðlilegt vegna samfélagslegrar skyldu þeirra til að flytja fréttir af meðferð mála í dómskerfinu. Á þetta reyndi í **Hrd. 13. nóvember 2000 í máli nr. 407/2000**. Þar féllst dómari á beiðni um að loka þinghaldi í máli þar sem sakborningur var ákærður fyrir manndráp, stórfellda líkamsárás og kynferðisbrot. Fréttamaður, sem hafði ætlað sér að hlýða á málflutninginn vegna starfs síns,

óskaði eftir rökstuddum úrskurði dómara um ákvörðun hans að loka þinghaldinu. Í kjölfarið fjallaði Hæstiréttur um rökstuðning fréttamannsins og staðfesti að lokum niðurstöðu héraðsdóms.

Í þessu samhengi er mjög áhugavert að skoða niðurstöðurnar í vændisdómum hinum fyrri og síðari, sem fjallað hefur verið um í köflum 4.3.2. og 4.6. í ritgerð þessari. Í hinum fyrri málum ákvað héraðsdómari að öll þinghöld í málunum skyldu vera lokuð. Halla Gunnarsdóttir krafðist sem almennur borgari, blaðamaður og talskona Femínistafélag Íslands, úrskurðar dómara um ákvörðun sína og byggði hún á 2. mgr. 10. gr. sml. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms og byggði á því að Halla hefði ekki haft lögvarða hagsmuni af sakarefni málsins. Orðrétt komst Hæstiréttur svo að orði:

Talið verður samkvæmt almennum reglum réttarfars að sá sem krefst úrskurðar dómara samkvæmt framangreindu lagaákvæði verði að eiga lögvarða hagsmuni af sakarefni málsins. Kærandi hefur látið við það sitja að lýsa hagsmunum sínum af málinu með þeirri almennu lýsingu á sjálfri sér sem að framan greinir. Verður þetta ekki skilið á annan hátt en þann að hún láti sig málið varða sem almennur borgari sem áhuga hefur á að fylgjast með rekstri málsins. Samkvæmt nefndri meginreglu réttarfars getur slíkt ekki talist fullnægjandi til aðildar að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 og þá heldur ekki til að kæra til Hæstaréttar úrskurð um lokun þinghalda í máli samkvæmt b. lið 1. mgr. 192. gr. sömu laga. Verður málinu því vísað frá Hæstarétti.

Má segja að um mjög athyglisverða niðurstöðu sé að ræða, enda skilaði Hjördís Hákonardóttir hæstaréttardómari sératkvæði þar sem hún áréttar að samkvæmt 3. málslíð 2. mgr. 10. gr. sml. komi fram að sá sem ekki sættir sig við ákvörðun dómara, geti krafist þess að hann kveði upp úrskurð um hvort þinghöld eða einstakt þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum. Slíka heimild hefðu einnig fréttamenn, sbr. fyrrnefndan **Hrd. nr. 407/2000**. Að auki kvaðst Hjördís vera þeirrar skoðunar að hópar sem létu sig varða sérstök málefni gætu einnig átt þann rétt, sem sannarlega hafi átt við í þessu máli, enda væri Halla einnig formaður Femínistafélags Íslands. Það félag léti sig væntanlega vændiskaupamál varða. Því var það mat Hjördísar að eðlilegt væri að rétturinn tæki kærðu Höllu til efnislegrar umfjöllunar.

Af þessu má ráða að meirihluti Hæstaréttar hafi litið fram hjá stöðu Höllu sem blaðamanns og formanns hagsmunasamtaka. Þegar nánar er rýnt í dóminn virðist þó vera að Halla hafi ekki tiltekið neinn sérstakan fréttamiðil sem hún hafi starfað hjá. Ljóst er að félagi í hagsmunafélagi getur átt rétt á efnislegri umfjöllun um ákvörðun dómara að loka þinghaldi. Enda hafa dómstólar í dag sýnt í verki að þeir líta til þess,

líkt og Landsréttur gerði í fyrrnefndum **Lögmannsformaður** þar sem erindi formanns Lögmannafélagsins fékk efnislega umfjöllun, líkt og útskýrt var nánar í kafla 4.8.

Í hinum síðari vændis kaupamálum var fjallað um kröfu blaðamannsins og ritstjóra Reykjavíkur vikublaðs, Ingimars Karls Helgasonar. Hann krafðist úrskurðar dómara um að þinghöld færu færi fram í heyranda hljóði. Áhugavert er að héraðsdómur vísaði kröfunni frá og vísaði í fordæmi fyrri vændis kaupamála. Héraðsdómur sagði orðrétt:

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 getur sá sem ekki sættir sig við ákvörðun dómara um að þinghöld í máli skuli vera lokað krafist þess að hann kveði upp úrskurð um þá ákvörðun. Hefur verið talið að sá sem krefst úrskurðar dómara verði í þeim tilvikum að eiga lögvarða hagsmuni af sakarefni málsins, sbr. dóma Hæstaréttar í málunum nr. 355/2010 og 365/2010, sem kveðnir voru upp 18. júní 2010. Eins og fyrir greinir setur bréfitari kröfu þessa fram sem blaðamaður og ritstjóri Reykjavíkur vikublaðs. Af þeim orðum má draga þá ályktun að hann telji að mál þetta sé þess eðlis að það eigi erindi við almenning í opinberri umfjöllun í nefndu vikublaði, og hafi hann af þeirri ástæðu áhuga á að fylgjast með rekstri þess. Að áliti dómsins, svo og með hliðsjón af ofangreindum dómum Hæstaréttar 18. júní 2010, getur slíkt þó ekki talist fullnægjandi til aðildar að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008. Er kröfunni því vísað frá dómi.

Hæstiréttur aftur á móti felldi úrskurði héraðsdóms úr gildi og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar að nýju með eftirfarandi rökum:

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 er mælt fyrir um þá meginreglu að þinghald skuli háð í heyranda hljóði, en dómari geti þó í nánar tilgreindum tilvikum ákveðið að það skuli fara fram fyrir luktum dyrum. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að sá sem sætti sig ekki við ákvörðun dómara um að þinghald skuli vera lokað geti krafist þess að hann kveði upp úrskurð um þá ákvörðun sína. Í dómi Hæstaréttar 13. nóvember 2000 í máli nr. 407/2000, sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á bls. 3697, var fallist á að fréttamenn geti átt aðild að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008. Að virtum þeim dómi verður að telja að héraðsdómi hafi borið að leysa efnislega úr kröfu kæranda. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka kröfu hans til efnismeðferðar.

Af þessu má ráða að Hæstiréttur hafi tvístígið í ákvörðunum sínum hvað varðar hver má krefjast úrskurðar dómara um þá ákvörðun sína um að loka þinghaldi í heild eða að hluta. Þó má lesa úr þessum málum að máli skipti hvort almennur borgari beri upp kröfu um aðgang að þinghöldum eða blaðamaður sem vill hlýða á þinghöld í því skyni að upplýsa almenning um það sem fram fer. Mat á því hver telst blaðamaður virðist þó hafa vafist fyrir dómurum. Slíkt mat gæti orðið enn erfiðara í framtíðinni, sér í lagi með þróun tækninnar. Sem dæmi hafa sprottið upp margs konar hlaðvarpsþættir, sem gæti í framtíðinni skapað vafa um hvort



stjórnendur hafi réttmæta ástæðu til að fá úrskurð dómara um það hvort þinghöld eða einstakt þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum eður ei. Eðlilegt væri að ætla að það gæti sjaldnast gengið að einhver almennur borgari, sem væri með bloggsíðu og miðlaði upplýsingum eða skrifaði reglulega greinar í blöð til að upplýsa almenning, hefði rétt á aðgangi að þinghaldi á þeim grunni einum. Það sama ætti að eiga við um hlaðvarpsstjórnendur. Þó skiptir starfssvið hvers hlaðvarps máli. Líkt og Halldóra Þorsteinsdóttir, héraðsdómari og sérfræðingur í fjölmiðlarétti, greindi frá í viðtali við Skúla B. Geirdal getur hlaðvarp talist fjölmiðill, rétt eins og útvarp, en þó þarf að meta hvert tilvik fyrir sig.<sup>101</sup>

## 5.1. Samantekt

Til glöggvunar telur höfundur nauðsynlegt að sýna fram á samantekt á því hvernig mál hafa endað í úrlausnum dómstóla. Búið er að fara yfir umfjöllun sem hefur sýnt fram á að sakborningur, brotþoli, aðstandendur, fjölmiðlar og aðrir hafi óskað eftir rökstuðningi dómara. Verður miðað við tímabilið frá setningu sml. Mikilvægt er að aðeins er litið til þeirra atvika þar sem einhver aðili hefur krafist rökstuðnings dómara. Í sumum dómum er til dæmis sakborningur sem krefst rökstuðning og tekið á sjónarmiðum brotþola, en í öðrum dómum eru sjónarmið brotþola ekki tekin inn í myndina. Því verður aðeins farið yfir hvernig dómstólar hafa rökstutt ákvörðun sína gagnvart þeim sem þess óskar. Eftirfarandi mynd sýnir niðurstöðu dómstóla eftir að dómari hefur tekið ákvörðun um hvort þinghöld séu opin eða lokað.

Tafla 1 Niðurstaða samantektar

Úrlausnir	Opið	Lokað
Staðfest	5	2
Breytt að hluta	2	
Aftur til meðferðar		15
Frávísun	1	12

Við skoðun á töflunni kemur í ljós að ef dómari hefur tekið ákvörðun virðist vera að hann standi við hana. Í þeim dómum sem breytt var að hluta horfði dómari til sjónarmiða um að loka að hluta en lokaði ekki að öllu leyti. Í þeim málum þar sem hefur verið frávísað hefur það verið vegna aðildarskorts fjölmiðlamanna og sent aftur til meðferðar þar sem efra dómstig fyrirskipaði lægra dómstigi að taka mál fjölmiðlamanns aftur til meðferðar.

Í næstu köflum verður farið yfir framkvæmd í Danmörku og Noregi til að sýna samanburð við Ísland.

<sup>101</sup> „Hlaðvarp um hlaðvörp“ (*Fjölmiðlanefnd.is*, 13. september 2021)  
<https://fjolmidlanefnd.is/2021/09/13/hladvarp-um-hladvorp> skoðað 10. ágúst 2024.

## 6. Norrænn réttur

Saga Norðurlandabjódanna hefur í gegnum tíðina verið samofin. Nægir þar að nefna að meðal annars eru tungumál og menning þessara þjóða svipuð. Það sama á við um lagaumgjörð þar sem íslenskur réttur er byggður á sama grunni og réttur hinna Norðurlandabjódanna.<sup>102</sup> Því hyggst höfundur beita samanburðarrannsókn og er slík rannsókn tilvalin til að komast að hvernig lög eru í öðrum löndum og hvernig framkvæmd reglnanna gengur fyrir sig. Með þessari aðferð er hægt að komast að veikleikum og styrkleikum hvers lands fyrir sig. Eftir atvikum er hægt að læra af þeirri framkvæmd og jafnvel nýta hér á landi.<sup>103</sup> Er því nauðsynlegt að líta til framkvæmdar Norðurlandanna varðandi viðfangsefni ritgerðar þessarar. Þó er ekki rými til að fara yfir framkvæmd á öllum Norðurlöndunum og verður í næstkomandi köflum farið yfir réttarheimildir og réttarframkvæmd í Danmörku og Noregi í tengslum við meginreglu sakamálaréttarfars um opinbera málsmeðferð með áherslu á heimildir dómara að loka þinghöldum í heild eða hluta.

### 6.1. Danmörk

Opinber málsmeðferð er tryggð í 65. gr. norsku stjórnarskrárinnar (Lov 1953-06-05 no. 169 Danmarks Riges Grundlov).<sup>104</sup> Þar kemur fram að dómþing skuli háð í heyranda hljóði, reglan er svo nánar útfærð í lögum um dómstóla (d. Lovbekendtgørelse 2024-03-04 nr. 250 Retsplejeloven).<sup>105</sup> Í 29. gr. dönsku dml. eru listaðar upp heimildir dómstóla svo að málflutningur fari fram fyrir luktum dyrum. Í 1-3. tölulið 1. mgr. 29. gr. laganna kemur fram að dómara sé heimilt að loka þinghaldi til að stuðla að þingfriði. Dæmi um slík tilvik má sjá í **úrskurði Landsréttar eystra nr. U.1997.3512Q** þar sem stefnandi í einkamáli hafði kveikt á segulbandstæki og slökkti ekki á því þrátt fyrir beiðni dómarans um slíkt. Annað dæmi má sjá í **úrskurði Hæstaréttar U.2016.3805H** þar sem áhorfanda í sal var vikið út vegna hegðunar sem skapaði órólegt andrúmsloft sem meðal annars hafði áhrif á vitni sem var að gefa skýrslu.

Þá er einnig heimilt að loka þinghaldi ef tengsl ríkisins við erlent ríki eða sérstök sjónarmið þeim tengdum krefst þess, dæmi um það má sjá í **dómi Landsréttar eystra nr.**

---

<sup>102</sup> Ragnheiður Bragadóttir, „Norræna sakfræðiráðið: Norræn samvinna á sviði afbrotafræði og refsiréttar“ (2013) Úlfjótur 67.

<sup>103</sup> Bethel Uzoma Ihugba, *Introduction to Legal Research Method and Legal Writing* (Malthouse Press Limited 2020) 14–15.

<sup>104</sup> Hér eftir danska stjkskr.

<sup>105</sup> Hér eftir dönsku dml.

U.1977.831/1H<sup>106</sup> þar sem staðfest var að lokað þinghald yrði vegna sambands danska ríkisins við erlent ríki. Einnig má sjá í **máli Hæstaréttar Danmerku nr. U. 2021.1716**<sup>107</sup>, að staðfest var að loka þinghaldi í máli þar sem fyrrum varnarmálaráðherra þurfti að gefa vitnisburð í tengslum við bótakröfu vegna hernaðaraðgerða danska ríkisins í Írak árið 2004. Ljóst var að sá vitnisburður fæli í sér trúnaðarupplýsingar sem meðal annars hefðu getað skaðað samskipti danska ríkisins við erlent ríki. Hér sést að veigamiklar ástæður þurfi til og því eðlilegt að þinghöld séu lokað með tilliti til almannaheilla.

Að sama skapi má velta upp hvort að krafan um að sýna fram á að hætta sé til staðar sé rík, líkt og sjá má í ansi athyglisverðu nýlegu **máli Hæstaréttar Danmerkur nr. U.2024.297**<sup>108</sup> þar sem Lars Findsen yfirmaður leyniþjónustu danska varnarmálaráðuneytisins var ákærður fyrir að hafa greint frá trúnaðarupplýsingum sem hann öðlaðist í störfum sínum. Í úrskurði Hæstaréttar var komist að því að loka þyrfti þinghöldum meðan ræddar væru viðkvæmar upplýsingar sem gætu ógnað öryggi ríkisins en að öðru leiti ætti að hafa þinghöld fyrir opnum dyrum. Byggði dómarrinn á því að með þessu jafnvægi væri gætt að öryggissjónarmiðum en á sama tíma gætt að gagnsæi um störf dómstóla. Athyglisvert er að í kjölfar þessarar ákvörðunar var málið gegn honum látið niður falla, meðal annars á þeim rökum að ákærvaldið taldi sig ekki geta haldið áfram með málið án þess að skaða hagsmuni danska ríkisins.<sup>109</sup> Er þetta í raun ótrúlegir málavextir og ljóst að ákærvaldið og dómstólar litu misjöfnum augum á gögn málsins og nauðsyn þess að loka þinghöldum.

Loks er heimild til að loka þinghaldi ef opinber málsmeðferð muni valda einhverjum aðila skaða, svo dæmi sé tekið ef opinber málsmeðferð myndi afhjúpa viðskiptaleyndarmál. Í framkvæmd hafa alvarleg kynferðisbrot oft verið rekin fyrir opnum dyrum en sérstaklega er litið til sjónarmiða brotþola, sbr. 29. gr. a. dönsku dml.<sup>110</sup> Þar sem réttindi brotþola voru sérstaklega styrkt með lögum árið 1999 (d. Lov 1999-06-02 no. 362 om ændring af retsplejeloven (Styrkelse af samarbejdet mellem retterne og pressen)). Var lögfest að loka skyldi þinghaldi í kynferðisbrotamálum á meðan brotþoli gæfi skýrslu, hafi hann óskað þess. Að auki þurfa dómstólar að loka þinghaldi ef brotþoli óskar eftir slíku ef spiluð verður hljóð- eða myndbandsupptaka sem tengist sakarefni málsins. Má hér sjá að þó þinghöld séu að jafnaði höfð lokað í kynferðisbrotamálum er sú venja fest í lögum um að sérstaklega skuli líta til vilja

<sup>106</sup> Østre landsret U.1977.831/1H

<sup>107</sup> Højesterets. U. 2021.1716

<sup>108</sup> Højesterets U. 2024.297

<sup>109</sup> Lasse Lund Madsen, „Nationale sikkerhedshensyn under retssagsførelse navnlig i lyset af FE-sagen og kildeførersagen“ 26–27.

<sup>110</sup> Karnov noter, um 3. tölulið. 1. mgr. 29. gr.

brotþola hvað þessi atriði varðar. Alltaf þarf þó visst mat að fara fram. Þetta hefur þó í dómaframkvæmd verið misfarið með að vissu leiti, líkt og sjá má í **Landsrétti eystra nr. U.2005.2310/1Ø**<sup>111</sup>, en málið snerist um 65 ára karlmann sem ákærður var fyrir kynferðisbrot gegn ólöggráða fjölskyldumeðlimi. Óskaði lögmaður brotþola að þinghald yrði háð fyrir luktum dyrum sem var samþykkt. Blaðamaður krafðist rökstuðnings úrskurðarins, í kjölfarið var fellt úr gildi að loka þinghaldi í heild þar sem aðeins væri réttlætanlegt að loka þinghaldi meðan farið væri yfir sjónarmið brotþola. Mjög áhugavert má telja að ekki hafi verið litið til vilja brotþola um að loka þinghaldi í heild, mætti draga þá ályktun að varnaðaráhrif sem opinber málsmeðferð hefur í för með sér hafi vegið þyngra. Einnig var því slegið föstu í **máli Landsréttar vestra nr. U.2006.2445V**<sup>112</sup> þar sem reyndi á hvort hafa ætti þinghald lokað í heild eða hluta í kynferðisbrotamáli, en meðal annars var spiluð myndbandsupptaka af vitnisburði brotþola sem var 12 ára að aldri. Talið var í héraðsdómi að það eitt að greina ekki frá nafni hans væri nóg, því væri ekki tilefni til að loka þinghaldi. Þeirri niðurstöðu var snúið við þar sem opið þinghald við spilun myndbandsupptökunnar gæti valdið brotþola óþarfa skaða, því væri réttast að loka þinghaldinu meðan það væri spilað, aftur móti væri ekki tilefni til að loka þinghaldi að öðru leiti, vegna hagsmuna almennings að geta fylgst með þinghaldinu.

Þá ber einnig að líta til sjónarmiða sem geta reynt á mat á hagsmunum brotþola og sakbornings, í máli **Landsréttar vestra nr. U.2002.1324V**.<sup>113</sup> Í málinu var 17 ára einstaklingur ákærður fyrir nauðgun. Eftir að ákærði var upplýstur fyrir þingfestingu málsins að hann þyrfti ekki að tjá sig um sakarefnið, var lokað fyrir almenningi áður en að ákæran gegn honum var lesin upp. Var það gert að kröfu saksóknara málsins um að málið yrði rekið fyrir luktum dyrum í heild, til verndar brotþola og að taka þyrfti tillit til þess að sakborningurinn væri undir lögaldri. Var sú ákvörðun dómarans kærð af blaðamanni með þeim rökum að ekki væri réttlætanlegt að loka þinghaldi á meðan lesin væri upp ákæra þar sem ekki þyrfti að lesa upp nafn brotþola. Var fallist á þá kröfu með vísan til þess að slík málsmeðferð myndi hvorki valda sakborningi eða brotþola óþarfa skaða. Því var talið að eðlilegra hefði verið að lesa upp ákærana og setja á fréttabann ef tilefni væri til þess.

Af þessu má draga þá ályktun að í kynferðisbrotamálum eru þinghöld eftir fremsta megni haft opin, svo framarlega sem það skaði ekki brotþola.

Þá er í 3. mgr. 29. gr. dönsku dml. tilgreindar sérstakar heimildir til að loka þinghöldum sem ná einungis til sakamála, eru þær heimildir eftirfarandi:

---

<sup>111</sup> Østre landsret U.2005.2310/1Ø

<sup>112</sup> Vestre Landsret U.2006.2445V

<sup>113</sup> Vestre Landsret U.2002.1324V

- 1) þegar ákærði er yngri en 18 ára,
- 2) þegar lögreglumaður með sérstakt starfshlutverk gefur skýrslu og nauðsynlegt er að leyna auðkenni hans vegna þess starfs,
- 3) þegar ætla má að meðferð máls í opinberri meðferð stofni öryggi einhvers í hættu, eða
- 4) þegar ætla verður að afgreiðsla máls í opinberri málsmeðferð komi með afgerandi hætti í veg fyrir uppljóstrun máls.

Ef lítið er á 1. tölulið ákvæðisins um aldur ákærða þarf að horfa sérstaklega til jafnvægis á milli sakbornings og almannahagsmuna. Á þessu sjónarhorni var sérstaklega tekið í **máli Landsréttar vestra U.2004.658V**<sup>114</sup>, en um var að ræða ákæru vegna fjögurra rána og ránstílaunir, ólögráða ungmenna og í sumum tilfellum hafi byssa verið notuð við verknaðinn. Eðlilega vakti málið mikla athygli almennings. Í héraðsdómi sammæltust saksóknari og verjendur málsins um að þinghald skyldi vera lokað, og orðið var við því, auk banns við að greina frá nafni ákærðu. Var talið ómögulegt að tryggja nafnleynd ákærðu með öðrum hætti. En slíkt var talið nauðsynlegt til að gæta að hagsmunum ákærðu vegna ungs aldurs þeirra. Blaðamaður J sem mættur var við þingfestingu mótmælti þeirri ráðstöfun og kærði niðurstöðunni. Áhugavert er að niðurstöðunni var snúið við í Landsrétti vestra. Kveðið var á um að þrátt fyrir ungan aldur ákærðu þyrfti að vege hagsmuni ákærðu gegn almannahagsmunum. Var talið að slík nafnleynd vægi ekki þyngra en réttur almennings að fylgjast með réttarhöldunum, þar sem almenningur þyrfti að eiga möguleika á að afla sér upplýsinga um málið, meðal annars hverjir ákærðu væru og að fá að hlýða á frásögn þeirra. Sama sjónarmið má sjá í máli **Landsréttar eystra nr. U. 2011.2864Ø**<sup>115</sup>, en um var að ræða 15 og 16 ára einstaklinga sem sakaðir voru um alvarlegt líkamlegt ofbeldi. Þar sem héraðsdómur samþykkti að loka yrði þinghald til hlífðar ákærðu. En efra dómstig taldi að ekki væri grundvöllur til að loka þinghöldum í málinu þar sem réttindi þeirra yrðu tryggð með banni um að greina frá nafni þeirra. Er þetta frábrugðið framkvæmd á Íslandi þar sem fá dæmi eru um að þinghald hjá sakborningum sé opið hjá einstaklingum sem eru undir 18 ára aldri á Íslandi.

Ef lítið er til 2. töluliðs ákvæðisins má sjá að sérstaka vernd er að finna vegna lögreglumanns sem gefur skýrslu og nauðsynlegt er að hylja auðkenni hans vegna þess. Má hér ætla að það sé til verndar lögreglumanninum sem og í einhverjum tilfellum gæti það verið vegna öryggisástæðna ríkisins. Aðstæður sem á þetta hefur reynt má sjá til dæmis í **máli Landsréttar eystra nr. U.2003.2624Ø**, þar sem hleruð símtöl milli lögreglumanns og

<sup>114</sup> Vestre Landsret U.2004.658V

<sup>115</sup> Østre landsret U. 2011.2864Ø

heimildarmanns voru spiluð við meðferð málsins. Var komist að því að slíkt væri heimilt og að lögreglumaðurinn yrði að mæta sem vitni til að skýra frá aðstæðunum í kringum símtölin. Aftur á móti vegna sérstakar stöðu hans innan lögreglunnar var talið nauðsynlegt að halda auðkenni hans leyndu. Því var talið að loka þyrfti þinghaldi meðan lögreglumaður væri yfirheyrdur og símtölin yrðu spiluð. Enn fremur voru sakborningar látnir yfirgefa þinghaldið, sem undirstrikar mikilvægi reglunnar um að halda auðkenni lögglumannsins leyndu.

Áhugavert mál af sama meiði má sjá í **Landsrétti eystra nr. U.2015.1469Ø** þar sem ekki var fallist á lokað þinghald hjá lögreglumönnum, þar sem reglan fæli í sér að heimilt væri að vernda auðkenni lögglumanna, en slíkt ætti einungis við ef nauðsynlegt væri að vernda þá. Í þessu máli hafði hins vegar fyrir málsmeðferð útlit þeirra þá þegar verið gert opinbert þar sem þeir höfðu tekið þátt í löggluaðgerðum og myndir af þeim voru aðgengilegar á veraldarvefnum. Því var komist að því að ekki væru skilyrði til staðar að loka þinghaldi sérstaklega með vísan í rétt almennings að fylgjast með þinghaldi fyrir opnum töldum.

Í 3. tölulið ákvæðisins kemur fram að heimilt sé að loka þinghaldi ef opnar dyr við meðferð máls stofni öryggis einhvers í hættu. Hér væri eflaust hægt að hugsa sér vitni sem gæti orðið fyrir miklu áreiti. Í athugasemdum Karnovs er áréttað að þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu þurfi að vera nægilega ítarlegar til að leiða að því líkum að opið þinghald myndi stofna öryggi einhvers í hættu.<sup>116</sup> Dæmi um slíkt má sjá í máli **Landsréttar eystra nr. U.2023.4567** þar sem fyrrum starfsmaður dönsku leyniþjónustunnar hafði deilt trúnaðarupplýsingum. Þá var meðal annars á því byggt að vegna eðli upplýsinganna gætu þær stofnað öryggi einhvers í hættu. Komst Landsréttur eystra að því að loka þyrfti þinghaldi þar sem nánari rökstuðningur yrði að koma fram. Því er ljóst að ekki er hægt að nýta sér þetta ákvæði vegna hugsanlegrar hættu, heldur þarf visst mat að fara fram til að sýna fram á að raunveruleg hættu sé til staðar. Er höfundur þeirrar skoðunar að þetta sé rétt nálgun því annars væri mjög auðvelt að misnota undantekningarregluna.

Í 4. tölulið ákvæðisins er kveðið á um að hægt sé að loka þinghaldi ef opið þinghald myndi hindra uppljóstrun málsins. Regla fyrir þessu er að upplýsa þurfi dómstólinn um þær sérstöku ástæður sem réttlætt gætu lokað þinghald, líkt og sjá má í **máli Landsréttar eystra nr. U.2013.3045Ø** þar sem F átti að gefa skýrslu fyrir dómi í júlí, ákærvaldið óskaði eftir lokuðu þinghaldi þar sem við aðalmeðferð málsins í september sama ár átti að yfirheyra nokkur vitni og ótækt væri að þau vitni myndu hlýða á framburð F. Samþykkti héraðsdómur beiðni ákærvaldsins. Þeirri kröfu var hafnað af verjendum og blaðamönnum. Var ákvörðun

---

<sup>116</sup> sama heimild.

héraðsdóms snúið við í Landsrétti eystra á þeim rökum að málið væri upplýst og aðeins hafi verið byggt á því að vitni ætti ekki að hlýða á annað vitni en ekki hafi verið sýnt fram á að slíkt myndi torvela uppljóstrun málsins verulega. Þetta er mjög áhugavert og sést að fullkomlega skýr skilyrði eða veigamiklar ástæður þurfa að vera til hendi til að réttlæta lokað þinghald. Dæmi um slíkt má sjá í **Landsrétti vestra nr. U.2001.908V** þar sem sakborningur, var ákærður um tilraun til manndraps af gáleysi neitaði að tjá sig ef einn blaðamaður væri viðstaddur. Var því hafnað í héraðsdómi að það eitt að sakborningur vildi ekki hafa blaðamann viðstaddan væri nóg til að réttlæta lokað þinghald. Aftur á móti sneri Landsréttur vestra niðurstöðunni við með þeim rökum að vegna nærveru blaðamannsins hafi það valdið mikilli andlegri vanlíðan sakbornings, að öllu því sögðu væri andlegt ástands sakbornings það slæmt að ekki væri hægt að upplýsa málið að umræddum blaðamanni viðstöddum, því væru skilyrði til staðar að loka þinghaldi. Er þetta mjög áhugaverð niðurstaða en sést skýrt að veigamiklar ástæður þurfa að vera til staðar.

Að lokum telur höfundur mikilvægt að fara yfir heimildir þeirra sem geta kært úrskurði dómara um að loka þinghaldi. Í 1. mgr. 393. gr. dönsku dml. kemur fram að hver sem er getur kært úrskurð eða ákvörðun dómara sem tengist málinu. Eða auk málsaðila, vitna og matsmanna.<sup>117</sup> Þá er í 2. mgr. sömu gr. kveðið sérstaklega á um að einstaklingar sem tilheyri fjölmiðlum geti kært úrskurð dómara.<sup>118</sup> Er einnig kveðið á að um ritstjóra fjölmiðils sé heimilt að kæra ákvörðun jafnvel þó blaðamaður á hans vegum hafi verið viðstaddur og ekki komið fram athugasemdum um að loka ætti þinghaldi, eina sem fjölmiðillinn þarf að sanna er að sýna fram á að fulltrúi á hans vegum hafi verið viðstaddur þá ákvörðun um lokað þinghald hafi verið tekin.<sup>119</sup>

## 6.2. Noregur

Árið 2014 gerðu Norðmenn stórfelldar breytingar á norsku stjórnarskránni (Grunnloven no. Lov-1814-05-17.)<sup>120</sup>. Markmiðið með þeim var að tryggja enn fremur mannréttindi skv. norskum lögum og í raun nútímavæða mannréttindavernd í norsku stjkskr.<sup>121</sup> Fram að þeim tíma höfðu ekki gilt ítarlegar reglur um málsmeðferð fyrir dómi, heldur var aðeins stuðst við ákvæði í 96. gr. norsku stjkskr. um að engan mætti dæma án lagastoðar og ekki mætti framfylgja refsingu

<sup>117</sup> Karnov noter, um 1. mgr. 393. gr.

<sup>118</sup> Karnov noter, um 2. mgr. 393. gr.

<sup>119</sup> sama heimild.

<sup>120</sup> Hér eftir norska stjkskr.

<sup>121</sup> Arnfinn Bårdsen, „Grunnloven, straffeprosessen og strafferetten – noen linjer i Høyesteretts praksis etter grunnlovsreformen 2014“ (2017) 52 Jussens Venner 1-2.

án lagastoðar.<sup>122</sup> Fyrir árið 2014 var því aðallega litið til alþjóðlegra mannréttindasáttmála og hafði 1. mgr. 6. gr. MSE. mestu áhrifin á framkvæmd réttlátrar málsmeðferðar í Noregi. Í raun það mikil áhrif að árið 1999 var sáttmálinn lögfestur. Kveðið var á um að sáttmálinn væri réttþærri norskum lögum ef norsk lög og sáttmálann greindi á um tiltekin atriði.<sup>123</sup>

Í dag er regluna um opinbera málsmeðferð að finna í 95. gr. norsku stjkskr. Þar kemur fram að réttarhöld gegn sökuðum manni skuli vera sanngjörn og opinber. Engu að síður sé hægt að loka þinghaldi til að verja friðhelgi einkalífs aðila eða ef veigamiklir almannahagsmunir krefjast þess. Þá er áhugavert að í tjáningarfrelsisákvæði norsku stjkskr., eða í 5. mgr. 100. gr. er almenningi veitt sérstök heimild fyrir því að fylgjast með málsmeðferð fyrir dómstólum. Þó má takmarka þann rétt með lögum með tilliti til friðhelgi einkalífs og öðrum veigamiklum ástæðum. Virðist því vera sem að norsk yfirvöld hafi talið að rétturinn til að vera viðstaddur þinghöld sé sérstaklega mikilvægur þáttur í tjáningarfrelsi landsmanna. Þá er að finna í 124. gr. dómstólalaga (Lov om domstolene (domstoloven) no. LOV-1915-08-13-5.)<sup>124</sup> að dómfundir skuli vera opinberir. Gerð er nánari grein fyrir heimild dómara til að loka þinghaldi, í heild eða að hluta, í a-f. liðum 1. mgr. 125. gr. norsku dml.

Nánar tiltekið er heimildin eftirfarandi:

- a) þegar tillit til sambands ríkisins við erlent vald krefst þess,
- b) þegar sjónarmið um friðhelgi einkalífs eða heilindi krefjast þess,
- c) þegar sérstakar aðstæður gefa tilefni til að óttast að almenningur muni torvelda uppljóstrun málsins og því þarf að loka þinghaldi,
- d) þegar sakborningur er yngri en 18 ára, aðstandendur látins brotaþola, eða ákærði eða vitni krefjast þess af ástæðum sem dómurinn telur fullnægjandi,
- e) þegar vitni er yfirheyrt undir nafnleynd, sbr. 130. a. gr. sakamálalaga, eða
- f) á stríðstímum þegar sjónarmið um hernaðaraðgerðir, öryggi herdeilda eða aðrar sérstakar ástæður krefjast þess.

Tengt þessu þarf einnig að líta til 1. málslíðar 127. gr. norsku dml. sem kveður á um að þrátt fyrir að dómari kveði upp úrskurð um að loka þinghaldi í heild eða hluta, geti dómurinn engu að síður veitt öðrum aðgang en þeim sem málið varðar, ef sérstakar ástæður mæla með því. Er þarna átt við að einn eða fleiri tilteknir aðilar, eða hópur skilgreinda manna sem hafa ekkert með málið að gera, geta fengið aðgang að dómþingi sem að öðru leiti fer fram fyrir luktum dyrum. Í reynd hefur framkvæmdin verið sú að aðallega er um að ræða að fjölmiðlamenn hafa fengið aðgang að þinghaldi í alvarlegum sakamálum sem lokuð eru almenningi. Þá getur

---

<sup>122</sup> Jørgen Aall, „§ 95“ í Ola Mestad ofl. (ritstj.), *Grunnloven: historisk kommentarutgave 1814-2020* (Universitetsforlaget 2021) 985–986.

<sup>123</sup> Jon Petter Rui, „Staffeprosessen i perspektiv“ (2014) 49 Jussend Venner Universitetsforlaget 382, 439.

<sup>124</sup> Hér eftir norsku dml.



dómari kveðið á um upplýsingabann að hluta eða að öllu leiti.<sup>125</sup> Árið 2008 var réttarstaða brotþola bætt og einnig réttarstaða aðstandenda brotþola sem hefur látist með (Lov om endringer i straffeprosessloven mv. (styrket stilling for fornærmede og etterlatte no. LOV-2008-03-07-5.)) og var bætt tveimur nýjum málsliðum við 127. gr. norsku dml. þar sem tiltekið er að sérstaklega í sakamálum ætti þolandi rétt á að vera viðstaddur lokað þinghald nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Það sama gildir um aðstandendur látins brotþola. Með breytingunni var í raun framlengdur réttur hins látna brotþola yfir á aðstandendur og þeim gert jafn hátt undir höfði og lifandi brotþolum sjálfum þegar kemur að aðgangi að þinghaldi.

Af þessu er hægt að draga þá ályktun að mikil áhersla hafi verið lögð á það á löggjafarsamkundu Norðmanna að búið yrði þannig um hnútana að opinber málsmeðferð yrði höfð í heiðri. Markmiðið er þá sér í lagi að auka tiltrú landsmanna á réttarkerfinu og virðingu almennings fyrir dómstólum.<sup>126</sup>

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að greina frá því að í norsku dómstólalögunum er ekki kveðið beint á um það hverjir geta krafist rökstuðnings úrskurðar um ákvörðun dómara um lokað þinghald. Í 377. gr. laga um meðferð sakamála (Straffeprosessloven. no. LOV-1981-05-22-25)<sup>127</sup> er veitt kærueimild. Sú heimild nær til allra þeirra sem ákvörðunin hefur áhrif á. Áhugavert er í þessu tilliti að líta til **úrskurðar Hæstaréttar Noregs nr. 832/2017-U**.<sup>128</sup> Málavextir voru þeir að héraðsdómur Oslóar hafði ákveðið að loka þinghaldi í tilteknu sakamáli. Þeim úrskurði kærði norska blaðamannafélagið og norska ritstjórnarfélagið til Hæstaréttar. Rétturinn komst að því að áðurnefnd félög hefðu haft rétt til þess að kæra. Niðurstöðunni var snúið við og fyrirskipað að þinghöld í málinu skyldu vera opin. Í kjölfarið, eftir að málið var dómtekið, kærði einn sakborninga málsins niðurstöðunni og krafðist málsfrestunar á þeim grunni að mistök hefðu verið gerð í málsmeðferðinni. Hann byggði mál sitt á því að fjölmiðlar hefðu ekki rétt til að kæra úrskurði, sbr. 125. gr. norsku dml. Niðurstaðan varð sú að vísa málinu frá. Það var gert á þeim grundvelli að málflutningur væri hafinn, það þyrfti að leggja kærana fyrir norska blaðamannafélagið og norska ritstjórnarfélagið og gefa þeim tækifæri til að koma að athugasemdum og ekki væri tími til þess, þar sem málflutningur væri nú þegar hafinn. Þar sem þessum þáttum hafi ekki verið framfylgt væri ómöguleiki að ljúka málinu innan þess tíma sem sakborningur ætti málefnalegra hagsmuna að gæta. Áhugavert er þó að bent var sérstaklega á að úrskurðir, sbr. 377. gr. norsku væru kærnanlegir

---

<sup>125</sup> Ot.prp. nr. 55 (1997–1998) Om lov om endringer i rettergangslovene m.m. (kildevern og offentlighet i rettspleien). Athugasemdir um 127. gr.

<sup>126</sup> Jon Petter Rui (n. 123) 422.

<sup>127</sup> Hér eftir norsku sml.

<sup>128</sup> HR. 2017-832-U (Norges Høyesteretts ankeutvalg)

fyrir hvern þann sem ákvörðunin varðaði. Má því leiða að því líkur að Hæstiréttur Noregs hafi þó staðfest með formlegum hætti að eðlilegt sé að fjölmiðlar hafi aðgang að máli, eða að þeir hafi lögvarða hagsmuni af opnu þinghaldi í dómsmálum.

Með rannsókn sinni hefur höfundur komist að því að í dómaframkvæmd er þinghaldi oftast lokað á grundvelli b-liðar 125. gr. norsku dml. og þá aðallega í kynferðisbrotum.<sup>129</sup> Það mál sem vakti einna mesta athygli höfundar varðar er **úrskurður Hæstaréttar Noregs nr. 568-A/2019**.<sup>130</sup> Í því máli var deilt um hvort reka ætti viðkomandi mál fyrir luktum dyrum að hluta, með tilliti til friðhelgi einkalífs, sbr. b-lið 1. mgr. 125. gr. norsku dml. Ljóst var að fjallað yrði um persónuleg og viðkvæm atriði er vörðuðu heilsufar sakbornings, til að mynda skýrslur sálfræðinga og geðlækna. Þar kæmu fram meðal annars upplýsingar um starfsgetu viðkomandi, þróun sjúkdóma og greiningu. Komist var að þeirri niðurstöðu að slíkar upplýsingar væru svo viðkvæmar að eðlilegt væri að loka þinghaldi til að vernda friðhelgi einkalífs sakbornings. Þetta er áhugaverð niðurstaða sem stangast á við sambærilegan dóm sem fallið hefur á Íslandi. Fjallað er um hann í kafla 5.3.

Þá féllu mjög áhugaverðir dómar í tengslum við það hvort loka skyldi þinghaldi eður ei þegar tekin var fyrir áframhaldandi beiðni um gæsluvarðhaldskröfu lögreglunnar gagnvart hryðjuverkamanninum Anders Breivik. Málið var mjög stórt og umfangsmikið, enda um fyrsta stóra hryðjuverkið í sögu Noregs en Breivik myrti 77 manns og særði yfir tvö hundruð manns.<sup>131</sup> Í fyrra málinu, eða **úrskurði LB-2011-145752**<sup>132</sup>, hafði Héraðsdómur Oslóar kveðið upp þann úrskurð að dómþing skyldi fara fram fyrir luktum dyrum, sbr. c-lið 125. gr. norsku dml. Þó væri fjölmiðlum heimilt að vera viðstaddir dómþingið. Hið sama gilti ekki um þolendur og aðstandendur hinna látnu í málinu. Ákærvaldið krafðist lokaðs þinghalds með þeim rökum að rannsókn málsins væri skammt á veg komin. Ekki væri fullljóst hvort sakborningur hefði verið einn að verki eða ekki. Í ljósi umfangs málsins væri réttlætanlegt að loka þinghaldi vegna hættu á því að almenningur myndi torvela rannsókn málsins. Auk þess gæti háttalag eða ummæli sakbornings í þinghaldinu verið leið hans til að ná til hugsanlegra samverkamanna sinna. Einnig krafðist ákærvaldið þess með sömu rökum að fjölmiðlar fengju ekki aðgang að þinghaldinu. Um ríka almannahagsmuni væri að ræða og þeir væru yfirsterkari rétti fjölmiðlamanna til að hlýða á þinghaldið. Sér í lagi þar sem upplýsingagiöf fjölmiðla til almennings væri tryggð með reglulegum fréttamannafundum lögreglunnar. Áhugavert er að

---

<sup>129</sup> LA-2005-9522 (Adger lagmannsrett) og LA-2015-49110 (Adger lagmannsrett)

<sup>130</sup> HR. 2019-568-A (Norges Høyesteretts ankeutvalg)

<sup>131</sup> Sindre Bagstad, *Anders Breivik and the rise of Islamophobia* (Zed Books 2014) 1.

<sup>132</sup> LB-2011-145752 (Borgarting lagmannsrett)

sakborningur málsins kærði úrskurðinn þar sem hann taldi að ekkert væri því til fyrirstöðu að hafa opið þinghald. Ákærvaldið hefði ekki sýnt fram á að hann hefði haft einhverja samverkamenn heldur væri aðeins um að ræða órökstuddar tilgátur. Í röksemdum dómsins eru rök fyrir því að í ljósi mikils fjölmiðlaáhuga innanlands sem og erlendis væri hætt á því að upplýsingar myndu leka út. Var komist að því eftir heildarmat á hagsmununum í málinu að réttast væri að blaðamenn fengju ekki aðgang að þinghaldinu þar sem viðvera þeirra gæti spillt rannsókn málsins. Þá var einnig komist að þeirri niðurstöðu að meina brotaþolum og aðstandendum hinna látnu að vera viðstaddir dómþingið, þrátt fyrir að sá hópur vildi líklegast sístur allra hindra rannsókn lögreglu. Þrátt fyrir það var talið að vegna umfangs málsins væri mikil hætt á að einhver gæti óvart upplýst um það sem fram færi og þar með skaðað rannsókn lögreglu. Á síðari stigum málsins átti aftur að framlengja gæsluvarðhaldsvist yfir Breivik. Við það tilefni kom aftur upp ágreiningur sem sjá má í **úrskurði LB-2011-180900 – RG-2011-1340**.<sup>133</sup> Hafði ákærvaldið óskað eftir því að þinghaldið yrði lokað almenningi. Ákærvaldið færði fram þau rök að hætt væri á að átt yrði við sönnunargögn, þar sem sakborningurinn gæti átt í samskiptum við vitorðsmenn sína á meðan þinghaldi stæði. Engu að síður kvaðst ákærvaldið ekki mótfallið því að heimila fjölmiðlum, brotaþolum og aðstandendum hinna látnu að vera viðstaddir þinghaldið. Niðurstaðan í þessu máli var að ekki væri ástæða til að loka þinghaldinu. Talið var að einungis ætti að loka þinghaldi þegar uppi væru sérstakar aðstæður og ef ríkar ástæður mæltu með því. Auk þess hefði ákærvaldið ekki sýnt fram á hvernig Breivik ætti að geta haft samskipti við ótilgreinda mögulega vitorðsmenn sína. Enn fremur var þess getið að lögreglan hefði látið hafa eftir sér á upplýsingafundum að hún teldi að sakborningur hefði verið einn að verki.

Verður að teljast að með þessari breyttu framkvæmd hafi verið sleginn ákveðinn tónn um mikilvægi reglunnar um opið þinghald hjá norskum dómstólum. Um var að ræða líklegasta alvarlegasta sakamál í sögu Noregs og ef einhvern tímann væri réttlæt看legt að loka þinghaldi ef minnsti vafi væri á að opið þinghald gæti spillt rannsókn málsins, hefði það átt við í þessu máli. Það eitt og sér er þó ekki nóg þar sem ákærvaldið þarf að hafa raunverulega ástæðu og hafa eitthvað í höndunum til að skilyrði um að beita reglunni séu uppfyllt.

Annað mál af svipuðum toga má sjá í **úrskurði Borgarting lagmannsrett nr. LB 2021-70392**<sup>134</sup> þar sem reyndi einnig á aldur sakbornings. Um var að ræða sakborning frá Sýrlandi, 16 ára að aldri, sem hafði lagt á ráðin um að fremja hryðjuverk. Í málinu hafði verið komist að

---

<sup>133</sup> LB. 2011-180900 – RG-2011-1340 (Borgarting lagmannsrett)

<sup>134</sup> LB. 2021-70392 (Borgarting lagmannsrett)

Því að réttast væri að þinghaldið yrði lokað almenningi í ljósi aldurs sakbornings og sérstaklega þyrfti að virða friðhelgi hans. Deilt var um hvort eðlilegt væri að fjölmiðlar fengju að sitja þinghöldin og greina frá upplýsingum sem þaðan komu. Var komist að því að fjölmiðlum væri heimilt að sitja þinghöld málsins vegna gríðarlegra almannahagsmuna. Þó voru þeim reistar þær skorður að fjölmiðlar máttu ekki birta auðkennandi og viðkvæmar persónulegar upplýsingar um sakborninginn. Til þessa hefur dómari heimild, sbr. 2. mgr. 129. gr. norsku dml. Þar kemur fram að heimilt sé með úrskurði að greina frá því sem fram fer á dómþingi að hluta eða að öllu leiti. Á það við ef að hætta er á skaðlegum áhrif á mál eða þegar þinghöld eru háð í heyranda hljóði. Í raun máttu fjölmiðlar því aðeins birta niðurstöðu dómsins um það hvort sakborningur væri sakhæfur eða ekki. Þetta er mjög áhugaverð ákvörðun hjá dómstólnum. Þarna var hugsað sérstaklega um hag barnsins en samt væru almannahagsmunir svo ríkir að nauðsynlegt væri að gefa fjölmiðlum aðgang, þrátt fyrir að sakborningur bæri fyrir sig að viðvera fjölmiðlamanna myndi valda honum miklu álagi.

Annað áhugavert mál þar sem reyndi á ungan aldur sakborninga og brotaþola má sjá í **úrskurði nr. LB 2021-18721**.<sup>135</sup> Í málinu lá fyrir að þinghöld yrðu lokað hjá sex ólöggráða sakborningum sem sakaðir voru um nauðgun ólöggráða brotaþola. Í úrskurðinum var fjölmiðlamönnum veitt heimild til að vera við málflutninginn. Þó var sett það skilyrði að fjölmiðlum væri óheimilt að greina frá auðkenni sakborninga og brotaþola, sem og að birta viðkvæmar upplýsingar um þau. Hið sama gildi um vitnin í málinu. Enn fremur var fjölmiðlum ekki veitt heimild til að vera við þinghaldið á meðan fjallað væri um vettvang glæpsins. Í kjölfarið kærðu fjölmiðlamenn þeirri skerðingu á aðgangi sínum að upplýsingum sem þeir þurftu að sæta. Í úrskurðinum er fjallað ítarlega um það hversu íþyngjandi það er fyrir sakborninga og brotaþola að fjallað sé um mál þeirra í fjölmiðlum. Því var meðal annars haldið fram að málið myndi vekja mjög mikla fjölmiðlaathygli sem ætti eftir að hafa mikil áhrif á aðila málsins. Þrátt fyrir það væri rétt að leyfa fjölmiðlamönnum að sitja þinghaldið, þó með fyrrgreindum takmörkunum. Dómarinn taldi að þannig yrði aðlögun brotaþola að samfélaginu best tryggð að réttarhöldum loknum. Auk þess væri þessi niðurstaða til þess fallin að fjölmiðlar gætu rækt eftirlitshlutverk sitt.

Að þessu sögðu er augljóst að við dómaframkvæmd í Noregi er horft mjög til hlutverks og skyldna fjölmiðla. Svo virðist að ef mál eru það alvarleg, að tilefni sé til að loka þinghaldi fyrir almenningi, sé eftir fremsta megni reynt að veita fjölmiðlum aðgang að málflutningnum og þá með takmörkunum ef nauðsyn ber til. Þessi framkvæmd er annars eðlis en sú sem tíðkast

---

<sup>135</sup> LB. 2021-18721 (Borgarting lagmannsrett)

hérlandis þar sem dæmi er um að dómstólar hafi kveðið upp mismunandi niðurstöður um að fjölmiðlar hafi lögvarða hagsmuni af því að fylgjast með þinghaldi í málum sem rekin eru fyrir dómstólum.

### 6.3. Samantekt samanburðarrannsóknar

Löggjöf á Íslandi um heimildir dómara til að víkja frá meginreglunni um opinbera málsmeðferð líkist að miklu leiti löggjöf Danmerkur og Noregs nema að reglurnar er aðallega að finna í dönsku dml. og norsku dml. meðan reglurnar eru að finna í sml. hér á landi. Þær reglur sem eru frábrugðnar Íslandi er að sérstaklega er nefnt í Noregi að heimild sé til að loka þinghaldi á stríðstímum ef sérstakar ástæður krefjast þess, auk þess sem í Danmörku er getið sérstaklega um heimild til lokunar vegna sérstakra starfa lögreglumanns. Íslenska löggjöfin nær líklegast utan um þetta samt að öllu leiti, þar sem hægt væri að nýta c. lið 1. mgr. 10. gr. sml. um heimild til að loka þinghaldi vegna hagsmuna almennings eða öryggis ríkisins, ef þessar aðstæður kæmu upp.

Öll þessi lönd hafa reynt að bæta stöðu brotþola með lagabreytingum og hafa þau veitt brotþolum sérstök réttindi hvað umfjöllun ritgerðar þessarar snertir. Í danskri löggjöf eru tekin af öll tvímæli um heimildir dómara að loka þinghaldi að hluta, að minnsta kosti. Þar sem í Danmörku, líkt og farið hefur verið yfir, er dómara skylt að hlíta vilja brotþola um að loka þinghaldi þegar brotþoli gefur skýrslu í þinghaldi, sem og ef spiluð er hljóð- eða myndbandsupptaka sem tengist sakarefni málsins. Má velja því upp hvort tilefni sé til staðar að festa sambærilegar reglur í lög á Íslandi til að tryggja vilja brotþola enn fremur. Þrátt fyrir það er að jafnaði þinghöldum lokað að fullu í kynferðisbrotamálum hér á landi. Má velja því upp hvort það stafi af einhverju leiti af smæð samfélagsins. Undantekning gagnvart þessari reglu er að sjá í **Stjórnunuddara**, þar sem meðal annars var litið til vilja brotþola um að þinghöld málsins skyldu háð í heyranda hljóði. Má velja fyrir sér hvort að með þessum dómi hafi dómstólar slegið því föstu að horfa þurfi aðallega til vilja brotþolans. Má einnig nefna mál sem er til meðferðar hjá frönskum dómstólum þessi misserin, þar sem brotþoli bað sérstaklega um að hafa opið þinghald í mjög alvarlegu nauðgunarmáli á þeim rökum að meintir gerendur hennar hafi ekki viljað að þinghald væri opið.<sup>136</sup> Má velja upp þeirri spurningu hvort sjónarmið séu að breytast frá upphaflegu markmiði reglunnar um opinbera málsmeðferð til að vernda réttindi sakaðra manna, í að horft er í ríkari mæli til réttinda brotþola og almennings.

---

<sup>136</sup> Samúel Kári Ólason, „Játar að hafa leyft tugum karla að nauðga konu sinni“ (*visir.is*, 4. september 2024) <<https://www.visir.is/g/20242616413d/jatar-ad-hafa-leyft-tugum-karla-ad-naudga-konu-sinni>> skoðað 10. september 2024

Það sama á ekki við í framkvæmd hjá dómstólum Danmerkur og Noregs þar sem reynt er eftir fremsta megni að hafa þinghöld í kynferðisbrotamálum fyrir opnum dyrum svo framarlega sem það skaði ekki brotþola. Hafa mál fallið þar sem vilja brotþola er hafnað um að mál sé haft lokað að fullu og þá með vísan í að almannahagsmunir séu það ríkir að fylgjast með þinghöldunum.<sup>137</sup> Vaknar upp sú spurning hvort að gengið sé ansi nærri málsaðilum með þessari framkvæmd. Sérstaklega er hægt að horfa til **úrskurðar Borgarting lagmannsrett nr. LB 2021-1821**, þar sem haft var opið þinghald hjá sex ólögráða sakborningum sem sakaðir voru um nauðgun gagnvart ólögráða brotþola, þrátt fyrir beiðni um lokað þinghald í heild af hálfu brotþola.

Þá eru reglur skýrari í þessum löndum miðað við Ísland um hver getur krafist úrskurðar um ákvörðun dómara um að loka þinghaldi. Líkt og farið hefur verið yfir í kafla 5. hefur reynt á þessi mörk, þar sem orðalag 3. máls. 2. mgr. 10. gr. sml. er almenns eðlis, eða sá sem sættir sig ekki við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghöld eða einstakt þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum. Dómstólar á Íslandi hafa verið tvístígandi hvað varðar lögvarinn rétt fjölmiðlamanna á Íslandi, þar sem deilt var um hvort að viðkomandi sem krafðist úrskurðar væri fjölmiðlamaður í raun og veru eða ekki. Í Danmörku er í reglum sérstaklega tekið fram að fjölmiðlamenn hafi rétt til að krefjast úrskurðar dómara um lokað þinghald, einnig hefur dómaframkvæmd í Noregi sýnt fram á að litið er mjög til hlutverks og skyldna fjölmiðla og þeim gefinn aðgangur að þinghöldum eftir fremsta megni, þó undantekningar séu vissulega til staðar.

Að öllu þessu sögðu er einsýnt að lagasetning ríkjanna er svipuð og hafa nokkurn veginn sömu markmið, en dómaframkvæmd sýnir að á Íslandi er frekar horft til réttinda brotþola hvað varðar að loka þinghöldum, fremur en til réttar almennings og fjölmiðlamanna að sitja þinghöld. Virðist því vera sem að gefið sé meira svigrúm til mats sem heimili að hafa þinghald opið að hluta í Danmörku og Noregi.

Til að fá nánari sjónarmið á framkvæmd reglunnar hér á landi verður vikið að eigindlegri rannsókn sem er umfjöllunarefni næsta kafla.

## 7. Eigindleg rannsókn

Til að fá nánari sýn á framkvæmd reglunnar um opinbera málsmeðferð hér á landi taldi höfundur mikilvægt að fá upplifun mismunandi hópa af reglunni um opinbera málsmeðferð. Til þess beitti höfundur eigindlegri rannsókn. Slík rannsókn felur í sér að leitast er eftir hvernig

---

<sup>137</sup> Sjá mál Landsréttar eystra nr. U.2005.2310/1Ø.

hver og einn viðmælandi lítur á viðfangsefnið og út frá því eru dregnar niðurstöður. Kostur slíkra rannsókna er að hægt er að fá sjónarhorn frá mismunandi hópum til að draga fram heildstæða mynd af rannsóknarefninu.<sup>138</sup>

Tekin voru fyrst tvö viðtöl við tvo einstaklinga annars vegar í persónu og í gegnum Teams. Síðan voru sendir út tveir spurningalistar til annarra tveggja einstaklinga. Allir þessir einstaklingar hafa komið að dómsmálum með mismunandi hætti, nánar tiltekið fulltrúar frá dómara, fjölmiðli, brotaþola og sakborningi. Markmið rannsóknarinnar var að sýna fram á mismunandi sjónarhorn einstaklinga sem hafa reynslu af opinberri málsmeðferð. Taldi höfundur að með því væri hægt að fá mun meiri dýpt í rannsóknina, eða hvernig reglunni hefur verið beitt og hvernig einstaklingar upplifa regluna í framkvæmd, eftir því hvaðan þeir koma. Höfundur ákvað að fá viðbrögð frá viðmælendum og var visst samræmi í spurningum til þeirra, aftur á móti taldi höfundur mikilvægt að fá fram svör við sérstökum spurningum er áttu við um viðmælandann hverju sinni, með reynslu viðkomandi til hliðsjónar. Var annað hvort tekið viðtal við aðila eða sendur út spurningalisti til svars ef þess var óskað.

Sendur var spurningalisti til Jónasar Jóhannssonar dómstjóra hjá Héraðsdómi Reykjaness. Taldi höfundur að mjög mikilvægt væri að fá sjónarhorn dómara á réttarframkvæmd hér á landi og hlutverk dómara í tengslum við regluna. Tilvalið var að fá viðbrögð Jónasar, enda hefur hann langa reynslu af dómstörfum.<sup>139</sup> Hefur hann starfað við Héraðsdóm Reykjaness frá árinu 2019.<sup>140</sup>

Þá leitaði höfundur til nokkurra fjölmiðla til að fá sjónarhorn þeirra, í ljósi þess að störf þeirra eru mjög mikilvæg í tengslum við opinbera málsmeðferð. Tekið var viðtal við Freyr Gígja Gunnarsson fréttamann Ríkisútvarpsins eftir meðmæli frá Heiðari Erni Sigurfinnssyni fréttastjóra stofnunarinnar, vegna reynslu Freys af umfjöllunarefni ritgerðar þessarar.<sup>141</sup>

Því næst leitaði höfundur til Guðnýjar S. Bjarnadóttur, en hún hefur reynslu af því að hafa kært kynferðisbrot til lögreglu og er stjórnarformaður Hagsmunasamtaka brotaþola. Höfundur fór þess á leit við Guðnýju hvort einhver á hennar vegum hefði reynslu af því að hafa kært til lögreglu sem hafi leitt til ákæru og þar af leiðandi hafi haft reynslu af þinghöldum. Aftur á móti var enginn tilbúinn til þess. Guðný sjálf var þó reiðubúin að taka þátt, sem

---

<sup>138</sup> Ihugba (n. 103) 54–55.

<sup>139</sup> Jónas Jóhannsson, Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, svör við spurningalista höfundar (20. september 2024).

<sup>140</sup> Dómsmálaráðuneytið, „Jónas Jóhannsson skipaður héraðsdómari“ (*Stjórnarráð Íslands*, 26. september 2019) <<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/09/26/Jonas-Johannsson-skipadur-heradsdomari>> skoðað 20. september 2024.

<sup>141</sup> Heiðar Örn Sigurfinnsson, tölvupóstur til höfundar (2. september 2024).

höfundur þáði og var loks sendur á hana spurningalisti með það markmið að fá sjónarhorn brotþola til opinberrar málsmeðferðar.

Loks var tekið viðtal við Bjarka Magnússon fulltrúa Afstöðu, en Bjarki starfar sem sjálfboðaliði fyrir Afstöðu og hefur setið í fangelsi.<sup>142</sup> Taldi höfundur að með því að ræða við hann væri hægt að sýna fram á mikilvægt sjónarhorn sem sakaðir menn hafa að segja um sjónarmið varðandi opinbera málsmeðferð.

Í næstu köflum verður farið yfir það helsta sem kom frá hverjum og einum.

## **7.1. Viðtal við Jónas Jóhannsson dómstjóra Héraðsdóms Reykjaness**

Þann 20. september 2024 barst höfundi svar við spurningalista frá Jónasi Jóhannssyni dómstjóra Héraðsdóms Reykjaness. Aðspurður um hvað honum þætti um meginreglu sakamálaréttarfars að þinghöld skyldu háð í heyranda hljóði, svaraði Jónas að um væri að ræða eina af grunnreglum réttarfars, og að málsmeðferð í öllum sakamálum ætti að meginstefnu til að vera háð fyrir opnum dyrum og í heyranda hljóði. Kvaðst Jónas telja að frávik frá reglunni yrði að túlka þröngt og takmarka ætti ekki aðgang fjölmiðla og annarra að þinghöldum nema brýn ástæða væri til. Nefndi Jónas að hann myndi fagna því ef fjölmiðlar og almenningur væri duglegri að sitja aðalmeðferðir í opinberum málum. Kvaðst hann telja að með því væri dómurum og sakflytjendum veitt mikilvægt aðhald í vinnubrögðum og framkvæmd réttarfarsathafna. Kvaðst hann sérstaklega fagna því að nemendur í Flensborgarskóla væru duglegir að sitja aðalmeðferðir í sakamálum.

Aðspurður til hvers dómari þurfi að líta til við ákvörðun um hvort loka skuli þinghaldi í heild eða hluta, kvaðst Jónas fylgja sömu reglu og aðrir dómara við Héraðsdóm Reykjaness, eða sé sakborningur undir 18 ára aldri þá séu öll þinghöld lokuð á grundvelli 1. mgr. 10. gr. sml. Það sama ætti almennt við í kynferðisbrotamálum og málum þar sem börn eiga í hlut, sem sagt í heimilisofbeldismálum, og þá fyrst og fremst til hlífðar brotþola og börnum og eftir atvikum fjölskyldu hans eða þeirra, sbr. a-lið 1. mgr. 10. gr. sml. Kvað Jónas að fyrst og fremst yrði dómari að horfa til aðstæðna og sakargagna með tilliti til annarra staflíða ákvæðisins og eftir atvikum loka þinghaldi við aðalmeðferð að einhverju eða öllu leiti. Nefndi Jónas sem dæmi að ef sýndar eru skelfilegar myndir af látnu fórnarlambi geta verið haldbær rök fyrir því að loka þinghaldi á meðan. Áréttáði Jónas þó að beita ætti 1. mgr. 10. gr. sml. af mikilli varfærni og setja beri regluna um opinbera málsmeðferð í öndvegi.

---

<sup>142</sup> Bjarki Magnússon, fulltrúi Afstöðu, viðtal við höfund (Reykjavík 10. september 2024).



Þegar Jónas var spurður hvernig dómarrar geti haldið hlutleysi sínu í málum, ef ákvörðun um lokað eða opið þinghald er umdeild, svaraði hann að dómarrar héldu hlutleysi sínu í öllum sakamálum, hvort sem um væri að ræða opin eða lokað þinghöld. Reglurnar í 10. gr. sml. væru skýrar um heimild dómara til að loka þinghaldi en vissulega væri um matskennt ákvæði að ræða. Kvaðst Jónas ekki hafa leitt hugann að því hvort hann væri með óbeinum hætti að taka afstöðu til sakarefnis samkvæmt ákæru, en um umhugsunarverða spurningu væri að ræða.

Aðspurður um hvort einhverjar verklagsreglur væru til staðar innan dómstólsins, eða samtöl sem eigi sér stað á milli dómstóla um hvað líta beri til þegar tekin er ákvörðun um að loka þinghaldi, kvað Jónas að engar verklagsreglur væru til staðar. Aftur á móti ættu dómarrar sem fari með sakamál í óformlegum samtölum sín á milli um hvort loka ætti þinghaldi eða þinghöldum í tilteknum málum. Kvaðst Jónas að inn í þær óformlegu samræður blandist eftir atvikum sjónarmið tengd því hvort krafa sé höfð uppi um lokun þinghalds eða hvort dómari ákveði slíkt að eigin frumkvæði. Þá bætti Jónas við að fyrir lægi fordæmi æðri dómstóla um hvenær réttlæt看legt hafi verið að loka þinghaldi og rifja dómarrar jafnvel upp slík tilvik fyrir kollegum sínum í dómstólum.

Aðspurður um hvort að honum þætti ákvæði 2. mgr. 10. gr. sml. um að sá sem sættir sig ekki við ákvörðun dómara að loka þinghaldi geti krafist úrskurðar væri nógu skýrt, til að mynda hvað varðar rétt fjölmiðla, svaraði Jónas að eftir atvikum mætti kveða skýrar á um rétt fjölmiðla, og þá allt eins hins almenna borgara. Kvaðst hann þekkja það í starfi sínu sem dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness að fjölmiðlar hefðu leitað til hans vegna ákvörðunar annarra dómara réttarins sem væru ekki sáttir. Í þeim tilvikum sagðist hann alltaf benda fjölmiðlum á rétt þeirra til að krefjast úrskurðar og nefna dómafordæmi um slíkt.

Þegar Jónas var inntur eftir hvort hann teldi að önnur sjónarmið ættu við um opið eða lokað þinghald í vændiskaupamálum, fremur en öðrum kynferðisbrotamálum, sagðist hann persónulega séð ekkert vera því til fyrirstöðu að slíkt mál væru rekin fyrir opnum dyrum, þó ávallt með þeim fyrirvara að kannaður sé hugur og vilji hjá geranda og þolanda. Aðspurður út í **Stjórnunuddaramálið** þar sem ákveðið var að þinghöld málsins skyldu háð fyrir opnum dyrum, meðal annars vegna vilja brotþola, kvaðst Jónas í grunninn væri hann sömu skoðunar og Landsréttur, það er að vilji brotþoli að þinghöld séu opin þá fækki þeim atriðum sem líta þarf til og meta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 10. gr. sml. Aftur á móti þyrfti að meta hvort ástæða væri til að hlífa geranda og vandamanni/vandamönnum hans. Þótt almennt séð sé kastljósi ekki beint að geranda og nákomnum hans megin þarf engu að síður að meta þetta hverju sinni. Aðspurður hvort að honum þætti tilefni til að festa sérstaklega í reglur hér á

landi að þinghald skuli fara fram fyrir luktum dyrum meðan brotaþoli gefur skýrslu, sbr. 29. gr. a. dönsku dml. svaraði Jónas að þinghöld í kynferðisbrotamálum séu að jafnaði lokuð og skýrslugjöf brotaþola fari þannig alltaf fram fyrir luktum dyrum. Kvaðst hann telja að löggjöf og framkvæmd hér á landi þarfnist ekki breytinga af þeim sökum.

Spurður hvort hann teldi að eftir að fest hafi verið endanlega með lögum nr. 54/2024 heimild dómara að þinghald geti farið fram í gegnum fjarfundarbúnað myndi hafa áhrif á hvort þinghöld yrðu lokuð eða opin kvaðst Jónas fagna því að Alþingi hafi fest þessa reglu í lögum, en að hans mati væru ekki bein tengsl á milli þess og ákvörðunar um hvort loka ætti dyrum á grundvelli 10. gr. sml. Jónas sagðist telja að í framtíðinni myndi þetta ákvæði aðallega nýtast ef brotaþoli myndi óska eftir að gefa skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað til að forðast beint návígi við sakborning og að virða ætti þann rétt.

Þá var Jónas spurður út í hvort að hans mati opinber málsmeðferð myndi styrkjast ef farið væri eftir leiðbeiningum Evrópuráðsins er kveði á um að til að tryggja opinbera málsmeðferð í málum þegar notast sé við fjarfundarbúnað skuli koma á fót beinu streymi frá þinghöldum og að upptökur verði gerðar aðgengilegar á vefsíðum dómstólanna. Kvaðst Jónas ekki treysta sér til að svara þessari spurningu. Aftur á móti væri á vefsíðum héraðsdómstóla tekið skýrt fram með góðum fyrirvara að sakamál séu til meðferðar á tilteknum degi og tíma. Með þeim hætti sé fjölmiðlum og almenningi gefinn kostur á að mæta og sitja þinghöld. Að sama skapi væri auglýst hvaða mál væru háð fyrir luktum dyrum og væri það til þess fallið að kveikja „aðvörunarbjöllur“ fjölmiðla gagnvart því að krefjast úrskurðar um lokun þinghalds.

Að lokum var Jónas spurður hvort hann vildi bæta einhverju við í lokin, svaraði hann að réttarfar væri í eðli sínu dýnamískt og allir sem að dómsmálum kæmu þyrftu að vera vakandi fyrir breyttum áherslum og dómaframkvæmd Hæstaréttar og MDE.<sup>143</sup>

## 7.2. Viðtal við Freyr Gígja Gunnarsson fjölmiðlamann

Viðtal var tekið þann 9. september 2024 við Frey Gígja Gunnarsson fréttamann hjá Ríkisútvarpinu. Aðspurður um eigin reynslu í málum er tengjast opinberri málsmeðferð kvaðst Freyr hafa setið mörg þinghöld og taldi hann að reynsla sín af dómstólum væri frekar góð. Fullyrti Freyr að dómara væru frekar aðgengilegir, að frátöldum sumum dómstólum úti á landi sem honum fannst birta dóma seint og illa, auk þess sem þeir uppfæri dagskrána seint og illa. Kvað Freyr að slíkt gerði vinnu fjölmiðlamanna erfiðari fyrir varðandi að vita ekki hvaða mál væri á dagskrá.

---

<sup>143</sup> Jónas Jóhannsson, Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, svör við spurningalista höfundar (Reykjavík 20. september 2024).

Höfundur spurði hvert hans mat væri á hlutverki fjölmiðla í tengslum við opinbera málsmeðferð kvaðst Freyr telja að fjölmiðlar spili lykilhlutverk. Það væri mjög mikilvægt að flytja fréttir frá opinberum réttarhöldum til að fólk viti að kerfið virki, því fólk hafi rétt á að vita hvernig réttarkerfið virkar, hvort það sé búið að dæma þennan eða hinn.

Aðspurður hvað honum þætti um meginreglu sakamálaréttarfars að þing skuli háð í heyranda hljóði, svaraði Freyr að reglan væri algert lykilatriði í samfélögum manna, þar sem aldrei væri gott ef eitthvað væri að jafnaði haft fyrir lokuðum dyrum, þó að skiljanlega væru sjálfsagðar undantekningar líkt og í kynferðisbrotamálum og málefnum barna. Nefndi Freyr til dæmis **Fjarðarkaupsmálið** sem fjölmiðlar hefðu sýnt lokuðu þinghaldi skilning enda börn sem komu við sögu. Kvað Freyr að fjölmiðlar hefðu að jafnaði skilning á því þegar þinghöldum væri lokað þar sem dómgreind þeirra væri býsna góð í þessum málum, þó væru að sjálfsögðu undantekningar líkt og í máli Birnu Brjánsdóttur,<sup>144</sup> þegar ákveðið var að loka þinghaldi á meðan réttarmeinafræðingur gæfi skýrslu. Það sama hafi átt við í **Dómi Landsréttar 24. nóvember 2023 í máli nr. 342/2023** þegar að fjölmiðlar hafi ekki mátt greina frá skýrslutökum í fleiri vikur.<sup>145</sup>

Spurður að hvort honum þætti dómarrar hafa of víðtækan rétt til að meta hvort loka eigi þinghaldi eður ei, fannst Frey það ekki. Hans reynsla af dómskerfinu væri mjög góð og að dómarrar væru að jafnaði mjög meðvitaðir um að fjölmiðlar sýni ákveðnum málum áhuga og taki ábendingum fjölmiðlum vel. Nefndi Freyr sem dæmi að hann hafi sjálfur séð á dagskrá dómstólsins að mál eigi að vera í litlum dómsal, sem vitað eru að fjölmiðlar munu veita athygli. Kvaðst Freyr hafa sent dómara málsins tölvupóst og greint honum frá því og þá hafi verið hans reynsla að reynt væri að bregðast við því. Þá greindi Freyr frá því að það eina sem hann gæti sett út á af eigin reynslu væri fyrrgreind ákvörðun um að loka þinghaldi í **Thomas Moller** því að hans mati hefði dómarrinn átt að treysta dómgreind fjölmiðlamanna. Freyr sagði að þetta væri spurning um *prinsipp*, hann áréttaði þó að honum þætti dómarrar að jafnaði ekki halla á fjölmiðlamenn fremur en aðra.

Aðspurður hvernig blaðamenn finni meðalveg þess að gæta að friðhelgi einkalífs en á sama tíma uppfylla skyldu sína að upplýsa almenning svaraði Freyr að fjölmiðlamenn þurfi að treysta á dómgreind sína. Taldi Freyr að þeir þyrftu að greina frá því sem skiptir máli fyrir sakamálið sem verið væri að fjalla um. Nefndi hann sem dæmi að stundum sé mikilvægt hvort aðili máls sé andlega veikur eða ekki. Kvað Freyr að vinnsla svona upplýsinga lærðu

---

<sup>144</sup> Sjá hér: Sólrún Lilja Ragnarsdóttir „Ber vitni fyrir luktum dyrum“ (*mbl.is*, 1. september 2017)

<[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/01/ber\\_vitni\\_fyrir\\_luktum\\_dyrum/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/01/ber_vitni_fyrir_luktum_dyrum/)> skoðað 15. september 2024.

<sup>145</sup> Sjá hér: [www.visir.is/g/20232378044d/stora-kokain-malid-sem-fjol-midlar-mega-all-ekki-fjalla-um-strax](http://www.visir.is/g/20232378044d/stora-kokain-malid-sem-fjol-midlar-mega-all-ekki-fjalla-um-strax)

fjölmiðlamenn að vinna úr, en vissulega væri hvert mál fyrir sig matsatriði. Í kjölfarið spurði höfundur hvort það mat væri í höndum blaðamannanna sjálfra, eða hvort einhvers konar reglur væru innanhúss sem unnið væri eftir. Svaraði Freyr að ekki væru til staðar sérstakar reglur innanhúss en að blaðamenn Ríkisútvarpsins færu eftir siðareglum, þar væri meðal annars sérstaklega talað um að ef börn eigi hlut í máli eigi að gæta hófs í umfjöllun. Ásamt því að það væri mikilvægt að koma megindráttum máls til skila en ekki missa sig í smáatriðum sem engu skipta.

Aðspurður hvort hann teldi að í einhverjum sérstökum málum ættu fjölmiðlar sérstakan rétt á að fá að fylgjast með í heyranda hljóði, svaraði Freyr að slíkt ætti við um morðmál. Það væri um að ræða alvarlegustu glæpi sem hægt væri að fremja. Taldi hann að það væri frekar skrítið að til dæmis **Sandgerðismálið** hafi verið haldið fyrir luktum dyrum.<sup>146</sup> Það sama fannst Frey eiga við um morðmál þar sem móðir sætir ákæru fyrir að hafa ráðið syni sínum bana í Nýbýlavegi í Kópavogi.<sup>147</sup> Kvaðst Freyr vera á því að um væri að ræða alvarlegasta glæp sem hægt er að fremja og því væri skrítið að hafa lokuð þinghöld í þess háttar málum, til dæmis vegna fjölskyldutengsla. Beita ætti reglunni í algerum undantekningartilfellum eins og gert var í **Fjarðarkaupsmálinu**, þar sem börn voru sakborningar.<sup>148</sup> Þá spurði höfundur Frey hvað honum þætti um þá framkvæmd að í Danmörku og Noregi væru kynferðisbrotamál oftár háð í heyranda hljóði, heldur en hér á landi, svaraði Freyr að honum þætti það mjög áhugavert, en þó væri þessi heimild vissulega til staðar líkt og í máli **stjórnunuddarans**, þar sem brotþoli hafi krafist þess að mál yrði háð í heyranda hljóði.

Þá spurði höfundur hvort Freyr teldi tilefni til að breyta orðalagi 2. mgr. 10. gr. sml. úr að sá sem ekki sættir sig ekki við ákvörðun dómara um lokað þinghald geti krafist úrskurðar, í að fjölmiðlamenn væru nefndir í ákvæðinu, svaraði Freyr að honum myndi finnast það sniðugt til að senda skilaboð um mikilvægi fjölmiðlamanna. Aftur á móti að þá næði ákvæðið einnig utan um rétt fjölmiðlamanna, auk þess að dómara hafi ekki haft tilhneigingu til að líta ekki til vilja þeirra sem og athugasemda þeirra að jafnaði.

Aðspurður hvort hann teldi einhverja breytingu verða við framkvæmd opinberrar málsmeðferðar eftir að fest hafi verið með lögum nr. 53/2024 að þinghald geti farið fram í gegnum fjarfundarbúnað, svaraði Freyr að hann teldi ekki svo vera nema að það myndi bæta

---

<sup>146</sup> „Lokað þinghald í manndrápsmáli í Sandgerði“ (n. 89)

<sup>147</sup> „Aðalmeðferð í Nýbýlavegsmálinu hafin“ (*mbl.is*, 12. september 2024)

<[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/09/12/adalmedferd\\_i\\_nybylavegsmalinu\\_hafin](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/09/12/adalmedferd_i_nybylavegsmalinu_hafin)> skoðað 23. september 2024.

<sup>148</sup> Ingibjörg Sara Guðmundsdóttir, „Aðalmeðferð hafin fyrir luktum dyrum“ (*ruv.is*, 4. október 2023)

<<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-10-04-adalmedferd-hafin-fyrir-luktum-dyrum-393081>> skoðað 11. september 2024 og Lrd. 7. júní 2024 í máli nr. 856/2023.

upplýsingagjöf. Kvaðst Freyr fagna því gríðarlega ef þinghöldum yrði streymt í heyranda hljóði og upptökur svo gerðar aðgengilegar á heimasíðum dómstóla.<sup>149</sup>

### 7.3. Viðtal við Bjarka Magnússon fulltrúa frá Afstöðu

Tekið var viðtal við Bjarka Magnússon fulltrúa frá Afstöðu, félags fanga á Íslandi. Bjarki veitir lögfræðiráðgjöf sem sjálfboðaliði fyrir Afstöðu og hefur einnig reynslu af því að hafa verið ákærður og dæmdur og þar af leiðandi setið þinghöld sem aðili máls.<sup>150</sup>

Aðspurður hvað honum þætti um opinbera málsmeðferð svaraði Bjarki að hér áður fyrr hafi einstaklingar þurft að nálgast dóma í skúffur héraðsdómara og að hans mati væri gríðarlega mikilvægt að almenningur hefði greiðan aðgang að því hvernig dæmt sé í málum. Þá kvaðst hann vera þeirrar skoðunar að meginreglan ætti að vera opið þinghald en gagnrýndi harðlega að nauðsynlegt væri að nafngreina einstaklinga við þinghald og í dómsúrlausnum á heimasíðum dómstólanna. Kvaðst Bjarki telja að slíkt væri ekki nauðsynlegt til að ná fram reglunni um opinbera málsmeðferð. Aðspurður um hvernig hann sæi fyrir sér ná fram reglunni um opinbera málsmeðferð en ekki birta nöfn ákærðu svaraði Bjarki að verjandi, saksóknari og dómari væru ekki ávarpaðir með nafni í þinghaldi, auk þess að þeir klæddust skikkjum við meðferð máls, í þeim tilgangi að taka einstaklingana „frá hlutverki þeirra“. Að mati Bjarka eigi það sama að eiga við um ákærða menn til að afpersónugera aðila í sakamálum. Aðspurður um ástæðu þess hann teldi þetta nauðsynlegt kvað hann það vera því að fjölmiðlar einbeittu sér aðallega að því að greina frá nafni einstaklinga og birta af þeim myndir.

Aðspurður hvort hann teldi að dómara hefðu of víðtækan rétt til mats um hvort mál yrði háð í heyranda hljóði, svaraði Bjarki að hann teldi að dómara hefðu þröngan ramma til að loka þinghaldi. Aftur á móti nefndi Bjarki að hann hafi heyrt um mál í Frakklandi þar sem brotaþoli hafi óskað eftir opnum þinghöldum á þeim rökum að ákærðu vildu hafa þinghöld lokað,<sup>151</sup> sem hann teldi ekki hafa verið í boði hér. Þegar Bjarka var gerð grein fyrir **Stjórnunuddaradómnum** taldi Bjarki að hans mati væri óeðlilegt að aðili sem eigi aðild að máli stjórnri tilhögun réttarhalda, hann teldi það ekki góða ráðstöfun. Nánar spurður um af hverju hann teldi það óeðlilegt svaraði hann að dómara ættu að sýna óhlutdrægni, og bæði þeir og saksóknarar ættu að horfa á allt sem leitt geti til sýknu en ekki bara sektar. Taldi Bjarki að ef brotaþoli hefði áhrif á þinghaldið með þessum hætti væri dómari að vissu leiti að taka afstöðu í málinu og þar af leiðandi hægt að draga óhlutdrægni dómarsins í efa. Í kjölfarið spurði

---

<sup>149</sup> Freyr Gígja Gunnarsson, blaðamaður Ríkisútvarpsins, viðtal við höfund (Reykjavík 9. september 2024).

<sup>150</sup> Bjarki Magnússon, fulltrúi Afstöðu, viðtal við höfund (Reykjavík 10. september 2024).

<sup>151</sup> „Frenchman goes on trial charged with enlisting dozens of men to rape his drugged wife“ (n. 92)

höfundur Bjarka hvort hann teldi að óhlutdrægni dómara ætti meira við í þessum brotaflokki en öðrum ef dómari samþykkti að þinghald skyldi háð í heyranda hljóði, svaraði Bjarki að það væri ekki endilega svo. Aftur á móti væru viðkvæm sjónarmið sem tækjust á í þessum málaflokki. Nefndi Bjarki að auki að hans mati væri krafan um nafnbirtingar það sem skýrði þann þrýsting á dómara að hafa opið þinghald. Síðar í viðtalinu var komið inn á hina fyrri og seinni vændisdóma sem farið var yfir í kafla 4.3.2. og 4.6. og taldi Bjarki að þar hafi einmitt markmiðið verið fyrst og fremst að smána einstaklinga opinberlega með kröfunni um að þinghöld í málum þeirra einstaklinga væri háð fyrir opnum dyrum.

Aðspurður um hvað honum þætti að með lögum nr. 53/2024, hafi heimild dómara verið fest í lög að taka skýrslu af sakborningi, brotaþola eða vitnum og halda þinghald í heilu lagi í gegnum fjarfundarbúnað kvaðst Bjarki telja að slíkt fyrirkomulag gæti verið til bóta, það fæli í sér tímasparnað auk þess að slíkt hefði að hans mati lítil áhrif á sönnunarmat, þar sem hann vissi ekki til þess að í laganámi væri kennt að lesa í svipbrigði. Að auki taldi Bjarki að ef gætt yrði að nafnleynd, bann lagt við myndatökum og jafnvel skýrslutaka tekin í gegnum fjarfundarbúnað, væri ekki tilefni til að hafa þinghald nokkru sinni lokað, að minnsta kosti í mun minni mæli. Benti Bjarki máli sínu til stuðnings að í **Fjarðarkaupsmálinu** hafi ekki verið tilefni til að loka þinghöldum nema þegar sýndar voru upptökur af „slátrunum“ sem ættu ekki erindi við almenning.

Aðspurður hvernig hann teldi að fjölmiðlar gætu tryggt friðhelgi einkalífs sakbornings en á sama tíma uppfyllt skyldur sínar að upplýsa almenning um málsmeðferð í sakamálu áréttaði Bjarki líkt og farið hefur verið yfir að ekki væri tilefni til að tengja verknað við auðkenni manna heldur hver framkvæmdin og viðurlög brota væri. Það mætti ekki vera tilgangur með dómum að útskúfa þá frá samfélaginu.

Aðspurður sérstaklega hvað honum þætti um þinghöld hjá sakborningum undir 18 ára aldri, kvaðst Bjarki telja að setja ætti á fót unglingadómstól og að málsmeðferð ætti að fara fram sem hæfði þroska barnanna.

Þegar Bjarki var inntur eftir hvort að ekki væri um almannahagsmuni að ræða að fá að fylgjast með réttarhöldum í persónu og vita hverjir væru ásakaðir einstaklingar, eða að minnsta kosti hverjir hlytu dóm svaraði Bjarki að ekki vissi hann hvaða almannahagsmunir það væru í reynd, því það sem skipti máli væri að fækka afbrotum sem næðist ekki með smáun og refsistefnu. Benti Bjarki á að endurkomutíðni í fangelsi væri mjög há. Betra væri að ná fram

fækkun afbrota sem næðist ekki með hegningu sem fælist oft aukalega með mikilli umfjöllun um dómsmál.<sup>152</sup>

## 7.4. Viðtal við Guðnýju S. Bjarnadóttur stjórnarformann Hagsmunasamtaka brotaþola

Þann 16. september 2024 barst höfundu svar við spurningalista sem lagður var fyrir Guðnýju S. Bjarnadóttur stjórnarformann Hagsmunasamtaka brotaþola. Aðspurð hvers vegna hún hafi tekið málefni brotaþola að sér og að lýsa hvað Hagsmunasamtök brotaþola gera, svaraði hún því til að hún hafi sjálf orðið fyrir kynferðisofbeldi árið 2021 og upplifað kerfið „á eigin skinni“. Kvað hún að kerfið ynni ekki kynferðisbrotamál á réttlátan máta og að réttarstaða þolenda sem vitni væri óásættanleg. Í kjölfarið hafi hún stofnað Hagsmunasamtök brotaþola til að geta unnið markvisst að umbótum í meðferð kynferðisbrotamála og einnig tekið þátt í vitundarvakningu um kynferðisofbeldi og afleiðingar þess. Aðspurð hvort að samtökin sem hún færi fyrir stuðli að því að styðja brotaþola í réttarkerfinu svaraði Guðný að samtökin beiti sér ekki í einstaka málum né þjónusti einstaklinga beint. Heldur sé markmiðið að vinna að umbótum í réttarkerfinu sem snúa að réttindum brotaþola og verkferla þeirra stofnana sem koma að þessum málaflokki.

Þegar Guðný var spurð hvað henni þætti um opinbera málsmeðferð sem eina af meginreglum sakamálaréttarfars, svaraði hún að reglan hafi verið sett á vegna almannahagsmuna, eða til að veita dómskerfinu einhvers konar aðhald og auka tiltrú á kerfinu. Þá bætti hún við að oftar en ekki hafa þinghöld verið opin í stórum fíkniefnamálum og sumum morðmálum. Guðný velti því fyrir sér hver tilgangur reglunnar væri því að hennar mati væri það stundum geðþóttaákvörðun dómara sem réði úrslitum máls. Þá bætti Guðný við að henni sýndist sem svo að í seinni tíð hafi mál ratað í opinbera málsmeðferð sem þykja auðveldari að sanna. Að hennar mati er frekar horft til opinberrar málsmeðferðar í sakamálum, sem auðvelt er að sanna og sjaldgæfara að málum sé fylgt eftir sem enda með sýknu. Að mati Guðnýjar þykir henni ekki óeðlilegt miðað við þá dóma sem hafa fallið, sér í lagi í kynferðisbrotamálum, að lítið traust sé borið til dómstóla. Að þeim sökum taldi Guðný ekki líkur á að opinber málsmeðferð yki aðhald eða traust á dómarastéttina.

Aðspurð hvað henni þætti um að dómari þurfti að líta til við ákvörðun um hvort loka skuli þinghaldi í heild eða að hluta, svaraði Guðný að helst þyrfti að horfa til bæði hagsmuna brotaþola og hvort það varði almannahagsmuni að hafa þinghald opið að hluta eða í heild. Auk

---

<sup>152</sup> Bjarki Magnússon (n. 134)

Þess eru þolendur kynferðisbrota á öllum aldri og þar af leiðandi mismunandi hvað brotaþolar hafa getu í og hvaða almannahagsmunir ávinnast með slíku. Aðspurð hvernig dómstólar nái jafnvægi á milli réttar brotaþola, sakbornings, almennings og fjölmiðla að mál sé háð í heyranda hljóði, kvaðst Guðný telja að jafnvægi myndi aðallega nást með því að hafa lokað þinghald en þá væri eðlilegast að þeir dómar sem birtir yrðu fælu ekki í sér sektardóm né séu nafnhreinsaðir á netinu. Það er mikilvægt og varðar almannahagsmuni að almenningur hafi aðgengi að því hvernig þessi mál eru rekin fyrir dómi og einnig hver sé fundinn sekur. Þá bætti Guðný við að meðal biðtími í fangelsi væri rúmlega tvö ár og þar af leiðandi væru þessir einstaklingar úti í samfélaginu og taldi hún eðlilegt að í jafn alvarlegum brotaflokkum og þessum að það séu almannahagsmunir að vita hver hefur verið fundinn sekur um slíkt.

Aðspurð hvort Guðný teldi að líta bæri fremur til vilja brotaþola, heldur en annarra við ákvörðun um opna málsmeðferð, svaraði hún að hennar mati ætti brotaþoli að fá að ráða för, enda kynferðisofbeldi einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja gegn persónu og samkvæmt lögum. Líta þyrfti til að aldrei er höfðað mál gegn sakborningi nema það sé talið líklegt til sakfellingar, taldi hún að ef ákært yrði að eðlilegt væri að viðkomandi yrði berskjaldaður til jafns við brotaþola. „Ef þú brýtur af þér og gefin er út ákæra finnst mér viðkomandi hafa að einhverju leiti hafa fyrirgert rétti sínum til nafnleysis og ákvarðana sem þessa. Almenningur og fjölmiðlar finnst mér koma síst að þessu borði á þessum tímamarki þar sem þessi mál rata yfirleitt á vefsíðu dómstólanna,“ sagði hún. Þá bætti Guðný við að þegar kæmi að fjölmiðlaumfjöllun þótti henni umræðan oft til þess fallin að reyna að knýja fram viðbrögð en ekki til að skoða meðferð málsins með gagnrýnum augum. Nánar aðspurð um hvort að henni þætti þá að brotaþoli ætti að hafa eitthvað um það að segja hver fengi að vera viðstaddur þinghöld ef þau yrðu háð fyrir opnum dyrum, svaraði hún að slíkt væri eðlilegt til að veita brotaþola öruggt rými til að tjá sig, til þess að óviðkomandi geti ekki haft aðgang að svona viðkvæmum málaferlum. Nánar aðspurð um hvar ætti að draga mörkin, kvað hún telja það eðlilegt að aðeins nánir aðstandendur aðila máls mættu vera viðstaddir.

Aðspurð hvað henni þætti um þá framkvæmd að kynferðisbrot væru að jafnaði háð fyrir luktum dyrum kvað Guðný það eðlilegast að það væri lokað en það ætti að vera undir brotaþola sjálfum komið að opna það. Því næst sagði Guðný frá eigin reynslu, þar sem hún hafi fyrst um sinn hugsað um að óska eftir að þinghöld yrðu opin til að allir vissu hvað sá sem braut á henni hafi gert henni. Aftur á móti, kvaðst Guðný hafa lesið dóma og komist að þeirri niðurstöðu að það væri betra að hafa þinghöld lokað vegna þess enginn sækir málið fyrir brotaþola og þar með enginn sem reynir að sanna sektina. Þar sem saksóknari þarf að gæta hlutleysis og reyna að komast að sekt eða sýknu dregur það úr getu hans til að sækja málið, réttargæslumaður



þolanda hefur litla aðkomu og engin samskipti eru á milli saksóknara og brotaþola. Kvaðst Guðný telja að þetta væri mjög óvenjulegt ef líta ætti til réttlátrar málsmeðferðar.

Í rannsókn þessari hefur verið farið yfir hin fyrri og síðari vændismál og röksemdarfærslur fyrir ágreiningi í þeim efnum um lokað þinghald. Aðspurð hvort henni þætti önnur sjónarmið eiga við um lokað þinghald í vændismálum, fremur en öðrum kynferðisbrotamálum, kvaðst Guðný ekki gera greinarmun þar á milli. Að hennar mati er hún hlynnt því að vændiskaupamálum fylgi lokað þinghald, þar sem oft á tíðum er verið að verja þolendur vændis, sem sé jaðarsettur hópur. Aftur á móti kvað Guðný það vera áhugavert að þeir sem kaupa vændi þurfi í dag einungis að borga sekt og fá brotið ekki skráð á sakaskrá sína. Velti hún því upp að mesti fælingarmátturinn frá kaupendum vændis væri að birta nafn þeirra opinberlega og það ætti að gera það að minnsta kosti á sakaskrá.

Aðspurð um hvað Guðnýju þætti um að ákveðið hafði verið að hafa þinghöld opin í **Stjórnunuddaramálinu**, meðal annars á þeim rökum að afstaða brotaþola væri að hafa þinghöld opin, kvaðst hún hafa verið hlynnt þessari ákvörðun á þeim forsendum að sakborningur hafði verið fundinn sekur í héraðsdómi og í ljósi þess hversu erfitt er að fá sakfellingu í kynferðisbrotum þá hafði verið eðlilegt að líta frekar til vilja brotaþola og að sakborningur missti rétt til að fjalla áfram um málið í lokuðu þinghaldi, sérstaklega þegar almannahagsmunir kröfðust þess.

Þegar Guðný var spurð um hvort hún teldi að fjölmiðlar gættu að friðhelgi einkalífs brotaþola á sama tíma og þeir uppfylltu skyldur sínar að upplýsa um málsmeðferð í sakamálum, svaraði hún að ein leiðin til að tryggja friðhelgi einkalífs brotaþola væri að fjalla ekki jafn ítarlega um lýsingar á ofbeldinu sem var beitt, sagðist hún ekki hafa séð svona ítarlegar lýsingar í fjölmiðlum erlendis og hún sæi ekki ástæðu til þess heldur. Hún sagðist sjálf hafa í tengslum við sitt eigið mál hafa hugsað að hún gæti ekki lifað við ítarlega fjölmiðlaumfjöllun um hvað hún hafi lent í. Guðný taldi það niðurlægjandi og þjónaði engum hagsmunum. Sér í lagi taldi hún þetta ætti við í þeim málum er gerandi tengdist fjölskylduböndum. Mikilvægt væri að fara varlega í atvikalýsingar og aðra einkennandi hluta máls sem geta komið upp um hver brotaþoli sé.

Aðspurð hvort Guðný teldi nauðsyn að festa sérstaklega í lög á Íslandi að brotaþoli geti óskað eftir að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum meðan hann gefur skýrslu, jafnvel þó að kynferðisbrotamál sé að jafnaði lokað, sagði Guðný ekki telja að taka þurfi þetta fram, þar sem meginreglan er sú að þinghöld séu lokuð í kynferðisbrotamálum en spurning um hvort að bæta ætti þessum möguleika við ef búið er að taka ákvörðun um að þinghald sé opið.

Þegar Guðný var innt eftir um hvort hún teldi það góða ráðstöfun að fest hafi verið í sessi sú regla að dómara væri heimilt að halda þinghald í gegnum fjarfundarbúnað, svaraði Guðný að hún væri hrifin af þeirri ráðstöfun og fyrir því gæti verið margs konar ástæður, til dæmis gæti slíkt jafnvel flýtt fyrir meðferð mála. Að hennar mati væri þó nauðsynlegt að fjölga rannsakendum, ákærendum, dómurum og dómhúsum.<sup>153</sup>

---

<sup>153</sup> Guðný S. Bjarnadóttir, stjórnarformaður Hagsmunasamtaka brotala, svör við spurningalista höfundar (Reykjavík 16. september. 2024).

## 8. Samantekt og niðurstöður

Markmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á birtingarmynd þeirrar meginreglu sakamálaréttarfars að mál skuli flutt í heyranda hljóði. Það er, hvernig dómstólar hafa beitt reglunni í sakamálum og hvort tilefni sé til breytinga. Til að ná því markmiði fór höfundur yfir hvað fælist í reglunni, forsögu hennar og helstu atriði sem henni tengjast. Þá nálgadist höfundur viðfangsefnið frá mismunandi sjónarhornum. Rannsakaði höfundur gildandi rétt og framkvæmd á Íslandi, því næst var farið yfir gildandi rétt og framkvæmd í Danmörku og Noregi, til að fá samanburð við Ísland. Loks var beitt eiginlegri rannsókn, með að senda út spurningalista til tveggja þátttakenda og tekin voru viðtöl við tvo viðmælendur.

Að baki reglunnar um opinberra málsmeðferð búa sjónarmið er varða bæði hagsmuni málsaðila og samfélagsins alls. Um mjög mikilvæga reglu er að ræða og ákvarðanir dómara þurfa að taka mið af því að gæta jafnvægis milli þessara hagsmuna.

Niðurstaða rannsóknarinnar er að hér á landi halda dómara regluna í heiðri, með að loka ekki þinghöldum nema í algjörum undantekningartilfellum. Vissulega ræðst það af mati hvers og eins dómara. Þó er að mati höfundar stöðugt verið að horfa meira til sjónarhorna málsaðila sem og aðstandenda. Sem dæmi má sjá það í **Stjórnunuddaramálinu** þar sem meðal annars var horft til vilja brotþola um að þinghöld skyldu háð í heyranda hljóði, en meginreglan er að kynferðisbrotamál skuli háð fyrir luktum dyrum. Sama má sjá með **Sandgerðismálið** þar sem var samþykkt að beiðni ákærða að loka þinghöldum málsins, en hafnað í öðrum eldri morðmálum. Að mati höfundar er það áhugavert, sér í lagi þar sem hafnað var bón í **máli Gunnars Rúnars** um lokuð þinghöld, eftir að hann hafi játað á sig morð, auk þess sem matsmenn mátu hann ósakhæfan. Þá var þinghaldi einnig lokað meðan réttarmeinafræðingur gaf skýrslu að beiðni aðstandenda í máli **Thomas Moller**, einnig var þinghöldum lokað þegar réttarmeinafræðingur gaf skýrslu í **Mosfellsdalsdómi**. Skarast þeir úrskurðir við mál **Hrd. 24. maí í máli nr. 353/2012** þar sem bón aðstandenda í morðmáli var hafnað að loka þinghöldum.

Glöggir lesendur hafa áttað sig á að í ofangreindum samanburði eru ákvarðanir dómara að færast frá eldri fordæmum. Því er hægt að draga þá ályktun að tilhneiging dómara sé að vera ögn sveigjanlegri við mat á afstöðu málsaðila um hvort mál skuli haldið í heyranda hljóði. Að sama skapi hefur löggjafinn sett inn reglur sem setja takmörk við heimild fjölmiðla að greina frá því sem fram fer í vissum tilfellum.

Miðað við þau svör sem rannsóknarþátttakendur gáfu er helst hægt að taka úr þeim niðurstöðum að aðilar máls, það er fulltrúar brotþola og sakborninga, séu báðir ósáttir við hvernig reglan hefur verið í framkvæmd. Taldi Guðný að sakborningar væru of mikið

verndaðir, á meðan Bjarki taldi að opinber málsmeðferð væri á stundum nýtt sem aukarefsing. Miðað við þá dóma sem höfundur hefur farið yfir í ritgerð þessari láta fjölmiðlamenn oft reyna á rétt sinn til að krefjast úrskurðar. Að því sögðu er ánægjulegt að viðhorf Freys fjölmiðlamanns gagnvart dómstólum sé jákvætt og að hans upplifun sé að samband fjölmiðla og dómstóla sé að jafnaði gott. Má því draga þá ályktun að dómara geri sér vel grein fyrir mikilvægi fjölmiðla. Einnig var sjónarhorn Jónasar athyglisvert að því leiti að hann styður að brotþolar hafi meira að segja um hvort málsmeðferð sé haldin fyrir luktum dyrum, þar sem hann telur að opinber málsmeðferð í kynferðisbrotamálum valdi sakborningi ekki skaða. Þá staðfesti Jónas grun höfundar um að engar reglur séu til staðar innanhúss um hvað beri að líta til við ákvörðun, heldur eigi sér stað óformleg samtöl dómara á milli. Velta má upp hvort tilefni sé til að setja slíkar reglur, en þó þarf að passa að setja ekki reglur um allt er viðkemur störfum dómara, því þeir þurfa að hafa visst sjálfstæði í störfum sínum.

Að öllu þessu sögðu dregur höfundur þá ályktun að erfitt gæti reynst fyrir dómara að geðjast öllum við ákvörðun um að hafa þinghald opið eða lokað, að því gefnu að óeining sé uppi um hvort loka skuli þinghaldi eður ei, enda er það kannski ekki beint hlutverk þeirra.

Þá leiddi rannsókn höfundar það í ljós að framkvæmd reglunnar hér á landi sé í samræmi við framkvæmd í Danmörku og Noregi að mestu leiti. Nema að svo virðist vera sem að þinghöldum sé sjaldnar lokað í þeim löndum og reynt eftir fremsta megni að halda þinghald fyrir opnum dyrum í kynferðisbrotamálum og málefnum barna.

Að mati höfundar er ákvæði 10. gr. sml. nógu skýrt að mestu leiti. Aftur á móti væri hægt að bæta ákvæðið og leggur höfundur til tvær breytingar á ákvæðinu. Annars vegar þarf að skýra orðalag 3. málslíð. 2. mgr. 10. gr. sml. betur. Í dag er ákvæðið orðað á þann hátt að „sá sem ekki sættir sig við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghöld eða einstakt þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum.“ Orðalag ákvæðisins hefur bæði kosti og galla. Ef orðalag ákvæðisins væri fest við sérstaka málsaðila, fjölmiðla eða aðila hagsmunasamtaka væri hættu til staðar að löggjafinn myndi ekki halda í við þróun sem gæti komið upp síðar í framtíðinni varðandi hverjir ættu að geta átt rétt á að krefjast úrskurðar. Að mati höfundar gæti Ísland lært af Danmörku og tekið upp sambærilegt ákvæði í sml. sér í lagi þar sem upp hafa komið álitaefni um hvort að sá sem óskaði eftir úrskurði hafi í raun verið fulltrúi fjölmiðils eða ekki. Eðlilegt er að mati höfundar að sá sem krefjist úrskurðar á grundvelli starfa sinna sem fjölmiðlamaður sé viðkomandi að minnsta kosti starfsmaður hjá fjölmiðli skráðum á lista Fjölmiðlanefndar.

Þá ber einnig að horfa til þess að samkvæmt venju eru þinghöld að jafnaði háð fyrir luktum dyrum í kynferðisbrotamálum, þó er það ekki algilt sbr. **stjórnumuddaramálið** vegna

vilja brotþola meðal annars. Má velta fyrir sér hvort að með þessum dómi hafi dómstólar slegið því föstu að horfa þurfi að minnsta kosti til vilja brotþolans á sama hátt og sakbornings. Aftur á móti geta komið upp aðstæður þar sem brotþoli er hlynntur því að málsmeðferð sé opin nema þegar hann gefur skýrslu eða ef sýnt er hljóð- eða myndbandsupptaka sem tengist sakarefni málsins. Þá geta komið upp aðstæður þar sem ákærði er hlynntur opnum þinghöldum en brotþoli ekki. Til að bregðast við þessum tveimur álitaeftum leggur höfundur til breytingu á 10. gr. sml. og væri sú breyting eitthvað í þessa átt:

■ **10. gr.**

- Sá sem sættir sig ekki við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghöld eða einstakt þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum. Ef starfsmaður fjölmiðils eða ritstjóri fjölmiðils krefst úrskurðar skal sá fjölmiðill vera skráður á lista Fjölmiðlanefndar.
- Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal dómara vera skylt að loka þinghaldi á meðan brotþoli gefur skýrslu, óski brotþoli þess, sem og ef sýnd er hljóð- eða myndbandsupptaka sem tengist sakarefni málsins jafnvel þótt þinghöld eða einstakt þinghald sé að öðru leiti háð í heyranda hljóði.

Að lokum áréttar höfundur að um er að ræða eina mikilvægustu reglu í sakamálaréttarfari og eðlilegt er að framkvæmd hennar sé nokkuð stöðug en þróist með tímanum eins og annað. Með þessum breytingum væri þeim álitaeftum svarað sem helst koma til álita í tengslum við regluna þegar þessi ritgerð er skrifuð.

## 9. HEIMILDASKRÁ

„Aðalmeðferð í Nýbýlavegsmálinu hafin“ (*mbl.is*, 12. september 2024)  
<[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/09/12/adalmedferd\\_i\\_nybylavegsmalinu\\_hafin](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/09/12/adalmedferd_i_nybylavegsmalinu_hafin)>  
skoðað 23. september 2024

Arnfinn Bårdsen, „Grunnloven, straffeprosessen og strafferetten – noen linjer i Høyesteretts praksis etter grunnlovsreformen 2014“ (2017) 52 *Jussens Venner*

Árni Sæberg, „Aðalmeðferð í Bankastræti Clubmálinu fer fram í veislusal“ (*visir.is*, 9. júní 2023) <[www.visir.is/g/20232426153d/adalmedferd-i-bankastræti-club-malinu-fer-fra-m-i-veislusal](http://www.visir.is/g/20232426153d/adalmedferd-i-bankastræti-club-malinu-fer-fra-m-i-veislusal)> skoðað 13. september 2024

Bethel Uzoma Ihugba, *Introduction to Legal Research Method and Legal Writing* (Malthouse Press Limited 2020)

Bjarki Magnússon, fulltrúi Afstöðu, viðtal við höfund (Reykjavík 10. september 2024)

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfan Codex 2008)

Council of Europe, „Guidelines on videoconferencing in judicial proceedings“ (Council of Europe 2021) European Commission For the Efficiency of justice (CEPEJ)

Dómstólasýslan, tölvupóstur til höfundar (23. september 2024)

Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu* (Orator 1999)

— —, „Var réttarfar á þjóðveldisöld nútímalegt?“ í Garðar Gíslason (ritstj.), *Lindæla, Sigurður Lindal sjötugur 2. júlí 2001* (Hið Íslenska bókmenntafélag 2001)

— —, *Meginreglur sakamálaréttarfars*, (2. útg., Úlfjótur 2009)

— — og Kristín Benediktsdóttir, „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“ í Björg Thorarensen o.fl. (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2017)

Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir, *Fjölmiðlaréttur* (Fons Juris 2017)

„Evrópuráðið“ (*Stjórnarráðið*) <<https://www.stjornarradid.is/sendiskrifstofur/fastane-fnd-islands-hja-evropuradinu/evropuradid>> skoðað 13. september 2024

„Fá fordæmi fyrir lokuðu þinghaldi í manndrapsmáli“ (*mbl.is*, 3. ágúst 2023) <[www.mbl.is/frettir/innlent/2023/08/03/fa\\_fordaemi\\_fyrir\\_lokudu\\_thinghaldi\\_i\\_manndrapsmali](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/08/03/fa_fordaemi_fyrir_lokudu_thinghaldi_i_manndrapsmali)> skoðað 27. ágúst 2024

„Frenchman Goes on Trial Charged with Enlisting Dozens of Men to Rape His Drugged Wife“ (*France 24*, 2. september 2024) <<https://www.france24.com/en/france/20240902-french-man-goes-on-trial-charged-with-enlisting-dozens-of-men-to-rape-his-drugged-wife>> skoðað 22. september 2024

Freyr Gígja Gunnarsson, blaðamaður Ríkisútvarpsins, viðtal við höfund (Reykjavík 9. september 2024)

Guðný S. Bjarnardóttir, stjórnarformaður Hagsmunasamtaka brotaþola, svör við spurningalista höfundar (Reykjavík 16. september. 2024)

Halldóra Þorsteinsdóttir, „Skipan dómara og skilyrði um stofnun dómstóls með lögum: Landsréttarmálið og sjálfstæði dómsvalds“ (2020) 73 *Úlfjótur* 453

Heiðar Örn Sigurfinnsson, tölvupóstur til höfundar (2. september 2024)

Ingibjörg Sara Guðmundsdóttir, „Aðalmeðferð hafin fyrir luktum dyrum“ (*ruv.is*, 4. október 2023) <<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-10-04-adalmedferd-hafin-fyrir-luktum-dyru-m-393081>> skoðað 11. september 2024

Jónas Jóhannsson, Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, svör við spurningalista höfundar (20. september 2024).

Kolbeinn Tumi Daðason, „Stóra kókaínmálið sem fjölmiðlar mega alls ekki fjalla um strax“ (*visir.is*, 16. febrúar 2023) <[www.visir.is/g/20232378044d/stora-kokain-malid-sem-fjollmidlar-mega-alls-ekki-fjalla-um-strax](http://www.visir.is/g/20232378044d/stora-kokain-malid-sem-fjollmidlar-mega-alls-ekki-fjalla-um-strax)> skoðað 14. september 2023

Jon Petter Rui, „Staffeprosessen i perspektiv“ (2014) 49 Jussend Venner Universitetsforlaget 382

Jørgen Aall, „§ 95“ í Ola Mestad ofl. (ritstj.), *Grunnloven: historisk kommentarutgave 1814-2020* (Universitetsforlaget 2021)

Jónatan Þórmundsson, *Opinbert réttarfar / 2*. (2. útgáfa, útgefanda ekki getið 1980)

— —, *Opinbert réttarfar / 1*. (2. útg., Bóksala stúdenta, 1986)

Jón Steinar Gunnlaugsson, *Með lognið í fangið: Um afglöp Hæstaréttar eftir hrún* (Almenna bókafélagið 2017)

Jón Þór Ólafsson, „Um fjölmiðla og refsíakvarðanir“ (2007) *Úlfjótur* 323

Margrét Björk Jónsdóttir, „Segjast allir lítið það í rasastóru kókaínskákinni“ (*visir.is*, 3. mars 2023) <<https://www.visir.is/g/20232367556d/segjast-allir-litid-ped-i-risastoru-kokainskakinni>> skoðað 14. september 2024

Páll Sigurðsson (ritstj.), *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan Codex 2008)

Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyranda hljóði. Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 *Úlfjótur* 183

Ragnheiður Bragadóttir, „Norræna sakfræðiráðið: Norræn samvinna á sviði afbrotafræði og refsiréttar“ (2013) *Úlfjótur* 67



Róbert Spanó, „Um birtingu dóma og myndatökur í dómhúsum“ (2006) 52 Tímarit Lögfræðinga 125

Samúel Kári Ólason, „Játar að hafa leyft tugum karla að nauðga konu sinni“ (*visir.is*, 4. september 2024) <<https://www.visir.is/g/20242616413d/jatar-ad-hafa-leyft-tugum-karla-ad-naudga-konu-sinni>> skoðað 10. september 2024

Sigríður Ingvarsdóttir, „Um dómsvaldið faglegt mat á hæfni dómara og hlutverk dómara í réttarríkinu“ (2020) 54 Tímarit lögfræðinga 465

Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, „Hvað er opið þinghald á 21.öldinni?“ (2023) 76 Úlfjótur 102

Sigurður Tómas Magnússon, „Opinber málsmeðferð og hlutverk fjölmiðla“ (2005) 27 (2) Blaðamaðurinn: Félagstíðindi Blaðamannafélags Íslands. 21, 21.

Sindre Bagstad, *Anders Breivik and the rise of Islamophobia* (Zed Books 2014)

Sindri M. Stephensen, „Einkaréttarkröfur og kröfur allsherjarréttar eðlis í sakamálum“ í Tryggvi Gunnarsson o.fl. (ritstj.), *Afmælisrit: Páll Hreinsson sextugur, 20. febrúar 2023* (Fons Juris 2023)

Sólrun Lilja Ragnarsdóttir, „Ber vitni fyrir luktum dyrum“ (*mbl.is*, 1. september 2017) <[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/01/ber\\_vitni\\_fyrir\\_luktum\\_dyrum](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/01/ber_vitni_fyrir_luktum_dyrum)> skoðað 15. september 2024

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Fjölmiðlar og ungir afbrotamenn í ljósi stimplunarkenninga afbrotafræðinnar“ í Ragnheiður Bragadóttir o.fl. (ritnefnd.), *Afmælisrit Jónatan Þórmundsson sjötugur 19. desember 2007* (Bókaútgáfan Codex 2007)

Urður Egilsdóttir, „Skýrslutökum lýkur í dag“ (*mbl.is*, 6. mars 2023) <[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/03/06/skyrslutokum\\_lykur\\_i\\_dag](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/03/06/skyrslutokum_lykur_i_dag)> skoðað 14. september 2024

Valgerður Sólness, „Hlutverk dómstóla í tvöföldu refsivörslukerfi“ (2020) Tímarit lögfræðinga  
455